



Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Breiðholti



INNAN VALLAR EÐA UTAN?

Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti

Sólveig H. Georgsdóttir
Hallfríður Þórarinsdóttir





MIRRA

MIÐSTÖÐ INNFLYTJENDARANNSÓKNA REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNI

INNAN VALLAR EÐA UTAN?

**Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi
meðal innflytjendabarna í Breiðholti**

Júní 2008

Höfundar:
Sólveig H. Georgsdóttir
og
Hallfríður Þórarinsdóttir - ábyrgðarmaður

MIRRA – Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni
Júní 2008

Heiti:

Innan vallar eða utan? Rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti

Útgefandi:

MIRRA - Miðstöð InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkademíunni
Hringbraut 121, 4.h.
107 Reykjavík
Sími: 517 8484
Netfang: mirra@mirra.is
Veffang: www.mirra.is

Umbrot og textavinna: MIRRA

Kápuhönnun: Tómas Ponzi

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

© 2008 MIRRA

ISBN: 978-9979-9872-0-8

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	3
Formáli og þakkir	5
I. Inngangur	7
I.I. Skilgreiningar hugtaka	9
I.II. Tilgangur rannsóknar - rannsóknarspurningar	10
I.III. Aðferðafræði	11
I.IV. Skipulag rannsóknarskýrslu	12
1. kafli. Undirbúningur, framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar	15
1.1. Undirbúningur viðtala við fjölskyldur innflytjenda	17
1.2. Öflun þátttakenda	17
1.3. Tregða fjölskyldna til þátttöku	18
1.4. Önnur viðtöl	20
1.5. Öflun og úrvinnsla gagna	20
1.6. Samantekt	21
2. kafli. Íþrótt- og tómstundaþátttaka innflytjendabarna	23
2.1. Margvíslegt gildi íþróttar	23
2.1.1. Hlutverk íþróttar í fjölmenningsamfélagi	23
2.1.2. Leiðir íþróttarþátttaka til aukinnar og farsælli samþættingar?	23
2.1.2.1. Hvers konar samþætting?	24
2.1.2.2. Stefna og áherslur um íþróttarþátttöku innflytjenda á Íslandi	25
2.2. Staða þekkingar á Íslandi	25
2.2.1. Rannsóknir á íþróttarþátttöku skólabarna	26
2.2.2. Íslenskir grunnskólanemar af erlendum uppruna	28
2.3. Rannsóknir á Norðurlöndunum	29
2.4. Íþróttaiðkun barna í Breiðholti	30
2.5. Skráning iðkenda af erlendum uppruna í íþróttum	31
2.6. Skráning í frístundamiðstöðvunum	32
2.6.1. Taka innflytjendabörn í Breiðholti lítinn þátt í íþróttum?	33
2.6.2. Staða körfubolta hjá börnum af erlendum uppruna	34
2.7. Samantekt	36
3. kafli. Raddir af vettvangi	39
3.1. Aðgerðir til að efla íþróttarþátttöku	39
3.1.1. Frístundakortið	39
3.1.1.1. Mikilvægi íslenskukunnáttu	39
3.1.1.2. Flókið umsóknarferli	40
3.1.1.3. Fallast foreldrum hendur?	41
3.1.1.4. Bæklingaflóð	41
3.1.1.5. Vantar öðruvísi kynningu?	42
3.1.2. Íþróttafélögin - kynningar og samskipti	42
3.2. Félagslegt umhverfi og félagsleg þátttaka	44
3.2.1. Tungumálaerfiðleikar – upplýsingaflæði	46
3.2.1.1. Foreldrarnir	46
3.2.1.2. Börnin	47
3.2.2. Þjónustumiðstöðin	47
3.2.3. Sameiginlegar tómstundir fjölskyldunnar	48
3.2.3.1. Verslunarferðir	49
3.3. Hvað gera börnin í frístundum sínum?	49
3.3.1. Íþróttir upp á eigin spýtur	50
3.3.1.1. Sund	50
3.3.1.2. Fótbolti	51
3.3.2. Kirkjustarf og annað trúarlegt starf	52
3.3.3. Skátastarf	53

3.3.4. Frístundamiðstöðvarnar	54
3.4. Þátttaka barnanna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi	56
3.4.1. Áhugamál	56
3.4.2. Mikilvægi félagsskapar	57
3.4.3. Viðhorf foreldranna	58
3.4.4. Ástæður þess að barnið er ekki í íþróttum	59
3.4.4.1. Önnur tómstundamenning í heimalandinu	59
3.4.4.2. Hugmyndir um kostnað	60
3.4.4.3. Hvers vegna hætta börnin?	60
3.5. Skyldur barnanna á heimilinu	62
3.6. Vinna utan heimilis	62
3.7. Samantekt	63
4. kafli. Niðurstöður – ábendingar og tillögur	67
Ritaskrá	73

Formáli og þakkir

Rannsóknarskýrsla þessi *Innan vallar eða utan?*, er eins og undirtitill hennar gefur til kynna, afkastur af *rannsókn á þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi meðal innflytjendabarna í Breiðholti*. Hugmyndin að rannsókninni kviknaði hjá ÍR - Íþróttafélagi Reykjavíkur, í desember 2006. Aðalstjórn ÍR hafði mikinn hug á aðgerðum til að auka þátttöku barna sem voru af erlendu bergi brotin. Félagið hafði áður reynt að bjóða upp á æfingar þeim að kostnaðarlausu, en það hafði ekki skilað sér sem skyldi. Í samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts var ákveðið að ráðast í rannsókn til þess að leita skýringa á því hvers vegna börn af erlendum uppruna virtust ekki stunda íþróttir og annað skipulagt tómstundastarf í sama mæli og íslensk börn, einkum í Breiðholti. Leitaði ÍR eftir samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts og í sameiningu var ákveðið að leita til MIRRA – Miðstöðvar InnflytjendaRannsókna ReykjavíkurAkadémíunnar – um framkvæmd verksins. Vorið 2007 var settur stýrihópur yfir rannsóknina sem í sátu þau Hörður Heiðar Guðbjörnsson, framkvæmdastjóri ÍR, Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og dr. Hallfríður Þórarinsdóttir, forstöðumaður MIRRA. Ákveðið var að MIRRA yrði falin framkvæmd rannsóknarinnar.

Rannsóknin var alfarið framkvæmd fyrir styrkfé, en MIRRA lagði til húsnæði, alla aðstöðu og tækjakost. Sótt var um styrki í fjölmarga sjóði og fengust styrkir frá eftirtöldum aðilum; *Velferðarsjóði barna*, *Íþróttasjóði Menntamálaráðuneytisins*, *Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur (ÍTR)*, *Velferðarsviði Reykjavíkurborgar*, *Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí)*, *Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ)* og *Félags- og tryggingamálaráðuneyti*. Ljóst er að án þessa stuðnings hefði þetta verk aldei litið dagsins ljós. Stýrihópur og þeir sérfræðingar sem unnu að rannsókninni kunna þessum aðilum innlegustu þakkir fyrir veittan stuðning.

Aðstandendur rannsóknarinnar þakka ennfremur þeim fjölmörgu aðilum sem sýndu henni velvilja og veittu ómetanlegan stuðning við öflun upplýsinga og útvegum viðmælenda. Hér ber fyrst að telja skólayfirvöld og starfsmenn í þeim grunnskólum í Breiðholti sem veittu rannsókninni ómælt liðsinni. Fellaskóli er sá skóli í hverfinu þar sem innflytjendabörn eru fjölmennust og samvinna við hann því lykilatriði. Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Fellaskóla, Fe Galicia Isorena og Rannveig J. Hallsdóttir kennarar í nýbúadeild, Phetchada Khongchumchuen stundakennari og Gani Zogaj skólaliði fá öll sérstakar þakkir fyrir veittan stuðning. Skólastjórnendum og kennurum í Breiðholtsskóla, Hólabrekkuskóla og Seljaskóla þökkum við ennfremur óeigingjarnt liðsinni og stuðning. Framkvæmdastjóri og starfsfólk Mímis-símenntunar fær ennfremur þakkir fyrir aðstoð við öflun viðmælenda.

Þá á starfsfólk á skrifstofum ÍR, ÍSí, KSÍ, ÍTR og Hagstofu Íslands miklar þakkir skildar fyrir útvegum á ýmsum tölulegum gögnum við undirbúning og úrvinnslu rannsóknarinnar. Þóroddi Bjarnasyni prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri eru einnig færðar þakkir. Án óeigingjarns stuðnings og velvilja ofangreindra aðila hefði þessi rannsókn verið óframkvæmanleg.

Auk þess fær starfsfólk frístundaheimilisins Miðbergs, þjálfarar íþróttafélaganna ÍR og Leiknis, prestar og annað starfsfólk í kirkjum hverfisins; Breiðholtskirkju, Fella- og Hólakirkju, Seljakirkju og Mariukirkju sem rætt var við öll þakkir fyrir sitt liðsinni.

Síðast en ekki síst fá þær innflytjendafjölskyldur, foreldrar og börn þeirra sem góðfúslega veittu viðtöl, innilegustu þakkir fyrir þátttöku sína í rannsókninni. Þær opnuðu heimili sín, gáfu tíma sinn og veittu rannsakendum ómælda innsýn inn í líf sitt og áskoranir í nýju landi. Gestrisni þeirra og velvilji verður seint fullþökkuð.

Yfirumsjón og ábyrgð rannsóknar var í höndum forstöðumanns MIRRA dr. Hallfríðar Þórarinsdóttur. Að fengnum fjárstuðningi ákvað stýrihópur að ráða sérfræðing til starfa. Sólveig H. Georgsdóttir mannfræðingur var ráðin til þess og fær hún sérstakar þakkir fyrir framlag sitt og óþreytandi eljusemi við framkvæmd verksins. Auk þeirra vann Anna Wojtynska doktorsnemi í mannfræði við Háskóla Íslands að ákveðnum þáttum rannsóknarinnar, sér í lagi þeim sem lutu að viðtölum við pólskar fjölskyldur og að þýðingum á gögnum á pólsku. Stýrihópur kann Önnu bestu þakkir fyrir hennar framlag.

Fyrir hönd rannsakenda þakkar MIRRA Þorsteini Hjartarsyni framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Herði Heiðari Guðbjörnssyni framkvæmdastjóra ÍR mjög gott samstarf við framkvæmd rannsóknarinnar.

Hallfríður Þórarinsdóttir

Reykjavík, júní 2008

I. Inngangur

Því er gjarnan haldið fram að fá börn af erlendum uppruna séu virk í íþróttum á vegum íþróttafélaga borgarinnar. “Einhvern veginn eru þessi börn varla neitt hjá okkur” sagði starfsmaður á skrifstofu ÍR í viðtali vegna þessarar rannsóknar *Innan vallar eða utan?* Þegar betur er að gáð kemur í ljós að í rauninni er lítið vitað um hvað liggur að baki þessum hugmyndum, hver almenn íþróttáþátttaka er eftir hverfum, aldri, kyni og uppruna, hver þátttakan er í samanburði við innlend börn, hver munurinn er eftir uppruna, hvernig þátttakan er í einstökum greinum og á hvaða aldri brottfallið er mest í samanburði við innlend börn.

Það ætti ef til vill ekki að koma á óvart að upplýsingar um þátttöku innflytjendabarna í íþróttastarfi, hvort heldur í einstökum íþróttafélögum eða almennt, séu af skornum skammti. Upplýsingaskorturinn er að mörgu leyti lýsandi fyrir takmarkaða skráningu og þekkingu á stöðu innflytjendamála á Íslandi. Þessi skortur skrifast að hluta til á þá staðreynd að fjölgun innflytjenda til landsins hefur margfaldast á mjög stuttum tíma. Hér er rétt að staldra aðeins við og átta sig á stöðunni.

Íslenskt samfélag hefur á örfáum árum tekið gífurlegum stakkaskiptum. Um aldaradir og allt fram á allra síðustu ár var Ísland eitt af einsleitustu og fámennustu samfélögum á Vesturlöndum. Þó stéttamunar hafi vissulega gætt, einkenndist það af fáheyrðri einsleitni hvort heldur í málfarslegu, menningarlegu eða trúarlegu tilliti. Þessi einsleitni heyrir nú sögunni til.

Árið 1987 var hlutfall erlendra ríkisborgara í landinu 1.6% af heildarmannfjölda og hækkaði í 2.0% árið 1997.¹ Á þessum árum voru þeir helmingi fleiri víðast hvar á Norðurlöndunum að Finnlandi undanskildu. Í árslok 2007 voru erlendir ríkisborgarar á Íslandi hins vegar 6.8% af heildarmannfjölda eða 21.434 samtals. Á aðeins þremur árum frá 2004 til ársloka 2007 fjölgaði þeim um helming. Gífurleg efnahagsleg þensla hefur verið aðalaðdráttaraflíð og orsök þessa mikla fólksstreymis til landsins. Nú þegar virðist vera að draga úr þenslunni mætti ætla að draga muni úr innstreymi fólks en svo er þó ekki. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs (2008) fjölgaði erlendum ríkisborgurum í landinu um 2.145. Ef heldur fram sem horfir verður árið 2008 metár í nettóinnflutningi erlendra ríkisborgara til landsins. Nú er svo komið að fjöldi erlendra ríkisborgara hér á landi er með því hæsta sem gerist á Norðurlöndum (www.fjarmalaraduneyti.is: Vefrit fjármálaráðuneytisins 22. maí 2008).

Fyrir utan óvenjuhraðan vöxt eru aðrir þættir sem vert er að gefa gaum í tengslum við yfirstandandi búferlaflutninga til Íslands. Fólkið sem streymt hefur til landsins á undanförunum árum kemur víðsvegar að. Langflestir eru frá Evrópu (þ.m.t. Norðurlöndum) eða um 80% allra erlendra ríkisborgara. Næst á eftir Evrópu kemur

¹ Allar tölur sem vitnað er í inngangi eru fengnar af vefsíðu Hagstofu Íslands: www.hagstofa.is nema annað sé tekið fram. Miðað er við nýjustu tölulegar upplýsingar.

fólk frá Asíu, einkum frá Filippseyjum og Tælandi. Hlutfall asískra ríkisborgara í landinu er um 11%, afgangurinn deilist á hinar álfurnar.

Af einstökum þjóðernum eru Pólverjar fjölmennasti hópur erlendra ríkisborgara á Íslandi eða 40%. Næstir í röðinni eru Litháar sem eru rúmlega 6% og svo Þjóðverjar, um 4.6%. Mikilvægt er að benda á að í þessum tölum er einungis verið að vísa til erlendra ríkisborgara. Ríflega 6000 einstaklingum hefur verið veittur íslenskur ríkisborgararéttur frá því 1991. Ennfremur er hér þónokkuð af börnum sem fædd eru á Íslandi en eiga foreldra af erlendum uppruna. Þegar þetta allt er talið er nær lagi að heildarhlutfall þessa hóps sé í kringum 10% af heildarmannfjölda.

Ólíkt því sem gerist víðast í nágrannalöndum okkar, þar sem innflytjendur búa gjarnan samþjappaðir í borgum, er dreifing þeirra fremur jöfn yfir allt landið, þó vissulega séu þeir hlutfallslega flestir þar sem mestur efnahagsuppgangur hefur verið. Í Reykjavík er hlutfall erlendra ríkisborgara um 7.5% af mannfjölda og er rétt yfir landsmeðaltali. Það eru fleiri atriði sem einkenna hóp innflytjenda á Íslandi, atriði sem skipta jafnframt máli fyrir þessa rannsókn.

Í fyrsta lagi er það misjöfn kynjaskipting. Til skamms tíma, eða ef litið er aftur um tíu til fimmtán ár, voru konur ætíð fleiri en karlar. Kynjahlutfallið hefur breyst á allra síðustu árum og nú eru karlar um 60 % af erlendum ríkisborgurum. Þetta helgast að einhverju leyti af atvinnuframboði. Efnahagsþenslan undanfarin misseri hefur m.a birst í gífurlegum vexti í hvers konar mannvirkjagerð, hvort heldur við byggingu virkjana, verksmiðja eða annarra bygginga þar sem hlutfall hefðbundinna karlastarfa er hátt. Áætlað hlutfall erlendra starfsmanna í almennum iðnaði og mannvirkjagerð var 53% af öllum starfsmönnum í þessum greinum. Ætla má að stærstur hluti þeirra séu karlmenn (Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði: Vinnumálastofnun 19. okt. 2007).

Í öðru lagi er áberandi að hlutfall barna á móti fullorðnum er töluvert lægra en gerist að jafnaði í íbúapýði (sjá töflu um aldursdreifingu bls.18). Skýringuna á þessu misræmi er í fyrsta lagi að finna í því að hingað koma karlar í stórum stíl einir síns liðs og skilja þá fjölskylduna eftir heima. Ennfremur er um að ræða ungt barnlaust fólk (konur og karla) og svo eru mörg tilvik þar sem börnin verða eftir í heimalandinu fyrst um sinn og koma svo gjarnan síðar þegar foreldrarnir hafa komið ár sinni fyrir borð í nýjum heimkynnum.

Þó flestir innflytjendur á Íslandi séu af evrópskum uppruna er engu síður vert að undirstrika að innflytjendur eru ákaflega fjölskrúðugur hópur, hvað varðar menningarlegan bakgrunn, trúarbrögð, tungumál og reynslu. Tælensk starfskona á hjúkrunarheimili og pólskur byggingaverkamaður eiga fátt sameiginlegt utan það að vera innflytjendur á Íslandi. Stærstur hluti erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði er við störf sem ekki krefjast sérmenntunar. Upplýsingar um menntunarstig innflytjenda eru takmarkaðar og óvíst hversu margir sem hafa sérmenntun vinna sem ófaglærðir. Ljóst er að þekkingu á bakgrunni ólíkra innflytjendahópa á Íslandi – allt frá menntun, viðhorfum og gildum til ýmissa samfélagslegra þátta þ.m.t íþróttaiðkunar barna - er stórlega áfátt og þarfnast rannsókna.

I.I. Skilgreiningar hugtaka

Örrar fjölgunar og nýnæmis innflytjenda í íslensku samfélagi gætir greinilega þegar ræða á innflytjendamál á íslensku. Umræða um innflytjendamál er líka jafnný í íslensku málsamfélagi, sem endurspeglar m.a. í skorti á heildstæðni og samræmi í notkun á lykilhugtökum í málaflokknum, jafnt í orðræðu sem birtist á prenti sem í tali manna í milli.² Þetta getur valdið misskilningi þar sem ekki liggur alltaf ljóst fyrir til hvers verið er að vísa. Nauðsynlegt er því að útskýra við hvað er átt með notkun helstu hugtaka sem notuð eru í þessari rannsóknarskýrslu.

Hér verður hugtakið *sambætting* notað yfir það sem kallað er „integration“ á ensku og fleiri tungumálum.³ Sambætting er ferli sem felur í sér að innflytjendur eru samþykktir inn í samfélagið bæði sem einstaklingar og hópur. Þessi skilgreining er augljóslega mjög víð og merkingin mismunandi eftir því hvaða lönd eiga í hlut. Í þessari rannsóknarskýrslu er lögð áhersla á að sambætting er tvíhliða ferli. Annars vegar það sem snýr að innflytjendum sjálfum með sín sérkenni og mismunandi leiðir til aðlögunar og hins vegar það sem snýr að móttökusamfélaginu sjálfu með sín einkenni og mismunandi viðbrögð gagnvart þessu nýja fólki. Þar sem valdahlutföll milli þessara aðila eru ákaflega ójöfn – móttökusamfélagið hefur völd og aðgang að björgum sem innflytjendur hafa ekki – er ljóst að farsæl sambætting hvílir ekki síst á móttökusamfélaginu, opinberum stofnunum, félagasamtökum og almenningi (Penninx 2006). Stefna í innflytjendamálum er lykilatriði í þessu samhengi, hvort sem um er að ræða opinbera stefnu stjórnvalda eða stefnu einstakra félagasamtaka eins og íþróttahreyfingarinnar. Hér er því lögð áhersla á að nota hugtakið sambætting í þessu ljósi.

Í rannsóknarskýrslunni er hugtakið *innflytjandi* notað og sú merking sem notuð er í stefnuskrá stjórnvalda höfð til hliðsjónar.

Með hugtakinu *innflytjandi* (e. immigrant) er átt við útlending sem sest hefur að til langframa í landinu en er fæddur erlendis eða báðir foreldrar einstaklings séu fæddir erlendis eða hafi einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Innflytjendur eiga það sameiginlegt að hafa annað mál en íslensku að móðurmáli en með móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst. (*Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Félagsmálaráðuneytið, janúar 2007*).

Eins og bent hefur verið á er nauðsynlegt að gera skýra grein fyrir því hvað átt er við með notkun orða um börn af erlendum uppruna, sér í lagi í fræðilegri umræðu, enda er í raun um ólíka hópa að ræða og hugtakanotkun getur oft verið ruglingsleg (Hanna Ragnarsdóttir, 2007). Í þessari skýrslu eru orðin *innflytjendabörn* og *börn af*

² Rétt er að geta þess að ólíkt því sem gerist víðast hvar í málsamfélögum nágrannalanda okkar, þar sem erlend heiti eru ættleidd og aðlöguð að viðkomandi tungumáli, er hefðin í íslensku sú að finna ný orð sem eru af s.k. íslenskum málstofni.

³ Í umfjöllun um málefni innflytjenda á Íslandi hafa hugtökin *aðlögun* og *gagnkvæm aðlögun* oft verið notuð sem þýðingar á hugtakinu „integration“. Hugtakið *aðlögun* er þeim annmörkum háð að oftar en ekki er lögð sú merking í það, að um sé að ræða einhliða ferli, þ.e. að einungis innflytjendur þurfi að aðlagast sig að nýju samfélagi. Orðið *aðlögun* kemur einungis fyrir í þessari skýrslu þar sem ekki var ljóst af frumheimildinni hvort átt væri við gagnkvæmt ferli.

Hugtakið *gagnkvæm aðlögun* nær merkingu hugtaksins *sambætting* en verður örðugt í notkun þegar beita þarf sögn til að lýsa ferlinu. Sögnin að *sambætta* nær þessu ágætlega.

erlendum uppruna notuð jöfnum höndum um börn innflytjenda, óháð því hvort börnin eru fædd á Íslandi eða erlendis. Við skilgreiningu á markhópi þessarar rannsóknar *innflytjendabörn í Breiðholti og fjölskyldur þeirra* var ákveðið var að hafa til hliðsjónar Greinargerð og tillögur starfshóps um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti (Reykjavík, 2006):

Í greinargerðinni er *barn af erlendum uppruna og innflytjandi* notað um börn sem eiga erlenda foreldra og hafa ýmist fæðst hér á landi eða flust hingað. Þessi börn eiga það sameiginlegt að hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli og læra því íslensku sem annað eða þriðja tungumál.

Rétt er að geta þess að þótt sum þeirra barna sem rætt var við eigi aðeins annað foreldri sem er innflytjandi en hitt ekki, teljast þau til innflytjendabarna í rannsókninni.

I.II. Tilgangur rannsóknar - rannsóknarspurningar

Á síðustu árum hafa ýmsir aðilar sem starfa að íþrótt-, tómstunda- og velferðarmálum í Breiðholti haft áhyggjur af því að þátttaka grunnskólabarna af erlendum uppruna í íþróttum virðist vera dræm, einkum í ljósi þess að samþjöppun fjölskyldna af erlendum uppruna í hverfinu er að aukast. Á einu ári þ.e. frá 1. janúar 2007 til 1. janúar 2008 fjölgaði erlendum ríkisborgurum úr 7.5% í 9.6% af heildaríbúatölu hverfisins, eða úr 1.568 í 2.010 manns. Tölur um hlutfall í einstökum póstnúmerum hverfisins eru ekki fáanlegar en ljóst er að samþjöppun erlendra ríkisborgara er miklu meiri í póstnúmeri 111 en í póstnúmeri 109. Þetta jafngildir því að hlutfall erlendra ríkisborgara í öllu Breiðholti sé tæp 23% af erlendum ríkisborgurum í Reykjavík í heild.

Af hverju þessar áhyggjur, er ekki allt í lagi þó krakkar nenni ekki að stunda íþróttir? Ef til vill myndu sumir svara þessari spurningu játandi. En hér á landi, líkt og víða á Vesturlöndum, er engu að síður löng hefð fyrir því að börn á skólaaldri stundi íþróttir. Fjölmargar rannsóknir hafa jafnframt sýnt fram á margvíslegt gildi íþróttaiðkunar, sem stefna opinberra aðila tekur mið af. Regluleg hreyfing bætir almenna líðan og námsárangur. (Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson, 1992; Stodolska og Alexandris, 2004; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1990; Íþróttavæðum Ísland, janúar 2006).

Í nýlegri skýrslu frá Evrópusambandinu um íþróttaiðkun endurómar þetta viðhorf en þar segir, „íþróttaiðkun ýtir undir mikilvæg gildi, s.s. liðsanda, einingu, umburðarlyndi og sanngjarnan leik jafnframt því sem hún ýtir undir persónuþroska og lífsfyllingu“ (White Paper on Sport, 2004:2). Í sömu skýrslu er líka að finna viðhorf til íþróttaiðkunar minnihlutahópa, eins og innflytjenda.

Íþróttir ýta undir sameiginlega tilfinningu um að tilheyra og taka þátt og geta því líka verið mikilvægt verkfæri í samþættingu innflytjenda. Það er í þessu samhengi sem það er mikilvægt að gera íþróttaaðstöðu aðgengilega fyrir alla og stuðningur fyrir íþróttaiðkun er mikilvægur til að leyfa innflytjendum í móttökusamfélaginu að eiga samskipti á jákvæðan hátt (2004:7).

Einnig hefur oft verið bent á að íþróttaiðkun hafi ákveðið forvarnargildi gagnvart áfengis- og vímuefnaneyslu (Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl., 2003; Íþróttavæðum Ísland, 2006).

Áhyggjur af hugsanlegu þátttökuleysi innflytjendabarna, jákvætt gildi íþróttar fyrir heilsu og heill barna, ásamt hlutverki íþróttaiðkunar í samþættingarferli innflytjenda voru allt þættir sem ræddir voru í stýrihóp rannsóknarinnar. Í ljósi þeirra velti hópurinn vöngum yfir því hvaða spurningum væri mikilvægast að fá svör við í rannsókninni. Niðurstaðan var sú að fyrst yrði að svara spurningunni:

Hverjar eru ástæður dræmrar íþróttar og tómstundaþátttöku barna af erlendum uppruna í Breiðholti?

Fljótlega kom í ljós að þessar spurningar vöktu aðrar, sem ekki var alltaf auðvelt að svara. Er fjárskortur ástæðan fyrir því að innflytjendabörn skila sér ekki í íþróttir? Vita innflytjendur af Frístundakorti ÍTR? Vita innflytjendur í hverfinu af Þjónustumiðstöð Breiðholts og þeirri þjónustu sem hún veitir? Hvað með hlut íþróttar í samþættingarferli innflytjenda? Eiga innflytjendabörn sem stunda íþróttir auðveldara með að finna sig tilheyra, verða hluti af heildinni? Ef svörin við þessum spurningum eru í einhverjum tilvikum neikvæð, hvaða leiðir eru þá til úrbóta?

Áfram má spyrja: Er þátttaka barna af erlendum uppruna í raun lítil? Á hverju byggist sú vitneskja? Hvað er lítið og hvað er mikið í þessu samhengi? Er íþróttar- og tómstundaþátttaka barna í Breiðholti meiri eða minni en í öðrum hverfum? Er munur eftir kynjum, upprunalandi eða lengd dvalar í landinu? Er munur milli efra og neðra Breiðholts? Er hægt að sjá einhverjar breytingar milli ára? Hefur íþróttaiðkun af hálfu innflytjenda ótvírætt samþættingargildi? Sumar af þessum spurningum falla utan þessarar rannsóknar, en leitast er við að svara öðrum.

Það var í anda þessara hugmynda sem ákveðið var að hrinda af stað rannsókn til að kanna ástæður dræmrar þátttöku innflytjendabarna í Breiðholti, með það að markmiði að leita leiða til úrbóta.

I.III. Aðferðafræði

Rannsóknin byggir að mestu á mannfræðilegum rannsóknaraðferðum, s.k. eigindlegum aðferðum, sem fela m.a. í sér ítarleg viðtöl (s.k. djúpvíðtöl) við þátttakendur. Uppistaða rannsóknarinnar samanstendur af djúpvíðtölum við nítján fjölskyldur í Breiðholti af erlendum uppruna og tuttugu og fimm börn þeirra. Ennfremur voru tekin um fimmtán önnur formleg viðtöl við íþróttahjálfa, stjórnendur barna- og unglingastarfs frístundamiðstöðva og lykilpersónur í skólum og kirkjum í hverfinu. Þessi viðtöl voru öll tekin upp á upptökutæki og nákvæmlega afrituð. Óformleg viðtöl voru jafnframt tekin við fjölmarga aðila einkum starfsmenn félaga, stofnana og aðra sem á einn eða annan hátt vinna með innflytjendur.

Fjölmennustu innflytjendahóparnir í þeim fjórum skólum sem tóku þátt eru Pólverjar, Filippseyingar og Kosovoalbanir. Útbúið var kynningarbréf á íslensku, albönsku, ensku og pólsku, með þátttökueyðublaði sem áhugasamir foreldrar gátu

sent til MIRRA. Gert var ráð fyrir að filippseyskir foreldrar kynnu ensku. Kennarar dreifðu bréfunum til barna í skólunum.

Ennfremur var aflað tölfræðilegra upplýsinga þar sem það var hægt og átti við. Tölfræðilegra gagna var leitað m.a. hjá Hagstofu Íslands, Menntasviði Reykjavíkurborgar, sem og hjá ýmsum aðilum innan íþróttahreyfingarinnar; ÍR, ÍSÍ og KSÍ. Jafnframt var leitað fanga í prentuðum gögnum hvort heldur um var að ræða fræðilegar greinar eða önnur þau rit sem kynnu að gagnast rannsókninni. Hliðsjón var höfð af innlendum og erlendum könnunum á þátttöku barna og unglinga í íþrótt- og félagsstarfi.

Samvinna stýrihóps hófst í apríl 2007. Rannsóknin var unnin á tímabilinu ágúst 2007 – maí 2008.

I.IV. Skipulag rannsóknarskýrslu

Að loknum inngangi, skiptist rannsóknarskýrslan í fjóra kafla, sem hver um sig deilist í nokkra undirkafla. Kaflar eru númeraðir og undirkaflar sömuleiðis. Sérhverjum aðalkafla lýkur á samantekt.

Fyrsti kaflinn, ber yfirskriftina *Undirbúningur, framkvæmd og úrvinnsla rannsókna*r. Hér er gerð grein fyrir því hvaða leiðir voru farnar til að afla þátttakenda í rannsóknina, þ.e. innflytjendabarna, foreldra og annarra sem formleg viðtöl voru tekin við. Rætt er um hvaða börn teljast til innflytjendabarna, hvort og þá hvernig þau eru flokkuð í opinberum gögnum, jafnframt því sem skortur og annmarkar á flokkunum eru reifaðir. Ennfremur er greint frá því hvernig staðið var að undirbúningi viðtala við innflytjendafjölskyldur, hvaða leiðir voru farnar til að afla þátttakenda í rannsóknina og hvaða hindranir urðu á vegi rannsókna í tengslum við það. Að lokum eru úrvinnslu viðtala og meðferð tölulegra gagna gerð skil. Kaflanum lýkur á samantekt.

Íþrótt- og tómstundaráttaka innflytjendabarna er yfirskrift annars kafla. Þar er fyrst gerð grein fyrir margvíslegu gildi íþróttar og íþróttaiðkunar. Rýnt er í erlendar rannsóknir sem lúta að íþróttaiðkun innflytjenda og hugmyndina um hlut íþróttaiðkunar í samþættingu. Hér er vöngum velt yfir merkingu hugtaksins samþættingar og spurningar settar fram varðandi viðtekin viðhorf til íþróttar í þessu sambandi. Litið er á stefnu og áherslu í íþróttaiðkun innflytjenda á Íslandi hjá opinberum aðilum, bæði ríki og Reykjavíkurborg. Því næst er könnuð staða þekkingar og rýnt í rannsóknir á íþróttaiðkun skólabarna á Íslandi almennt og svo innflytjendabarna sérstaklega. Norrænar rannsóknir á íþróttaiðkun eru því næst til umfjöllunar og niðurstöður þeirra skoðaðar og bornar saman við það sem vitað er um stöðuna á Íslandi. Því næst er rýnt í íþróttaiðkun innflytjendabarna í Breiðholti sérstaklega, og tilraun gerð til að gefa sem gleggsta mynd af eiginlegri þátttöku þeirra út frá þeim gögnum sem til eru. Ennfremur eru skráningar í íþróttafélög og þátttaka þeirra í starfsemi frístundamiðstöðva skoðaðar. Þá er fjallað um hver íþróttaráttaka innflytjendabarna sé í raun og spurningum velt upp í því sambandi. Í niðurlagi er svo sagt frá nýlegu átaki til eflingar körfuboltaíðkunar meðal innflytjendakrakka í hverfinu og hvað má læra af því. Kaflanum lýkur svo á samantekt.

Þriðji og sínu lengsti kaflinn, *Raddir af vettvangi*, inniheldur úrvinnslu viðtala sem tekin voru. Hér er fyrst að finna umfjöllun um Frístundakort ÍTR sem tekið var í notkun haustið 2007 og í framhaldi af því er umfjöllun um vitneskju innflytjenda um kortið. Greint er frá helstu hindrunum varðandi kortið – tungumálaörðugleikum, kynningu, aðgangi, umsóknarferli, - sem viðmælendur bentu á að betur mætti fara.

Í öðrum hluta þriðja kafla, er rýnt í félagslegt umhverfi og félagslega þátttöku innflytjendabarna í hverfinu. Hér er greint frá viðhorfum viðmælenda til upplýsinga sem þeim berast um starfsemi skólanna, íþróttafélaganna og annarrar starfsemi í hverfinu og að hve miklu eða litlu leyti þær koma að gagni. Næst er fjallað um vitneskju viðmælenda um Þjónustumiðstöð Breiðholts og starfsemi hennar og þættinum lýkur á stuttri umfjöllun um sameiginlegar tómstundir fjölskyldunnar.

Í þriðja hluta kaflans *Raddir af vettvangi*, er kastljósinu beint að frístundum barnanna og því tómstundastarfi sem þau iðka utan skipulagðs starfs í íþróttafélögum. Hér segja viðmælendur frá íþróttaiðkun upp á eigin spýtur, kirkjustarfi og öðru starfi með trúfélögum ásamt þátttöku í skátafélögum og frístundamiðstöðvum.

Síðasti hluti kaflans lýtur að þátttöku innflytjendabarna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Rætt er um áhugamál og mikilvægi þess að ástundun fari fram í félagi við vini og kunningja. Foreldrar greina frá viðhorfum sínum til íþróttaiðkunar og annarra tómstundastarfa. Í niðurlagi þessa hluta eru reifaðar ástæður fyrir þátttöku- og/eða áhugaleysi á skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi sem og öðrum hugsanlegum hindrunum sem kunna að standa í veginum. Kaflanum lýkur á samantekt.

Í lokakafla skýrslunnar eru dregnar saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

1. kafli. Undirbúningur, framkvæmd og úrvinnsla rannsóknarinnar

Leitað var upplýsinga hjá Hagstofu Íslands um fjölda innflytjendabarna í Breiðholti samkvæmt skilgreiningunni sem gefin var í inngangi hér að framan, þ.e. þar sem annað foreldri eða bæði voru, eða höfðu verið, erlendir ríkisborgarar. Aldurshópurinn sem var í brennidepli rannsóknarinnar var 9 – 15 ára. Fjöldinn samkvæmt þessari skilgreiningu reyndist vera 290 börn. Þessi víða skilgreining á erlendum uppruna er þó ekki einhlít. Til er skráning hjá Hagstofu Íslands sem gengur einungis út frá móðurmáli barnsins⁴, þ.e. síðari helmingi skilgreiningarinnar hér fyrir ofan. Þá eru börnin 153 talsins, eða nálægt helmingi færri en ef miðað var við ríkisfang foreldra. Báðar tölurnar geta þó talist vera í samræmi við skilgreininguna hér fyrir ofan. Tölur á vef Hagstofunnar um börn með annað móðurmál en íslensku byggjast á upplýsingum frá viðkomandi skólastjórum. Fram til ársins 2005 voru skólastjórnendur beðnir að skrá börn með annað móðurmál en íslensku eftir bekk og kyni, en frá 2006 eru þessar upplýsingar tengdar kennitölu barnsins. Í upplýsingum frá Hagstofunni kom fram að skólarnir hafa ekki skráð eða uppfært upplýsingar um móðurmál foreldra reglulega⁵. Í töflu 1 má sjá fjölda 9 – 15 ára barna í Breiðholti samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni, miðað við þessar tvær skilgreiningar.

Tafla 1: Fjöldi 9 – 15 ára barna af erlendum uppruna í Breiðholti 31.12.2007

Tungumál/þjóðerni	Nemendur í 4-10 bekk skráðir með annað móðurmál en íslensku í desember 2007 (Uppl. Hagstofan)	Börn 9-15 ára þar sem foreldri hefur eða hefur haft erlendan ríkisborgararétt (Uppl. Hagstofan)
Í Breiðholti alls, pósthverfi 109 og 111		
Samtals	153	290
Hlutfall erlendra barna af heildarfjölda	7,67%	14,54%
Í pósthverfi 109: Breiðholtsskóli, Seljaskóli, Ölduselsskóli		
Samtals	73	134
Hlutfall erlendra barna af heildarfjölda	5,69%	10,45%
Í pósthverfi 111: Fellaskóli og Hólabrekkuskóli (ekki Waldorfskólinn)		
Samtals	80	156
Hlutfall erlendra barna af heildarfjölda	11,22%	21,88%

Síðar verður vikið að enn einni skilgreiningu sem skólum er skylt að fara eftir við skráningu barna af erlendum uppruna, sem er s.k. *nýbúar*, en það eru börn sem hafa dvalist skemur en fjögur ár í landinu.

Eins og fram hefur komið hér að framan sem og annars staðar, eru óhjákvæmilega ýmsir annmarkar á skráningu barna af erlendum uppruna í grunnskólum og torveldar það mjög allan samanburð á fyrirliggjandi gögnum (Hanna Ragnarsdóttir, 2007, bls. 250).

⁴ Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. (Úr Aðalnámsskrá grunnskóla 1999).

⁵ Tölvuskeyti frá Hagstofunni 5.5.2008.


Þegar litið er á bakgrunn barna af erlendum uppruna í Breiðholti kemur í ljós að Filippseyingar eru fjölmennastir meðal skólabarnanna, einkum í efra Breiðholti, síðan koma Pólverjar og börn frá ríkjum fyrrum Júgóslavíu.

Eins og sést á töflu 1 er hlutfall barna af erlendum uppruna í þessum aldurshópi annað hvort 7,67% eða 14,54% af heildarfjölda barna í Breiðholti, allt eftir því hvort gengið er út frá móðurmáli barnanna eða ríkisfangi foreldra. Hlutfallið er u.þ.b. tvöfalt hærri í efra Breiðholti (póstnr. 111) en í neðra Breiðholti og Seljahverfi (póstnr. 109). Rétt er að árétta að aldurssamsetning innflytjenda á Íslandi er önnur en þjóðarinnar í heild, þ.e. hlutfall barna innflytjenda er mun lægra en hlutfall barna af heildaríbúafjölda landsins (mynd 1). Þess vegna vekur það athygli hve hátt hlutfall barna í þessum aldursflokki er meðal innflytjenda í Breiðholti, einkum í Fella- og Hólahverfi, en 1. janúar 2008 voru 9,6% íbúa Breiðholts erlendir ríkisborgarar⁶.

Að vísu er ekki um fyllilega sambærilegar tölur að ræða, þar sem annars vegar eru erlendir ríkisborgarar og hins vegar börn foreldra sem eru eða *hafa verið* erlendir ríkisborgarar, eða sem teljast hafa annað móðurmál en íslensku. Munurinn er þó svo mikill að hann gefur ákveðnar vísbendingar um að í Breiðholti sé meiri samþjöppun innflytjendafjölskyldna en í öðrum hverfum.

Þar sem tölulegan samanburð er að finna í þessari rannsókn var valið að miða við tölur um börn erlendra foreldra, þ.e. foreldra sem eru eða hafa verið erlendir ríkisborgarar.

Mynd 1: Aldursdreifing íslenskra og erlendra ríkisborgara á Íslandi⁷



⁶ Heimild: Hagstofan, Mannfjöldadeild

⁷ Þóroddur Bjarnason: *Félagsleg staða grunnskólanema af íslenskum og erlendum uppruna*. Erindi á málþingi innflytjendaráðs og félags- og tryggingamálaráðuneytis um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda 11.1.2008

1.1. Undirbúningur viðtala við fjölskyldur innflytjenda

Útbúin var röð spurninga til að styðjast við í viðtölum við fjölskyldur, annars vegar til foreldra og hins vegar til barna. Auk spurninga um persónulega þætti eins og fjölskylduhagi, kyn, aldur, menntun foreldra og lengd búsetu í landinu var megináherslan lögð á að kanna félagsleg tengsl, daglegar umgengnisvenjur, samveru fjölskyldunnar, áhugamál barna og foreldra, þ.m.t. íþróttar- og tómstundapátttöku, líðan barna í skóla og umhverfi o.fl. Einnig var spurt um viðhorf foreldra til skóla barnanna, uppeldisaðferða, íslensks samfélags í heild og pátttöku í því, upplýsingaflæðis og þjónustu skóla og annarra stofnana. Sérstök áhersla var lögð á að kanna hvernig upplýsingar um Frístundakortið og um framboð á tómstundastarfi höfðu skilað sér til fjölskyldnanna.

Ekki var farið eftir eiginlegum spurningalista í viðtölunum, heldur voru þau látin flæða nokkuð frjálst, en þó innan þess ramma sem dreginn er hér fyrir ofan.

1.2. Öflun pátttakenda

Í upphafi var fyrirhugað að taka ítarleg viðtöl við 30 fjölskyldur innflytjenda búsettar í Breiðholti, einkum úr fjölmennustu þjóðernishópunum. Tala skyldi við bæði börn og forráðamenn þeirra. Við undirbúning þessarar rannsóknar var, eins og áður hefur komið fram, miðað við að a.m.k. annað foreldri væri af erlendum uppruna, en barnið væri fætt á Íslandi eða í öðru landi.

Ákveðið var að beina augum að tveimur aldurshópum barna, 10 og 14 ára, en ef þau ættu eldri eða yngri systkini skyldi einnig rætt við þau. Þegar rannsóknin var farin í gang var horfið frá þessari stífu aldursskiptingu og ákveðið að tala við fjölskyldur sem áttu börn á aldrinum 9 – 15 ára.

Í ágúst 2007 var byrjað að leita til grunnskólanna fimm í Breiðholti um aðstoð við að kortleggja fjölda barna af erlendum uppruna í skólunum og dreifingu þeirra eftir upprunalandi. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar og leyfi fékkst frá Menntasviði Reykjavíkurborgar til þess að skólarnir aðstoðuðu við að afla pátttakenda í rannsóknina með ákveðnum skilyrðum. Urðu fjórir skólar við þeirri beiðni, Breiðholtsskóli, Fellaskóli, Hólabrekkuskóli og Seljaskóli, en Ölduselsskóli hafnaði pátttöku. MIRRA fékk engar upplýsingar um nöfn eða kennitölur barna eða forráðamanna þeirra, heldur sendu skólarnir bréf með kynningu um rannsóknina og ósk um pátttöku til innflytjendafjölskyldna, þannig að þeir foreldrar sem vildu taka þátt hefðu sjálfir samband við MIRRA.

Fljótlega komu í ljós ýmsir annmarkar á öflun tölulegra upplýsinga samkvæmt skilgreiningunni hér að framan, þar sem skólarnir skrá ekki reglulega móðurmál foreldra eða ríkisfang. Grunnskólum borgarinnar er einungis skylt að tilkynna Menntasviði Reykjavíkurborgar um fjölda barna sem skilgreind eru sem *nýbúar*, þ.e. börn sem dvalist hafa skemur en fjögur ár á landinu. Þetta tengist fjárveitingum til skólanna vegna sérstakra stuðningsúræða við *nýbúabörn*. Þess ber að geta að sumir skólarnir hafa sérstaka “nýbúadeild” af þessum sökum, svo sem Fellaskóli. Í ljós kom að þeir fjórir skólar sem aðstoðuðu við rannsóknina skrá börn af erlendum uppruna á fjóra mismunandi vegu, sbr. töflu 2.

Tafla 2: Skráning 6 – 16 ára barna af erlendum uppruna í grunnskólum í Breiðholti

Skóli	Fjöldi barna af erlendum uppruna	Athugasemdir
Breiðholtsskóli	40	Aðeins “nýbúar”.
Fellaskóli	45	Aðeins “nýbúar”. Skólinn heldur hliðarskrá um öll börn “af erlendum uppruna” ⁸ , samtals 122.
Hólabrekkuskóli	45	Annað foreldri eða bæði tala annað tungumál en íslensku.
Seljaskóli	35	Báðir foreldrar eru af erlendum uppruna.
Ölduselsskóli	24	Báðir foreldrar eru af erlendum uppruna.
Alls	189	246 ef hliðartölur Fellaskóla eru notaðar

Til að auðvelda samanburðinn við tölur frá Hagstofunni í töflu 1 er Ölduselsskóli talinn með hér. Þó ber að hafa í huga að tafla 2 á við breiðari aldurshóp, þ.e. börn allt frá 6 ára aldri eru talin með. Tölurnar eru þær sem skólarnir létu í té vegna þessarar rannsóknar.

Rannsókninni var, eins og áður er nefnt, ætlað að ná til mun breiðari hóps en þeirra sem skilgreind eru sem *nýbúar*. Sú staðreynd að skráning barna af erlendum uppruna er svo takmörkuð sem raunin er og þegar hefur verið fjallað um, bakaði skólunum talsverða vinnu við handvinnslu upplýsinga vegna þessarar rannsóknar og olli því að umtalsverður tími fór í undirbúning.

1.3. Tregða fjölskyldna til þátttöku

Fjölmennustu innflytjendahóparnir í heild í þeim fjórum skólum sem tóku þátt eru Pólverjar, Filippseyingar og Kosovoalbanir, en hlutfall þeirra innbyrðis í einstökum skólum er mjög misjafnt. Útbúið var kynningarbréf á íslensku, albönsku, ensku og pólsku, með þátttökueyðublaði sem áhugasamir foreldrar gætu sent til MIRRA. Gert var ráð fyrir að filippseyskir foreldrar kynnu ensku. Kennarar dreifðu bréfunum til barna í skólunum. Ekki reyndist unnt að fara í einu og öllu eftir þeirri skilgreiningu markhópsins sem ákveðin var í upphafi, heldur var ákvörðun um hvaða nemendur teldust uppfylla skilyrði til þátttöku látn í hendur viðkomandi skóla.

Í október 2007 var fyrir milligöngu skólanna dreift alls 85 bréfum til nemenda í þá fjóra skóla sem þegar eru nefndir. Svör bárust aðeins frá fimm fjölskyldum sem vildu taka þátt. Ein þeirra, frá Kosovo, dró sig síðan til baka þar sem faðirinn taldi ekki ástæðu til að veita viðtal. Eins og hann sagði: “Það er allt í lagi hjá okkur, börnin eru í íþróttum og engin vandamál.”

Þegar ljóst var að foreldrar svöruðu ekki fyrirspurnum um þátttöku var brugðið á það ráð að fá lykilpersónur af erlendum uppruna í skólunum til þess að kynna rannsóknina fyrir foreldrum af þjóðerni þeirra og reyna að hvetja fólk til að taka þátt í rannsókninni. Kennari í nýbúadeild Fellaskóla dreifði 10 bréfum (á ensku) til filippseyskra fjölskyldna og skólaliði frá Kosovo, sem starfar í Fellaskóla, dreifði

⁸ Þetta er yfirskrift skólans.

öðrum 10 bréfum til albönskumælandi fjölskyldna. Fjórar filippseyskar fjölskyldur fengust í þessu átaki, en engin albönskumælandi. Skólaliðanum sem aðstoðaði þótti sú skýring sennilegust, að fólk frá Kosovo ynni gríðarlega mikið og hefði lítinn tíma. Alls var 105 kynningarbréfum dreift í skólunum með ofangreindum aðferðum.

Kennari af tælenskum uppruna hafði milligöngu um að útvega tengsl við fimm tælenskar fjölskyldur sem samþykktu að taka þátt í rannsókninni og túlkaði viðtal við eina þeirra. Einnig hafði Anna Wojtynska, doktorsnemi í mannfræði við Háskóla Íslands, milligöngu um að ná í pólskar fjölskyldur í gegnum tengslanet sitt í samfélagi Pólverja í Reykjavík. Þannig náðist þátttaka þriggja fjölskyldna.

Eigandi pólsku verslunarinnar Mini Market í Eddufelli veitti ennfremur leyfi til að láta kynningarbréf liggja frammi og var 20 eintökum á pólsku komið fyrir á áberandi stað í versluninni. Árangur af þeirri tilraun var enginn.

Þegar útséð var um að þær aðferðir sem þegar eru nefndar bæru frekari árangur var brugðið á það ráð að leita þátttakenda í rannsóknina meðal fólks sem stundaði íslenskunámskeið hjá útibúi Mímis símenntunar í Mjódd og fékkst góðfúslegt leyfi hjá framkvæmdastjóra Mímis til þess að fara inn í kennslustundir. Verkefnið var þannig kynnt fyrir um 130 manns á íslenskunámskeiðum. Það kom í ljós að mjög fáir þeirra uppfylltu skilyrðin, þ.e. að búa í Breiðholti og eiga börn á aldrinum 9 – 15 ára. Þrír pólskir þátttakendur fengust með þessu móti.

Þrátt fyrir mikla viðleitni tókst ekki að fá neinn þátttakanda úr þriðja fjölmennasta innflytjendahópnum í skólum hverfisins, þ.e. meðal albönskumælandi fólks. Með öllum þessum aðferðum náðist samanlagt í 19 fjölskyldur sem samþykktu að taka þátt í rannsókninni og veita viðtal. Viðtölin fóru öll fram á heimilum þátttakenda. Fjölskyldurnar sem tóku þátt í rannsókninni skiptust sem hér segir:

Tafla 3. Fjölskyldur sem tóku þátt í viðtalsrannsókn

Hverfi	Þjóðerni	Báðir foreldrar erlendir	Annað foreldri íslenskt	Stjúpforeldri íslenskt	Samtals
109	Bandarískt/asískt	1			1
	Filippseyskt				
	Pólskt	4			4
	Tælenskt		2	2	4
111	Filippseyskt	3		2	5
	Pólskt	2	1		2
	Tælenskt	1		1	2
Alls		11	3	5	19

Alls voru 25 börn í þessum 19 fjölskyldum, sem féllu inn í aldurshópinn. Auk þess voru eldri og/eða yngri systkini í 9 fjölskyldum, alls 11 börn. Í einni fjölskyldu áttu börnin íslenskan föður, en bjuggu með móður sinni eftir skilnað foreldranna, en í sjö fjölskyldum bjuggu börnin með íslenskum föður eða stjúpa. Það var þó misjafnt hve lengi þessi börn höfðu dvalist á Íslandi og búið á sama heimili og stjúpar þeirra, þannig að íslenskukunnátta barnanna var komin mjög mislangt á veg.

1.4. Önnur viðtöl

Auk ofangreindra viðtala við fjölskyldur innflytjenda var rætt ítarlega við lykilpersónur sem starfa með börnum og fjölskyldum af erlendum uppruna: íþróttþjálfara í Breiðholti, starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, presta og umsjónarfólk barnastarfs í kirkjum í Breiðholti og kennara í nýbúadeild Fellaskóla.

Tekin voru viðtöl við fimm þjálfara í mismunandi greinum hjá ÍR og Leikni, íþróttafélögunum sem starfa í Breiðholti. ÍR er stórt íþróttafélag með höfuðaðstöðu í neðra Breiðholti, en hluti starfseminnar fer fram á öðrum stöðum, m.a. í íþróttahúsi Fellaskóla og Austurbergi. Leiknir, sem starfar í efra Breiðholti, er eingöngu fótboltafélag. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í forráðamenn eða þjálfara í sundfélaginu Ægi, sem einnig starfar í Breiðholti.

Spurningar til þjálfara snerust m.a. um reynslu þeirra af þátttöku innflytjendabarna í viðkomandi íþróttagrein og breytingum milli ára, hugsanlegu átaki til að ná til innflytjendabarna, hvernig greinin er kynnt fyrir skólabörnum, samstarfi þjálfara og skólanna í hverfinu og samstarfi þjálfara innbyrðis.

Einnig voru tekin ítarleg viðtöl við hópstjóra barna- og unglingastarfs frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, bæði um almennt frístundastarf og einnig um hópastarf sem beinist sérstaklega að innflytjendum og er unnið í samvinnu við skólana og þjónustumiðstöð Breiðholts.

Þá var rætt við presta við Breiðholtskirkju, Fella- og Hólakirkju, Seljakirkju, svo og við presta Mariukirkju sem er kaþólska kirkjan í Breiðholti, en kirkjurnar eru allar með öflugt barna- og unglingastarf.

Ennfremur var rætt ítarlega við tvo kennara í nýbúadeild Fellaskóla auk óformlegra viðtala við aðra lykilstarfsmenn í grunnskólum í Breiðholti. Einnig var rætt við sveitarforingja í skátafélaginu Segli, en Segull er eina skátafélagið sem starfar í Breiðholti.

1.5. Öflun og úrvinnsla gagna

Öflun og úrvinnsla tölulegra upplýsinga hófst þegar í upphafi rannsóknar, en hélt áfram eins og þörf krafði í gegnum allt rannsóknartímabilið. Flest viðtölin við fjölskyldurnar voru ýmist á íslensku eða ensku að undanteknum viðtölum sem Anna Wojtynska tók við pólskar fjölskyldur, en þau fóru fram á pólsku. Í einu viðtali var leitað aðstoðar túlks. Þegar talað var við börn voru foreldrar þeirra alltaf viðstaddir.

Öll viðtöl voru tekin upp á upptökutæki og afrituð ítarlega. Nöfnum og öðrum persónugreinanlegum upplýsingum um þátttakendur var breytt til þess að tryggja persónuvernd þeirra. Hljóðupptökum verður eytt þegar endanlegri úrvinnslu er lokið. Við úrvinnsluna var einkum beitt greiningaraðferðum etnógrafíu og grundaðrar kenningar (e. grounded theory).

1.6. Samantekt

Líkt og fram kemur í þessum kafla er ljóst að það reyndist ýmsum erfiðleikum bundið að fá nákvæmar opinberar tölur um fjölda innflytjendabarna í Breiðholtshverfi samkvæmt skilgreiningu sem rannsóknin styðst við. Rannsóknin náði til barna á aldrinum 9-15 ára en í raun gildir einu á hvaða aldri börnin eru, opinberar tölur eru ekki einhlítar. Hagstofa Íslands hefur í förum sínum tvenns konar skráningar á þessum hópi. Annars vegar eru börn sem eiga annað eða bæði foreldri af erlendum uppruna og hins vegar er um að ræða skráningu þar sem móðurmál barns er lykilviðmið. Sláandi er hversu mikill munurinn er á fjölda barna í þessum tveimur flokkunum. Þegar fyrra viðmiðið er haft til hliðsjónar taldi hópurinn 290 börn en í síðara tilvikinu þegar móðurmál barns var notað, voru þau ekki nema 153. Í þessari rannsókn er fyrra viðmiðið notað, þ.e börn sem eiga annað eða bæði foreldri af erlendum uppruna.

Leitað var til grunnskóla hverfisins til að afla þátttakenda fyrir rannsóknina og tóku fjórir skólar af fimm þátt. Fjótlega komu í ljós ýmsir annmarkar á öflun tölulegra upplýsinga þar sem skólarnir skrá ekki reglulega móðurmál foreldra eða ríkisfang. Það kom rannsakendum á óvart að grunnskólunum ber engin opinber skylda til að hafa sérstaka skráningu á innflytjendabörnum. Eina skráning skólanna lýtur að þeim börnum sem flokkast sem s.k. *nýbúabörn* þ.e börn sem dvalið hafa á Íslandi í fjögur ár eða skemur og eiga því rétt á stuðningskennslu. Fjármagn til hennar er byggt á skráningu skólanna. Sérhver skóli hefur því sjálfðæmi í því hvort haldið er sérstaklega utan um tölur um fjölda allra innflytjendabarna innan hans veggja. Þeir fjórir skólar sem aðstoðuðu við rannsóknina skrá nemendur af erlendum uppruna á fjóra mismunandi vegu.

Mun erfiðara reyndist að ná í innflytjendafjölskyldur en upphaflega var gert ráð fyrir. Fyrsta áætlun var miðuð við viðtöl við 30 fjölskyldur í þremur þjóðernishópum þar sem hlutfall barna var hæst. Fjórir grunnskólar í hverfinu aðstoðuðu við að afla þátttakenda og sendu innflytjendabörn með beiðni heim til foreldra um þátttöku í rannsókn á viðkomandi móðurmáli. Boðið var upp á að viðtalið færi fram á móðurmáli viðkomandi. Þessi aðferð skilaði litlum árangri. Einungis fengust fjórar fjölskyldur með þessu móti en 85 bréf voru send á foreldra. Þá var leitað til einstaklinga eða „lykilpersóna“ sem voru allar af erlendum uppruna í von um að þeir gætu útvegað þátttakendur og bættust þá þó nokkrir við. Auk þessa var leitað eftir þátttakendum á íslenskunámskeiðum hjá Mími símenntun sem haldin voru í hverfinu. Þrátt fyrir gífurlega vinnu við öflun þátttakenda reyndist ekki unnt að fá fleiri en 19 innflytjendafjölskyldur alls. Erfitt er að komast að niðurstöðu um af hverju þessi tregða stafar. Vitað er að vinnuálag er mikið hjá mörgum innflytjendum og kann það að vera ein skýring.

Auðsótt var hins vegar að fá viðtöl við þá sem starfa með börnum og fjölskyldum af erlendum uppruna: íþróttahjálpara, starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs, presta og umsjónarfólk barnastarfs í kirkjum í Breiðholti og kennara í nýbúadeild Fellaskóla.

Mismunandi skráningar á innflytjendabörnum hjá Hagstofu Íslands og skortur á ut anumhaldi á fjölda innflytjendabarna í grunnskólakerfinu voru ekki einungis bagaleg fyrir þessa rannsókn. Þessir annmarkar vekja upp spurningar um möguleika skólayfirvalda og annarra þeirra sem koma að stefnumótun í mennta- og

innflytjendamálum til að fylgjast með því hvernig innflytjendabörnum farnast innan skólakerfisins. Slíkar upplýsingar hljóta að vera lykilatriði fyrir alla stefnumótun í menntamálum innflytjendabarna. Eins og sakir standa er svo til ógerlegt að fá nákvæma yfirsýn yfir fjölda innflytjendabarna í sérhverjum skóla, hvað þá að unnt sé að greina framgang einstakra hópa eftir upprunalandi, móðurmáli eða búsetu í landinu. Hér er nauðsynlegt að gera bragarbót.

2. kafli. Íþrótt- og tómstundapátttaka innflytjendabarna

Í þessum kafla verður fjallað almennt um félagslegt hlutverk íþróttar og hugmyndir fræðimanna um þátt íþróttar í samþættingu innflytjenda. Reifaðar verða nokkrar erlendar rannsóknir um samspil íþróttar og samfélagsins í heild. Síðan verður fjallað stuttlega um nýlegar íslenskar og erlendar rannsóknir á íþróttapátttöku barna og unglinga almennt og einnig um íþróttapátttöku innflytjendabarna.

2.1. Margvíslegt gildi íþróttar

Undanfarin ár og áratugi hefur þátttaka almennings í íþróttum og hreyfingu farið mjög vaxandi. Á Vesturlöndum hefur áhugi á hreyfingu og íþróttaiðkun vaxið með aukinni vitund um áhrif hreyfingar á heilsufar. Þar er íþróttaiðkun í mörgum tilvikum orðin hluti af lífsstíl fólks. Sífellt fleiri stunda einhvers konar íþróttir eða heilsurækt hvort heldur er í skipulögðu starfi eða óskipulögðu. Utan beinna jákvæðra áhrifa á heilsufar fólks hafa íþróttir og hreyfing einnig félagslegt gildi.

2.1.1. Hlutverk íþróttar í fjölmenningsarsamfélagi

Óhætt er að fullyrða að meðal þeirra sem starfa við stefnumótun, hvort heldur á opinberum vettvangi eða meðal félagasamtaka, sé sú skoðun ríkjandi að íþróttapátttaka ýti undir félagslega samþættingu ólíkra hópa og skapi tilfinningu um vera hluti af samfélagi. Þessar hugmyndir endurspeglast m.a í opinberri íþróttastefnu Evrópusambandsins. Árið 2004 var útnefnt *Evrópuár menntunar með íþróttaiðkun* („European Year of Education through Sport“) þar sem markmiðið var að leggja áherslu á fjölmenningslegan skilning og samþættingu með skipulagðri íþróttaiðkun (White Paper on Sport, 2004). Endurómun þessara hugmynda er víða að finna. Í Noregi og Hollandi, svo dæmi séu tekin, hafa þessar hugmyndir notið mikillar hylli bæði meðal stjórnenda og almennings, sem leið til að draga úr hugsanlegri einangrun innflytjenda og ýta undir félagsvirkni þeirra í nýja samfélaginu. Rannsóknir vestan hafs og austan benda enn fremur til þess að hlutfall innflytjenda í íþróttaiðkun (a.m.k. skipulagðri) sé lægra en gerist meðal ríkjandi hóps/innfæddra heimamanna (Stodolska og Alexandris, 2004; Walseth, 2004).

2.1.2. Leiðir íþróttapátttaka til aukinnar og farsælli samþættingar?

Því hefur gjarnan verið haldið fram að íþróttir séu heppilegur vettvangur til samþættingar vegna þess að íþróttir séu alþjóðlegar í eðli sínu, fylgi einföldum og skýrum reglum og þátttaka krefjist ekki mikillar tungumálakunnáttu (Strandbu, 2004; Walseth, 2004, 2006; Krouwel et al., 2006). Bandarískar rannsóknir á íþróttapátttöku innflytjenda ýta undir útbreiðslu þessara hugmynda (Sjá m.a. Stodolska og Alexandris, 2004).

Í raun er lítið um rannsóknir sem styðja þetta viðhorf, bæði erlendis og á Íslandi. Fræðimenn virðast heldur ekki sammála um hvort íþróttabátttaka hafi þessi áhrif eða ekki (Walseth 2004, 2006; Krouwel et.al 2006). Því er ekki að neita að íþróttaiðkun er félagslega auðgandi, að hluta vegna þess hversu margir taka þátt. Næst fjölskyldu, skóla og vinnustað eru íþróttafélög og íþróttaiðkun orðin vettvangur menntunar, þar sem lífsgildi fólks og lífsreglur mótask.

Svartsýnni fræðimenn hafa bent á að íþróttir séu fullar af þverstæðum (Eitzen, 1999 hjá Krouwel et al., 2006). Annars vegar geti íþróttir leitt af sér að fólk með svipaða líkamsgetu tengist hvert öðru, en hins vegar geti íþróttir leitt til aðskilnaðar hvað varðar fólk af ólíkum menningarlegum uppruna, (á grunni aldurs, kyns, getu, hæfni og líkamlegra hamlana). Íþróttir geta því auðsjáanlega brúað bilið á milli ólíkra einstaklinga og hópa en það er ekki einhlítt. Íþróttaiðkun getur vissulega dregið úr streitu, en hvort íþróttir geta dregið úr streitu og félagslegri óvild milli ólíkra menningarhópa er ekki ljóst og þarfnast frekari rannsókna.

Niðurstöður úr rannsókn norsku fræðikonunnar Kristin Walseth á íþróttabátttöku ungra múslímskra kvenna í Osló sýna að í sumum tilvikum, leiði íþróttabátttaka til tilfinningar um að tilheyra (e. feeling of belonging). Hins vegar er engin sjálfvirk fylgni á milli íþróttabátttöku og tilfinningarinnar að tilheyra. Í sumum tilvikum getur stéttarstaða t.d verið hindrun í því að finnast maður vera hluti af (Walseth, 2006).

Nýleg rannsókn sem gerð var í Rotterdam í Hollandi sýnir hins vegar að sú spenna sem finnst milli heimamanna og innflytjenda úti í samfélaginu hverfur ekki þegar inn í íþróttasal eða leikvang er komið. Rannsóknin leiddi í ljós að innfæddir Hollendingar sýndu áhuga á að kynnast fólki í íþróttaiðkun af öðrum uppruna en sínum eigin. Meðal þeirra innflytjendahópa sem upplifðu mesta spennu úti í samfélaginu (fólk af tyrkneskum og marokkönskum uppruna) var hins vegar miklu minni áhugi á því að blanda geði við aðra en samlanda. Fólk úr þessum hópum kaus fremur að stunda íþróttir með fólki úr sínu eigin samfélagi.

Þessar niðurstöður eru í andstöðu við ríkjandi hugmyndir um að íþróttaiðkun sé til þess fallin að auka samskipti milli fólks með ólíkan menningarlegan bakgrunn. Að vilja vera með fólki úr sama menningarlega bakgrunni á sér ekki rætur í neikvæðri reynslu af samskiptum við aðra í íþróttaiðkun, segja Krouwel og meðhöfundar, heldur stafar af neikvæðri reynslu á öðrum félagslegum vettvangi. Í fristundum er skýr ósk um að vilja vera með því fólki þar sem samskipti eru auðveld og án árekstra, þar sem þau eru í takt og hafa þýðingu. Svipaðar niðurstöður má finna í bandarískri rannsókn á íþróttavenjum innflytjenda frá Kóreu og Póllandi (Stodolska og Alexandris, 2004).

2.1.2.1. Hvers konar samþætting?

Ýmsir fræðimenn sem rannsakað hafa tengsl íþróttar og samþættingar leggja áherslu á að nauðsynlegt sé að gera greinarmun á aðlögun í íþróttum og aðlögun að samfélaginu fyrir tilstilli íþróttar (Walseth, 2004). Hún bendir á að óljóst sé hvort norskum stjórnvöldum finnist fullnægjandi að íþróttabátttaka leiði til samþættingar innan íþróttafélaga eða hvort markmiðið sé samþætting í samfélaginu í heild. Þessari sömu spurningu mætti varpa fram varðandi viðhorf á Íslandi, jafnt hjá opinberum aðilum sem öðrum.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að þegar fjallað er um samþættingu innflytjenda er oftast ekki vísað í atvinnuþátttöku, menntunarstig, pólitíska þátttöku o.s.frv. – þetta á t.d við í Noregi. Önnur skilgreining vísar hins vegar til þess hvað einstaklingunum sjálfum finnst, hvert mat þeirra er, hvaða merkingu þeir sjálfir leggja í hugtakið. Á þessu er töluverður munur. Þátttaka er eitt en tilfinningin um að tilheyra, vera hluti af, er annað.

2.1.2.2. Stefna og áherslur um íþróttapátttöku innflytjenda á Íslandi

Eins og þegar hefur komið fram er skammt síðan innflytjendum tók að fjölga að ráði á Íslandi og kann það að skýra hvers vegna lítil umræða hefur farið fram í landinu um hlutverk íþrótta í samþættingu fólks af erlendum uppruna á Íslandi eða hlutverk opinberra aðila og félagasamtaka í því ferli.

Íþróttavæðum Ísland: Aukin þátttaka – breyttur lífsstíll er heitið á tillögu að íþróttastefnu Íslands, sem unnin var fyrir Menntamálaráðuneytið í ársbyrjun 2006. Þar er í framtíðarsýn lögð áhersla á þann veglega sess sem íþróttastarf skipar í íslensku þjóðlífi og vægi íþrótta í íslenskri menningu (*Íþróttavæðum Ísland*, 2006). Í tillögunum er hvergi minnst á innflytjendur eða samþættingu.

Í *Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda* (Félagsmálaráðuneytið, janúar 2007) segir:

Þátttaka í íþrótta- og tómstundastarfi er öllum börnum og ungmennum leið til að styrkja félagsleg tengsl og því áhrifaríkt tæki til að sporna gegn félagslegri einangrun og áhættuhegðun. Viða njóta íþróttafélög og ýmis önnur félagasamtök styrkja frá sveitarfélögum sem skapar sveitarfélögum tækifæri til að gera kröfur til styrkþega um að þeir leitist við að tryggja jafnan aðgang að starfi á þeirra vegum.

Ekki er rætt nánar um hvers konar samþættingu gert er ráð fyrir.

Í *Meginstefnu og starfsáherslum ÍTR 2005 – 2010* (www.rvk.is) er heill kafli sem fjallar um málefni innflytjenda, þar sem lýst er markmiðum og leiðum til þess að:

Reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu þar sem þekking, vísýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenna samskipti fólks. ÍTR vill stuðla að því að innflytjendur geti tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. ÍTR býður upp á margvíslega starfsemi fyrir börn innflytjenda á Íslandi. Í því starfi er áhersla á uppeldis- og menntunargildi líkt og í öðru æskulýðsstarfi ÍTR.

Markmið og leiðir sem lýst er í kaflanum snúast að mestu um þátt ÍTR og starfsmanna þess í að stuðla að því að ungir innflytjendur geti notið sín í íslensku samfélagi á jafnréttisgrundvelli.

2.2. Staða þekkingar á Íslandi

Enda þótt allmargar rannsóknir um málefni innflytjenda á Íslandi hafi verið unnar á seinni árum fjalla aðeins fáar þeirra um daglegt líf, tómstundir og áhugamál


innflytjendabarna, þ.m.t. íþróttaiðkun þeirra. Flestar rannsóknir á börnum hafa höfuðáherslu á skólatengd málefni, nýbúakennslu og tungumál og er brýn nauðsyn á að efla frekari rannsóknir til þess að unnt verði að mæta betur þörfum innflytjendabarna (Hanna Ragnarsdóttir, 2007; Ragna Lára Jakobsdóttir, 2007). Nokkrar almennar spurningakannanir hafa verið lagðar fyrir nemendur í grunnskólum á Íslandi á seinni árum til þess að rannsaka þætti eins og daglegt líf þeirra, samskipti, líðan, félagslega þátttöku, tómstundir og vímuefnaneyslu (Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl., 2003; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2007; Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2001). M.a. eru þessir þættir kannaðir í tengslum við alþjóðlegar rannsóknir á þessu sviði (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006). Engin þessara kannana tekur til barna af erlendum uppruna nema sú síðasttalda, sem ber saman nokkra þætti með tilliti til bakgrunns nemendanna, þ.á m. íþróttapátttöku. Hér á eftir verða raktar nokkrar niðurstöður rannsókna á íþróttapátttöku grunnskólabarna, sem geta varpað ljósi á hugmyndir manna um stöðu innflytjendabarna í þessu samhengi.

2.2.1. Rannsóknir á íþróttapátttöku skólabarna

Samkvæmt skýrslunni *Börnin í borginni – Líðan og samskipti í skóla, félagsstarf og tómstundir og vímuefnaneysla* (Svandís Nína Jónsdóttir o.fl., 2001) stunduðu um helmingur skólabarna í 5. – 8. bekk í Reykjavík íþróttir og félagsstarf a.m.k. einu sinni í viku. Þar var bæði átt við skipulagt íþrótt- og tómstundastarf og hreyfingu upp á eigin spýtur svo sem hjólreiðar og sund. Árið 2001 var unnin rannsókn í grunnskólum Reykjavíkur sem náði m.a. til íþróttapátttöku barna⁹. Í ljós kom að rétt rúmlega helmingur nemenda 8. bekkjar í Reykjavík í heild æfði eða keppti með íþróttafélagi einu sinni í viku eða oftar.

Í Borgarhluta III, sem nær til níu grunnskóla í Breiðholti og Árbæ, var þátttakan ívið meiri (mynd 2).

Mynd 2: Hlutfall nemenda í 8. bekk sem stunda íþróttir




Þessar tölur um íþróttapátttöku barna í 8. bekk í skólum í Reykjavík eru mun hærri en fram hafa komið í nýlegum könnunum sem náðu yfir allt landið (mynd 3). Þær tölur byggjast á könnunum í öllum grunnskólum landsins tiltekinn dag. Tölurnar fyrir 5.-7.

⁹ Heimild: Svandís Nína Jónsdóttir o.fl. (2002): *Börnin í borginni. Líðan og samskipti í skóla, félagsstarf og tómstundir og vímuefnaneysla*: Könnun meðal nemenda í 5. – 10. bekk grunnskóla í Reykjavík vorið 2001. Rannsóknir og greining ehf.

bekk eru fengnar úr nýrri könnun sem var gerð í febrúar 2007 (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2007). Niðurstöðurnar eru áhugaverðar sem bakgrunnur fyrir rannsóknina sem þessi skýrsla fjallar um, þ.e. íþróttabátttöku innflytjendabarna í Breiðholti.


Mynd 3: Hlutfall nemenda í 5.-7. bekk og 9.-10. bekk sem æfa eða keppa í íþróttum



Tölurnar fyrir 9.-10. bekk byggjast á könnun sem gerð var vorið 2003 (Heimild: Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl., 2003). Hér eru hlutfallstölurnar hækkaðar eða lækkaðar í næstu heila tölu.

Athygli vekur að íþróttabátttaka elstu barnanna er mun minni en í yngri aldurshópunum. Það er alþekkt, jafnt á Íslandi sem erlendis, að þátttaka í íþróttum virðist almennt minnka á unglingsárunum. Algengasta ástæðan sem unglingarnir gefa upp er áhugamissir og tímaskortur (Idrott och integration, 2002; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2007; Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006). Þess ber að gæta að nokkur ár eru milli ofangreindra kannana og hér er ekki lagt mat á hugsanlegar viðhorfsbreytingar milli ára.

Mynd 4: Hlutfall nemenda sem hreyfir sig daglega utan skólatíma, vorið 2006¹⁰




¹⁰ Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmtýsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson (2006): *Heilsa og lífskjör skólanema 2006*. Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð.

En rannsókn sem unnin var af Háskólanum á Akureyri í samvinnu við Lýðheilsustöð árið 2006 sýnir svipaða þróun: Hreyfing grunnskólanemenda minnkar með aldrinum (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006) (mynd 4). Ath. að þarna er átt við hreyfingu bæði í skipulögðu íþróttastarfi og upp á eigin spýtur.

2.2.2. Íslenskir grunnskólanemar af erlendum uppruna

Rannsókn um félagslega þátttöku íslenskra grunnskólanema af erlendum uppruna sýndi að 42% nemenda 10. bekkjar á höfuðborgarsvæðinu (innlendra og erlendra) taka þátt í íþróttafélagi (mynd 5), eins og kemur fram í nýlegum fyrirlestri Þórodds Bjarnasonar, prófessors við háskólann á Akureyri. Þetta er nokkru lægra hlutfall en á landinu öllu, sem er 46% nemenda. Ekki kemur fram tíðni þátttökunnar, þannig að þetta háa hlutfall þarf ekki að vera í mótsögn við það sem kom fram í mynd 4.


Mynd 5: Hlutfall nemenda í 10. bekk sem taka þátt í íþróttafélagi¹¹



Í annarri rannsókn Þórodds kemur þó fram að hlutfall 10. bekkinga af erlendu foreldri sem búa á höfuðborgarsvæðinu og taka þátt í íþróttafélögum er hærra en íslenskra eða 45% á móti 41% (mynd 6). Á landinu í heild snýst þetta við, þar eru hlutföllin 34% á móti 53% íslenskra unglinga.

¹¹ Þóroddur Bjarnason (2007): Félagsleg þátttaka íslenskra grunnskólabarna af erlendum uppruna. Fyrirlestur á fræðslufundi Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri 23. janúar 2007.


Mynd 6: Hlutfall nemenda með erlent foreldri sem taka þátt í íþróttafélögum¹²



2.3. Rannsóknir á Norðurlöndunum

Í Noregi og Svíþjóð var lengi almennt talið að unglingar af erlendum uppruna stunduðu íþróttir í mun minna mæli en aðrir. Rannsókn sem var gerð í Osló árið 1996 sýndi að 44% unglinga voru meðlimir í íþróttafélagi á móti 29% unglinga sem áttu erlenda foreldra (mynd 7). Í ýmsum íþróttagreinum svo sem dansi, bardagaíþróttum, þjálfun í líkamsræktarstöðvum eða hreyfingu upp á eigin spýtur voru unglingar af erlendum uppruna jafnvel virkari en þeir sem áttu norska foreldra (Strandbu 2004).

Mynd 7: Íþróttapátttaka unglinga í Osló 1996 og 2006¹³




¹² Þóroddur Bjarnason (2008): Þátttaka grunnskólanema af íslenskum og erlendum uppruna. Fyrirlestur á aðalfundi íþrótt-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa 2. maí 2008

¹³ Strandbu, 2004 og 2006

Tíu árum síðar hafði hlutfall unglunga af erlendum uppruna hækkað verulega eða í 38% á móti 45% af heildinni. Hlutfall stelpna var nánast óbreytt, þannig að aukningin virðist hafa verið mest hjá strákum af erlendum uppruna. (Strandbu, 2006).

Áhugavert er að bera þessar tölur saman við sænska rannsókn frá árinu 2002, sem virðist hrekja þá staðhæfingu að unglingar af erlendum uppruna stundi síður íþróttir en innlendir (Idrott och integration, 2002). Könnunin, sem náði til 3.000 unglunga, sýndi lítinn mun á þátttöku unglunga af erlendum uppruna í íþróttum í samanburði við rannsókn sem hafði verið gerð 1998 á íþróttapátttöku allra unglunga í landinu, eða 48% á móti 51%. Það kom á óvart að meðal pilta var þátttaka innflytjenda jafnvel meiri eða 58%, en 56% unglingspilta stunduðu íþróttir með félagi árið 1998 (mynd 8). 39% innflytjendastúlkna stunduðu íþróttir en 45% allra stúlkna samkvæmt rannsókninni frá 1998. Munurinn milli stúlkna af erlendum uppruna og þeirra sem áttu sænska foreldra var talsvert minni en sjá mátti í rannsóknum Strandbu í Osló. Rannsóknin sýndi að þátttaka innflytjendaunglinga var mun meiri en talið hafði verið, en að það var mikill munur milli greina.

Mynd 8: Íþróttaiðkun unglunga af erlendum uppruna í Svíþjóð 1998 og 2002¹⁴



Unglingar af erlendum uppruna voru sem sagt virkir í íþróttafélögum, en tekið var fram að rannsóknin gæfi ekki til kynna hvort íþróttir væru í raun félagslega samþættandi afl (Idrott och integration, 2002).

2.4. Íþróttaiðkun barna í Breiðholti

Alls stunduðu 1.368 börn á aldrinum 9-15 ára, búsett í pósnúmerum 109 og 111, íþróttir í einhverju íþróttafélagi samkvæmt tölum úr Felix, gagnagrunni ÍSÍ og UMFÍ um íþróttafélögin, starfsárið 2006-2007 (tafla 4). Þar af voru 775 börn í þeim félögum sem eru starfandi á svæðinu (ÍR, Leiknir og Ægir). ÍR býður upp á margar íþróttagreinar og börnin í Breiðholti iðka dans, frjálsar íþróttir, glímu, handbolta, júdó, körfubolta, keilu, knattspyrnu, skíðaíþróttir og taikwondo hjá félaginu.

¹⁴ Idrott och integration, 2002


Langfjölmennustu greinarnar eru knattspyrna, handbolti og körfubolti. Ægir er sundfélag og Leiknir, sem hefur aðstöðu í efra Breiðholti, er eingöngu fótboltafélag.

Tafla 4: Íþróttaiðkun 9-15 ára barna í Breiðholti

Fjöldatölur (úr Felix nema annað sé tekið fram)	Búsett í Breiðholti alls	Búsett í 109	Búsett í 111
Fjöldi einstaklinga 9 – 15 ára í öllum íþróttafélögum 2006-2007	1.368	986	382
Í Breiðholtsfélögunum ÍR, Leikni og Ægi samanlagt	775	640	135
Í öðrum íþróttafélögum	593	346	247

Athygli vekur að mikill munur er á íþróttabátttöku barna eftir búsetu. Þannig stunda um 77% barna sem búsett eru í póstnúmeri 109 íþróttir með einhverju félagi, en einungis 54% þeirra sem búa í póstnúmeri 111. Í Breiðholti í heild er þátttakan 67% (mynd 9). Þegar skoðuð er þátttaka í þeim þremur íþróttafélögum sem starfa í hverfinu, ÍR, Leikni og Ægi, er munurinn enn meiri. 50% barna í póstnúmeri 109 æfa með þessum félögum, en aðeins 19% barna í póstnúmeri 111.

Mynd 9: Hlutfall 9-15 ára barna í Breiðholti eftir íþróttafélögum



Mun hærri hlutfall barna í póstnúmeri 111 æfir með félagi utan hverfisins heldur en í 109, eða 35% á móti 27%. Athygli vekur, að þessar tölur um hlutfall iðkenda í íþróttafélögum, sem byggjast á upplýsingum úr gagnagrunninum Felix, eru mun hærri en tölur úr spurningakönnunum meðal grunnskólabarna í sömu aldurshópum. Þessi munur bendir til að íþróttafélögin skilgreini þátttöku í íþróttafélagi á annan hátt en börnin.

2.5. Skráning iðkenda af erlendum uppruna í íþróttum

Eins og áður hefur komið fram er skráning barna af erlendum uppruna ófullkomin og ruglingsleg, jafnt hjá sveitarfélögunum, skólunum og íþróttafélögunum, þannig að erfitt er að fá fram viðmiðunartölur.

Þjóðerni eða tungumál iðkenda á skólaaldri eða forráðamanna þeirra er hvorki skráð í Felix eða hjá viðkomandi íþróttafélagi. Þær upplýsingar sem hafa fengist um

Þátttökuhlutfall barna af erlendum uppruna eru handunnar af starfsfólki félaganna upp úr þátttökulistum og ná yfir börn "...með erlend nöfn [...] Þetta eru matsatriði, tók aðeins þau sem mér þótti líklega útlendingar", eins og starfsmaður ÍR sagði. Verkefnastjóri hjá Felix sagði "Ég hef nú fullvissað mig um að nánast ógerlegt er að ætla að finna út fjölda iðkenda með erlenda foreldra." Í viðtölum við þjálfarana kom einnig fram að þeir voru ekki alltaf vissir um þjóðerni erlendra barna sem þeir þjálfuðu og í einu tilfelli leið talsverður tími þar til þjálfarinn áttaði sig á að barn sem var í hóp hjá honum var ekki íslenskt og skildi varla orð í íslensku:

Ég vissi ekki einu sinni að hann væri frá Litháen [...], mamma hans gat ekkert komið og talað við mig og sagt mér það, og þeir svona litlir strákar þeir höfðu ekkert vit á því að "hann er Lithái" [...] og ég bara, mér heyrðist hann heita Eymundur bara og þú veist, svo kom það uppúr krafsinu eftir þrjár æfingar, þá fór einn að ræða um þetta "og hann heitir sko Eymundas sko". Þá er hann bara ekki íslenskur. Þá bara skildi hann ekkert í íslensku sko.

(Þjálfari hjá Leikni)

Í viðtali í íþrótt fréttatíma Sjónvarpsins 3. júní 2008 sagði fulltrúi Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), í tilefni af útkomu foreldrabæklinga á nokkrum tungumálum¹⁵ á vegum Landsbanka, KSÍ og Alþjóðahúss:

Það hefur ekki verið rannsakað mjög nákvæmlega sko. En það er svona tilfinning þeirra úti í félögunum að það er erfiðara að fá þessi börn inn í starfið einhverra hluta vegna.

2.6. Skráning í frístundamiðstöðvunum

Unglingar sem sækja frístundamiðstöðvar borgarinnar eru taldir hverju sinni, en ekki innritaðir eða skráðir inn með persónuupplýsingum, þannig að mjög erfitt er um vik að kortleggja í hve ríkum mæli unglingar af erlendum uppruna sækja miðstöðvarnar. "Sko við erum með fjöldataölur hjá okkur, við skráum inn hvað það koma margir á hverju kvöldi. Við erum með kynjaskiptingu", sagði deildarstjóri unglingastarfs í Miðbergi. Þess vegna er líka mjög erfitt að fá fram tölur um hlutfall unglinga af erlendum uppruna sem sækja frístundamiðstöðvarnar.

Maður kannski áttar sig ekki alltaf á því, vegna þess að þessir krakkar eru margir farnir að kalla sig íslenskum nöfnum. Ég meina, þannig að maður kannski áttar sig ekkert á að þau séu frá öðru landi. [...] Þannig að það er kannski þess vegna sem maður heldur að það sé mest af Filippseyingum af því að maður tekur mest eftir þeim. Af því að þau eru öðruvísi í útliti, skera sig úr. Og kannski hinir sem maður man eftir sem eru frá Póllandi eða Litháen eða einhverju svoleiðis landi, maður man bara eftir þeim sem eru með öðruvísi nafn. En maður er kannski ekkert að átta sig á krökkunum sem eru farin að kalla sig íslenskum nöfnum. Heitir kannski Pawel, en allir kalla hann Palla. Ég þekki hann kannski bara sem Palla.

(Hópstjóri í Miðbergi).

¹⁵ Knattspyrnusamband Íslands: Goal! Foreldrabæklingur, júní 2008

2.6.1. Taka innflytjendabörn í Breiðholti lítinn þátt í íþróttum?

Á starfsárinu voru 38 iðkendur í ÍR á aldrinum 9-15 ára og búsettir í Breiðholti með erlend nöfn¹⁶. Hugsanlega gætu börn í ÍR af erlendum uppruna verið fleiri. Til dæmis gæti Jóhanna Jónsdóttir verið dóttir íslensks manns og erlendar konu, foreldrarir fráskilin, Jóhanna alist upp á tungumáli móðurinnar og aðallega umgengist börn frá upprunalandi hennar. Í Leikni eru um 30-40 iðkendur í þessum aldurshópi af erlendum uppruna samkvæmt varlegri áætlun þjálfara hjá félaginu. Hér verður notast við lægri töluna. Ekki fengust upplýsingar um fjölda barna af erlendum uppruna í sundfélaginu Ægi, en heildarfjöldi iðkenda í þessum aldursflokki er tiltölulega lágur, eða 51 barn í Breiðholti öllu.

Tafla 5: Íþróttapátttaka barna af erlendum uppruna í Breiðholti


Fjöldi barna af erlendum uppruna	Búsett í Breiðholti alls	Búsett í 109	Búsett í 111
Börn í ÍR með erlend nöfn (Heimild: ÍR)	38	19	19
Börn í Leikni með a.m.k. eitt erlent foreldri (áætlað)	30		
Börn í Ægi með erlend nöfn	?	?	?
Fjöldi barna af erlendum uppruna í ÍR og Leikni (áætlað)	68		
Hlutfall barna af erlendum uppruna í ÍR og Leikni af heildarfjölda þeirra í hverfinu	23,4%	?	?

Ef aðeins eru taldir iðkendur í ÍR og Leikni af erlendum uppruna eru þeir 23,4% af öllum börnum í aldurshópnum (tafla 5). Samkvæmt upplýsingum úr gagnagrunninum Felix er heildarfjöldi iðkenda í ÍR, Leikni og Ægi sem búa í Breiðholti um 39% allra barna á þessum aldri sem búa í hverfinu. Eins og þegar hefur komið fram stunda mjög mörg börn úr Breiðholti íþróttir í félögum utan hverfisins, eða 593 börn á aldrinum 9-15 ára starfsárið 2006-2007, skv. upplýsingum úr Felix. Ekki er vitað hve mörg þeirra eru af erlendu bergi brotin, enda er ríkisfang eða tungumál ekki skráð í gagnagrunninn eins og áður hefur verið nefnt.

Á mynd 10 sést hvernig iðkendur af erlendum uppruna skiptast milli íþróttagreina. Súlan lengst til hægri sýnir iðkendur í fótbolta hjá Leikni, sem búsettir eru í Breiðholti öllu, allar aðrar súlur eiga við iðkendur í ÍR og eru aðgreindar eftir pósthúsnúmerum innan hverfisins.

¹⁶ Heimild: Skrifstofa ÍR 20.5.2008)

Mynd 10: Börn af erlendum uppruna í ÍR og Leikni eftir greinum




Fótþolti er langvinsælasta greinin hjá börnum af erlendum uppruna í Breiðholti. Tíu börn búsett í pósthúmeri 109 æfa fótþolta með ÍR en eitt barn búsett í pósthúmeri 111. Samkvæmt upplýsingum frá Leikni stunda a.m.k. 30 börn af erlendum uppruna fótþolta með Leikni, sem starfar í efra Breiðholti. Lítil ástæða er til að ætla annað en að yfirgnæfandi meirihluti þeirra, ef ekki öll, séu búsett í efra Breiðholti, þar sem félagið er með aðstöðu, enda bjuggu aðeins fjögur af 127 börnum í öllu félaginu í pósthúmeri 109 árið 2006. Ef reiknað er með að öll erlendu börnin í Leikni búi í pósthúmeri 111 er fjöldi barna af erlendum uppruna í ÍR og Leikni í hverfinu 31,4% af heildarfjölda þeirra.

2.6.2. Staða körfubolta hjá börnum af erlendum uppruna

Körfubolti kemur næst á eftir fótþolta í vinsældum hjá börnum af erlendum uppruna í Breiðholti (mynd 10). Athygli vekur að þátttakan í aldursflokknum sem þessi rannsókn nær til er langmest í efra Breiðholti. Sama gildir um yngri börn, en haustið 2007 gerði körfuboltadeild ÍR sérstakt átak til þess að ná til aldurshópsins 6-9 ára eins og nánar er sagt frá annars staðar í þessari skýrslu.

Mynd 11: Körfuboltaiðkun 6 – 9 ára barna í ÍR 2007-2008 eftir búsetu



Mynd 11 sýnir fjölda 6 – 9 ára barna sem stunda körfubolta með ÍR eftir umfangsmikið kynningarátak haustið 2007. 39 börn samtals úr póstnúmeri 109 iðka körfubolta á móti 30 úr póstnúmeri 111, eða 52% á móti 40%. 8% barnanna búa í öðrum hverfum.

Í ljósi þessarar skiptingar er athyglisvert að einungis tvö börn af erlendum uppruna úr póstnúmeri 109 iðka körfubolta, á móti 17 úr póstnúmeri 111, eða 9,5% á móti 81%. 9,5% erlendu barnanna búa í öðrum hverfum.¹⁷


Það kemur í ljós að 37,5% stelpnanna sem iðka körfubolta í þessum aldursflokki eru af erlendum uppruna, en 17% stráka. Enginn strákur af erlendum uppruna er skráður sem býr í póstnúmeri 109, en tvær af stelpunum. Allir sex erlendu strákarnir búa í póstnúmeri 111, en 11 af 15 stelpum.

Áður hefur komið fram að 15 börn af erlendum uppruna á aldrinum 9-15 ára búsett í Breiðholti stunda körfubolta starfsárið 2007-2008. Þar af búa aðeins tvö í póstnúmeri 109. Þetta þýðir að 34 börn alls af erlendum uppruna, á aldrinum 6-15 ára, stunda körfubolta með ÍR, eða 19,4% af öllum iðkendum í þessum aldurshópi.

Það er verðugt umhugsunarefni að skoða þessar tölur rækilega í samhengi við kynningarherferðina og velta upp í hverju árangurinn í efra Breiðholti felist. Að sögn Bojan Desnica, yfirþjálfara yngri deildar ÍR í körfubolta, var lögð mjög mikil áhersla á að fá heppilega æfingatíma í efra Breiðholti, sem körfuboltadeildin hafði ekki haft áður, auk þess að gera kynningarbækling veglegan og vandaðan. Bæklingnum, sem var á sex tungumálum, var ennfremur dreift á öll heimili grunnskólabarna í Breiðholti, en ekki einungis í skólunum.


Það er greinilegt að körfubolti er íþrótt sem höfðar mjög til stelpna af erlendum uppruna og er það í samræmi við niðurstöður nýlegra rannsókna í Svíþjóð (Fundberg, 2003).

Mynd 12: Körfuboltaiðkun barna í Breiðholti hjá ÍR milli ára



¹⁷ Fjöldi barna af erlendum uppruna er talinn út frá nöfnum þeirra. Heimild: ÍR

Athyglisvert er að skoða þróun iðkenda fjölda á grunnskólaaldri í körfubolta hjá ÍR milli ára. Mynd 12 sýnir breytingar milli ára í körfubolta iðkun allra 6 – 15 ára barna í Breiðholti (heimildir: Felix og ÍR). Þátttaka barna í Breiðholti í körfubolta hefur aukist úr 68 í 175 iðkendur á síðustu þremur árum. Athygli vekur að hlutfallsleg aukning er langmest í efra Breiðholti. Þátttaka barna í póstnúmeri 109 hefur tæplega tvöfaldast frá árinu 2005, en þátttaka barna í efra Breiðholti, póstnúmeri 111, hefur ellefufaldast. E.t.v. er skýringarinnar á vinsældum körfubolta í efra Breiðholti að leita í því að handbolti, sem er mjög vinsæll í Seljahverfi, hafi aldrei náð að festa rætur í efra Breiðholti, eins og kom fram í viðtölum við þjálfara, þannig að þarna hafi verið gott tækifæri.



2.7. Samantekt

Á Vesturlöndum hefur áhugi á hreyfingu og íþróttaiðkun vaxið jafnt og þétt og er hún orðin hluti af lífsstíl fólks. Stefnumótun opinberra aðila og félagasamtaka markast gjarnan af þeirri skoðun að íþróttir yti undir félagslega samþættingu ólíkra hópa, dragi úr einangrun og auki félagsvirkni. Þessar hugmyndir eru víða vinsælar, líka hér á landi, þótt fræðimenn austan hafs og vestan séu ekki sammála um samþættandi áhrif íþróttar fyrir samfélagið í heild.

Íþróttir eru taldar geta sameinað fólk með svipaðar líkamlegar forsendur, en geta líka leitt til aðskilnaðar vegna ýmissa hindrana. Íþróttir geta dregið úr streitu, hins vegar er ekki vitað nóg um hvort þær draga úr streitu milli ólíkra menningarhópa. Ýmsar erlendar rannsóknir sýna að innflytjendur sækjast gjarnan eftir að stunda íþróttir með samlöndum sínum og speglar þetta neikvæða reynslu úti í samfélaginu utan vallar.

Óljóst er hvernig heppilegast er að mæla árangur samþættingar fyrir tilstilli íþróttar. Er mælikvarðinn fjöldi iðkenda af erlendum uppruna, fjöldi þjálfara og starfsmanna af erlendum uppruna, vellíðan einstaklingsins og samsömun hans við heildina, eða eitthvað annað?

Lítið er vitað um félags- og íþróttabátttöku innflytjendabarna á Íslandi ef frá eru taldir þættir í rannsókn Þórodds Bjarnasonar prófessors við Háskólann á Akureyri, sem er hluti af alþjóðlegri rannsókn á högum grunnskólabarna (Þóroddur Bjarnason o.fl., 2006). Þegar rannsakað var hlutfall 10. bekkinga á landinu sem hreyfðu sig daglega var það 19% hjá strákum en aðeins 10% hjá stelpum. Rannsókn Þórodds leiddi hins vegar í ljós að íþróttabátttaka 10. bekkinga á höfuðborgarsvæðinu sem eru af erlendum uppruna var ívið meiri en þeirra sem áttu íslenska foreldra, eða 45% á móti 41%. Sé lítið á landið í heild var íþróttabátttaka nemenda með erlenda foreldra hins vegar lægri en innfæddra. Barna var spurt um bátttöku í íþróttafélögum, en ekki tíðni hreyfingar.

Nýlegar rannsóknir frá Noregi og Svíþjóð sýna ekki ýkja mikinn mun á íþróttabátttöku innflytjendaunglinga og þeirra sem eiga norska eða sænska foreldra. Í sumum greinum voru unglingar af erlendum uppruna jafnvel virkari en innfæddir. Alls staðar er þó bátttaka stelpna mun lægri en stráka, það á einnig við á Íslandi.

Samkvæmt tölum úr gagnagrunninum Felix er mun hærra hlutfall barna í Breiðholti á aldrinum 9-15 ára skráð sem iðkendur í íþróttum með íþróttafélagi en svör barna við spurningakönnunum gefa til kynna, sem bendir til að félög og iðkendur leggi ekki sama skilning í hugtakið bátttöku.

Þess ber að geta að heildarbátttakan í íþróttafélögum alls skv. Felix er mun lægri í efra Breiðholti en í neðra Breiðholti og Seljahverfi. Sama gildir um bátttöku í hverfisfélögum ÍR, Leikni og Ægi, en athygli vekur að bátttökuhlutfall í öðrum íþróttafélögum er um þriðjungi hærra hjá börnum í efra Breiðholti.

Erfitt er að kortleggja íþróttar- eða tómstundabátttöku innflytjendabarna nákvæmlega, þar sem hvorki ríkisfang né móðurmál barnanna eða foreldra þeirra er skráð hjá íþróttafélögum eða í gagnagrunnin Felix, og ekki heldur í frístundamiðstöðvum á vegum ÍTR. Samkvæmt handunnum tölum hjá ÍR og Leikni stunduðu 23,4% innflytjendabarna í Breiðholti íþróttir með þessum tveimur félögum. Ógerlegt er að áætla fjölda eða hlutfall innflytjendabarna í öðrum íþróttafélögum.

Körfubolti er mjög vinsæl íþróttagrein meðal innflytjendabarna í Breiðholti. Haustið 2007 hratt körfuboltadeild ÍR af stað sérstöku átaki til þess að ná til 6-9 ára barna. Árangurinn var vonum framar, sérstaklega meðal stelpna af erlendum uppruna í efra Breiðholti. Meðal þeirra þátta sem virtust skipta hvað mestu máli voru vandað kynningarefni á mörgum tungumálum sem barst inn á hvert heimili í Breiðholti, góðir æfingatímar í efra Breiðholti og gott samstarf við íþróttakennarana í skólunum, sem m.a. fól í sér að allan septembermánuð var boðið upp á körfubolta í íþróttatímum grunnskólanna.

3. kafli. Raddir af vettvangi

Í þessum hluta verður fjallað um það sem kom í ljós í viðtölum við fjölskyldur af erlendum uppruna í Breiðholti, starfsfólk í skólum, í íþrótt- og frístundastarfi í Breiðholti og einnig við fulltrúa kirkjunnar. Engin nöfn viðmælenda eru notuð. Í lokin er samantekt um helstu atriðin.

3.1. Aðgerðir til að efla íþróttapátttöku

3.1.1. Frístundakortið

Haustið 2007 kom ÍTR með nýtt tilboð sem ætlað var m.a. að efla pátttöku barna úr efnaminni fjölskyldum í skipulagðri tómstundastarfsemi. Þá gafst foreldrum í Reykjavík kostur á að sækja um Frístundakort fyrir börn sín á aldrinum 6-18 ára. Með kortinu var hægt að greiða niður pátttökugjald í íþróttum og ýmiss konar annarri



tómstundastarfsemi, svo sem skátastarfi, tónlistarnámi og barnastarfsemi á vegum trúfélaga. Upphæðin sem nýta mátti á þennan hátt var 12.000 krónur fyrir það sem eftir var af árinu 2007, hækkaði í 25.000 krónur 2008 og á næsta ári er fyrirhuguð hækking upp í 40.000 krónur fyrir hvert barn. Kynningarbæklingi um Frístundakortið og hvernig sækja skyldi um það var í fyrstu dreift á hvert heimili í borginni með einu af

friðlöðunum. Bæklingurinn var á fjórum tungumálum. Síðar var endurbættum bæklingi dreift í pósti til allra barna á aldrinum 6-18 ára. Upplýsingar voru einnig á vefsíðum Reykjavíkurborgar, ÍTR og nokkurra íþróttafélaga. Það vekur hins vegar athygli að mjög fá af skráðum aðildarfélögum Frístundakortsins hafa upplýsingar um kortið eða tengil í upplýsingar á vefsíðum sínum, eða 22 af 127, og aðeins 12 þeirra hafa einhvers konar tengil á forsiðu. Gildir þetta jafnt um íþróttafélög og önnur félög. Hér er greinilega verk að vinna.

3.1.1.1. Mikilvægi íslenskukunnáttu

Í viðtölum við fjölskyldur í þessari rannsókn kom í ljós að það virtist vera tilviljanakennt hvort og hvernig foreldrarnir höfðu fengið vitneskju um Frístundakortið. Þar sem foreldrar eða forráðamenn barnanna töluðu íslensku eða fjölskyldan hafði dvalið mjög mörg ár á Íslandi vissu allir af tilvist Frístundakortsins, alls í 12 fjölskyldum, en þó notuðu fjölskyldurnar sér tilboðið einungis í þremur tilfellum. Foreldrar höfðu þetta að segja:

Það hafði mikil áhrif að við fengum opinbera aðstoð við kostnaðinn, við gátum ekki látið þær fara áður, en afslátturinn hjálpaði okkur að ákveða að senda [dæturnar]. Upplýsingarnar komu á eins konar póstkorti, sem var bara á íslensku.

Ég vissi ekki hvað það var af því að ég skil ekki vel íslensku, svo ég geymdi það, en vinkona mín í næsta húsi sagði mér frá þessu.

(Japönsk mamma tveggja stelpna, 8 og 10 ára)

Við fengum bæklinginn. Ég veit um hann. Dóttur mína langar að læra hip hop dans, svo við ætlum niður í Mjódd og spyrja hvar það er hægt og klukkan hvað það er.

(Tælensk kona, fimm ár á Íslandi, á tvo unglinga)

Og eitt barn sagði:

Það var mamma mín sem vissi um Frístundakortið. Hún sagði við okkur að þið megði velja hvað þið viljið fara í. Svo ákváðum við það. Ég spurði líka krakkana í bekknum mínum hvort þau ætluðu að fara að æfa eitthvað. Þau sögðu að þau ætluðu líka að æfa [...]Ég sá það reyndar [um danskennslu] í blaðinu. Að það var hægt að æfa allskonar. Það var blað sem stendur um frístundakort, um allt sem er hægt að gera. Fyrst sýndi pabbi mér hvar það var og svo hringdi hann í Heiðar og spurði hvort ég mætti koma og horfa á og vita hvort mér fyndist það skemmtilegt. Og svo allt í einu byrjaði ég að æfa.

(11 ára gömul stelpa frá Filippseyjum, á íslenskan stjúpna)

Pólsk hjón sem hafa búið í sjö ár á Íslandi og töluðu mjög góða íslensku, þekktu vel til Frístundakortsins og hvers konar starfsemi var niðurgreidd. Þau höfðu hins vegar ekki notfært sér kortið, þar sem sonur þeirra var í einkakennslu á hljóðfæri og kennarinn var ekki aðili að kortinu.

Upplýsingar um að Frístundakortið gildi fyrir ýmiss konar tómstundastarf auk íþróttar höfðu ekki skilað sér til foreldranna. Mjög fáir af þeim sem könnuðust við kortið höfðu hugmynd um að hægt væri að nota það í annað en íþróttir.

Þetta kom í póstinum í dag. Ég hef séð bækling um þetta áður, líka um ÍR. Það er íþróttafélagið hérna niðurfrá. En við notum ekki kortið. Við ætlum kannski að gera það ef við göngum í þetta félag. Ég vissi ekki að það væri hægt að nota kortið fyrir annað en íþróttir. En það er gott að hafa þetta. Getu þau á þjónustumiðstöðinni hjálpað mér með það? Ég henti bæklingnum þegar hann kom í haust af því að ég vissi ekki.

(Mamma tveggja barna frá Filippseyjum)

Skólaliði af erlendum uppruna sem starfar við íþróttahús eins af grunnskólunum í hverfinu, hefur verið búsettur á Íslandi í fjölda ára og talar mjög góða íslensku kannaðist í janúar 2008 ekki við að hafa heyrt eða séð neitt um Frístundakortið.

3.1.1.2. Flókið umsóknarferli

Ekki eru tiltækar upplýsingar um hve útbreidd netnotkun er á heimilum innflytjenda og ekki var spurt sérstaklega um slíkt. Þó er ljóst að rafræna ferlið til að sækja um Frístundakortið er of flókið, ekki einungis fyrir fólk sem kann takmarkaða íslensku. Fáir viðmælenda gerðu sér ljóst að hægt var að fá aðstoð hjá þjónustumiðstöðinni. Íslenskur stjúi 12 ára stelpu frá Tælandi sagði þau vera nýbúin að fá bækling um frístundakortið og rétt að byrja að spá í hann, en það væru vandamál með nettenginguna og þau hefðu ekki getað farið inn á rafrænu Reykjavík.

Ég sá um Frístundakortið í blaði, það var frá ÍTR. Ég er búin að leita hjá ÍR, 25 þúsund krónur, mig langar að hafa svona kort já. En ég veit ekki hvernig ég á að sækja um svona kort.

(Einstæð móðir tveggja barna frá Filippseyjum)

Það hefur vafist fyrir mér þetta rafræna Reykjavík, þetta með Frístundakortið. Það hefur vafist svolítið fyrir mér eða fælt mig svolítið frá því að sækja um.... Manni finnst þetta bara vera svolítið flókið, maður er ekkert svo ofboðslega góður í tölvu. Það er spurning hvort það er ekki hægt að einfalda þetta eitthvað. Því að ef þetta er svona flókið fyrir mig þá er það ennþá verra til dæmis ef báðir foreldrarnir eru útlenskir.

(Íslenskur stjóri 9 ára gamallar stelpu frá Filippseyjum)

Pólsk kona sem hefur verið tvö ár á Íslandi mundi eftir að hafa heyrt um einhverjar endurgreiðslur sem hægt væri að fá af tómstundastarfi. “Kannski er það þetta Frístundakort. Ég held að einhver hafi sagt mér frá því,” sagði hún. Konan skildi ekki almennilega hvernig þetta fór fram eða hvernig hún ætti að sækja um.

3.1.1.3. Fallast foreldrum hendur?

Eins og fram hefur komið hér að framan fannst mörgum foreldrum umsóknarferlið flókið og voru ráðvilltir. Kennari í nýbúadeild Fellaskóla taldi erlenda foreldra stundum skorta viljann til að gera eitthvað sjálf.

Já stundum held ég að sumum hafi fundist þetta of flókið, skrá sig á netinu og gera þetta og hitt. [...] Við erum með krakka hér, þau eru systkini, og NN hjálpaði þeim að komast í Kramhúsið. Af því að foreldrarnir nenntu ekki að pæla í þessu. NN fékk tölvupóst foreldranna og lykilorðið frá Reykjavíkurborg og skráði hann í Kramhúsið. Af því að foreldrarnir nenntu ekki að pæla í þessu. Yngri bróðir hans er að æfa körfubolta hér í Breiðholti. Foreldrarnir hringdu í mig og sögðu: “XX, við þurfum að borga 15 þúsund fyrir hann.” Ég sagði nei, þið getið notað Frístundakortið. En af hverju þetta? Ég vil að þau verði ábyrg og geri þetta sjálf.

(Kennari í nýbúadeild Fellaskóla)

Í þessu sambandi ber að geta þess að foreldrar sem talað var við leituðu gjarnan til kennara um upplýsingar og aðstoð við ýmislegt sem ekki tengdist skólastarfinu beint, eins og dæmið hér að ofan sýnir.

3.1.1.4. Bæklingaflóð

Í mörgum viðtölum kom fram að fólki fannst þau fá óheyrilega mikið af bæklingum, flestum á íslensku, og upplýsingarnar skiluðu sér greinilega ekki.

Við fáum alveg helling af bæklingum, en þeir eru allir á íslensku. Við gáum að tungumálinu og fleygjum þeim. Það er erfitt að vera alltaf að biðja fólk að þýða fyrir sig. Það er hægt að spyrja einu sinni eða tvisvar, en fólk er ekkert áfjád í að þýða í hvert skipti sem það kemur einhver bæklingur.

(Pólsk hjón sem eiga tvo stráka. Hafa búið tvö ár á Íslandi)

Það var eitthvað minnst á [Frístundakortið] á foreldrafundi, en hvað með það? Hvernig á ég að fara að því að leita mér frekari upplýsinga? Það ætti að undirbúa meira fræðsluefni þegar krakkarnir byrja í skólanum. Það er fullt af bæklingum, en það er erfitt að nýta sér þá af því að við skiljum ekki.

(Pólsk einstæð mamma tveggja unglinga. Eitt ár á Íslandi)

3.1.1.5. Vantar öðruvísi kynningu?

Flestar fjölskyldurnar sem vissu ekkert af Frístundakortinu eða hvernig hægt væri að nota það höfðu dvalist fremur skamman tíma í landinu og töluðu litla eða enga íslensku. Þessir einstaklingar lesa ekki íslensk blöð og hafa takmarkaðar forsendur til að nýta sér aðra íslenska fréttamiðla. Upplýsingabæklingar sem koma á heimilin hverfa í flóðið.

Ég heyrði um Frístundakortið þegar þessi kona [frá MIRRA] kom í íslenskutímann til að kynna þessa rannsókn. Þegar hún var farin sagði kennarinn okkur frá kortinu. Hún reyndi að skýra út hvernig það virkaði og tók dæmi af fjölskyldu sinni. Þetta er eins konar fjárhagslegur stuðningur.

(Pólskur einstæður pabbi 13 ára stelpu, ½ ár á Íslandi)

Aldrei heyrt um Frístundakortið. Veit ekki til þess að það hafi komið neinar upplýsingar um framboð á tómstundum í Breiðholti. En strákurinn reynir alltaf að lesa það sem kemur.

(Pabbi 15 ára gamals stráks frá Póllandi. Strákurinn ½ ár á Íslandi, pabbinn 2 ár)

Við höfum ekki séð neitt um þetta. Hvar getum við fengið svona kort? Getum við valið hvaða félag sem er? Því ekki að prófa þetta. Ég ætla að fara þangað einhvern daginn. Sonur minn, veistu, hann hefur áhuga á júdó og karate. Og fótbolta. Hann er alltaf að tala um að hann langi.

(Pabbi fjögurra barna frá Filippseyjum, löng búseta á Íslandi)

Þjálfari hjá ÍR sagði:

Frístundakortið skiptir máli, en foreldrnir vita ekki hvernig á að nota það. Í gær var strákur sem kom, hann lítur út eins og útlendingur, en hann heitir íslensku nafni. Hann sagðist þurfa að hætta af því að mamma hans ætti ekki nógan pening til að borga æfingagjaldið. Og ég sagði honum að vera áfram. Svo að þetta er vandamál.

3.1.2. Íþróttafélögin - kynningar og samskipti

Mjög mikið framboð er á íþróttagreinum fyrir börn í Breiðholti, eins og áður hefur komið fram. Mest er framboðið í neðra Breiðholti, þar sem ÍR er með mest af sinni aðstöðu, en félagið er einnig með hluta af starfsemi sinni í íþróttahúsi Fellaskóla og Austurbergi. Fótboltafélagið Leiknir starfar í efra Breiðholti. Auk þess er sundfélagið Ægir með starfsemi í Breiðholti.

Í viðtölum við þjálfara hjá ÍR og Leikni kom fram að framboð á íþróttum er oftast kynnt fyrir nemendum í grunnskólum í hverfinu með bréfi sem skólarnir dreifa til barnanna, þar sem stakar greinar eru kynntar og oft boðið upp á ókeypis reynslutíma. Ekkert samstarf eða samræming hefur verið milli þjálfara í kynningaradferðum. Þjálfarar hafa stundum fengið leyfi skólastjóra til þess að fara í kennslutíma, spjalla við nemendur og dreifa kynningarbréfum. Í stöku tilfellum útbjuggu þjálfararnir sjálfir kynningarbæklinga, t.d. útbjó Leiknir bækling á ýmsum tungumálum með aðstoð iðkenda og foreldra sem töluðu viðkomandi mál og var þessum bæklingi dreift í skólunum. Oftast var kynningin þó aðeins á íslensku. “Bæklingarnir eru bara á íslensku. Og við höfum í rauninni ekkert verið að gera neitt

sérstaklega í því að nálgast nýbúana” sagði þjálfari í ÍR. Nokkrir þjálfarar, bæði hjá ÍR og Leikni, tóku fram að þeir væru í miklu samstarfi við íþróttakennarana í skólunum og hefðu verið með æfingar á skólatíma til kynningar fyrir alla bekk skólans. Í einu tilfelli hafði íþróttakennari bent fótboltaþjálfara á efnilegan erlendan strák í skólanum, sem félagið skyldi reyna að ná í.

Haustið 2007 var ráðinn körfuboltaþjálfari í fullt starf til ÍR, sem yfirþjálfari yngri flokka félagsins. Ráðist var í mikið kynningarátak til þess að fá yngstu börnin, 6-9 ára, til þess að byrja í körfubolta. Unninn var bæklingur á sex tungumálum sem dreift var á hvert heimili í Breiðholti og í samvinnu við íþróttakennarana var boðið upp á körfubolta í íþróttatímum grunnskólanna í hverfinu allan septembermánuð. Mikið var lagt upp úr því að kynningin næði til foreldranna og ekki einungis til barnanna. Einnig var lögð mikil áhersla á að fá góða æfingatíma fyrir börnin. Árangurinn af þessari markvissu og skipulegu herferð var mjög góður, einkum í efra Breiðholti, eins og þegar hefur verið greint frá.

Nokkrir foreldrar þekktu til íþróttafélaganna í hverfinu og fylgdust með upplýsingunum sem börnin höfðu fengið.

Ég þekki ÍR, hérna í Austurbergi. Ég veit ekki hvar það er til annars staðar. Og ég þekki Leikni, fótboltafélagið. En hann langar í karate. Ég sagði honum að hann ætti að fara í fótbolta, en hann langar bara í karate.
(Einstæð mamma 9 ára stráks frá Filippseyjum)

Við höfum fengið ýmsar upplýsingar, t.d. um fótboltatíma. Sumir tímar eru mjög seint. Í öðru lagi eru þeir dýrir. Ég er í sjokki yfir þessum fótbolta, alls staðar fótbolta. Það er þjóðarsportið. Og það er ekkert annað en fótbolta. Í Póllandi eru það aðallega strákar sem eru í fótbolta.
(Einstæð mamma 14 ára stelpu frá Póllandi)

Það var kynning á júdó í skólanum og hann fór í einn eða tvo tíma og svo fannst honum ekki mjög gaman í júdó og vildi frekar fara í fótbolta.
(Mamma 11 ára stráks frá Póllandi. Pabbinn íslenskur, strákurinn 6 ár á Íslandi)

Einn viðmælandi sagði að kennari í nýbúadeildinni í Fellaskóla hafi látið börnin hafa blað með upplýsingum um íþróttir í hverfinu. Eins og fram kemur hér að framan var kynningum á íþróttframboði yfirleitt beint til barnanna sjálfra, en ekki til foreldranna. Hlutverk skólanna við upplýsingamiðlun er ákaflega mikilvægt og nauðsynlegt að gott upplýsingaflæði sé milli skóla og heimila, því ekki má gera ráð fyrir að allar kynningar sem beint er að börnunum skili sér heim. Hér má skjóta inn að nýleg rannsókn Hönnu Ragnarsdóttir leiðir í ljós að upplýsingaflæði milli skóla og heimila innflytjendafjölskyldna sé ekki eins virkt og skyldi, einkum skorti gjarnan frumkvæði frá skólunum (Hanna Ragnarsdóttir, 2007: 264).

Við systurnar erum í júdó. Við fengum að vita um það í skólanum. Við fengum blað sem var um alls konar íþróttir. Við fengum það hjá bekkjarkennaranum okkar. Við fengum líka svona upplýsingar í fyrra.
(10 ára gömul stelpa, japönsk-bandarísk)

Strákurinn fékk upplýsingar í síðasta mánuði um hvað væri í boði hjá ÍR og hann var að hugsa um keilu. Mér finnst þetta finn styrkur, 25 þúsund.
(Pólsk mamma 11 ára stráks. 6 ár á Íslandi)

Pólskur strákur 15 ára gamall, sem aðeins hafði dvalist hálft ár á Íslandi, sagðist hafa fengið fyrir tilviljun að vita um möguleika á að fara í fótbolta með íþróttafélagi þegar hann var í hópastarfi fyrir innflytjendabörn í Miðbergi. Vinur hans sagði honum frá því. Þar sem kynningarefnið var oftast á íslensku gátu foreldrar stundum ekki áttað sig á efninu.

Ég þekki eiginlega ekki til íþróttafélaganna í hverfinu. Við höfum fengið bréf og bæklinga, en ég skil bara orðin fótbolta, sund, dans. Við skiljum ekki út á hvað tilboðið gengur.

(Pólskur pabbi 8 ára gamallar stelpu)

Strákinn minn langar að fara í einhverjar íþróttir. Ég veit ekki hvaða íþróttir eru í boði hérna fyrir börnin. Ég er alltaf að vinna, það er dýrt að lifa hérna.

(Pabbi fjögurra barna, 7-19 ára, frá Filippseyjum)

Ég varð að leita uppi allar upplýsingar sjálf. Það komu reyndar alls konar bæklingar. Íslendingar gera sér virkilega far um að aðstoða. En þeir gleyma því að ef þeir senda upplýsingar til Pólverja ættu þeir að senda upplýsingarnar á pólsku. Það eru það margir Pólverjar hér. Það er ýmislegt sem þú vilt ekki láta þýða fyrir þig.

(Einstæð mamma frá Póllandi)

Körfuboltaþjálfari hjá ÍR sagði að það gerði ekkert gagn að senda bæklinga með krökkunum, það þyrfti að bjóða upp á prufutíma í íþróttatímum í skólanum til þess að þau áttuðu sig á hvað íþróttagreinin gengi út á.

Í viðtali í íþróttufréttatíma Sjónvarpsins 3. júní 2008 sagði fulltrúi Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), í tilefni af útkomu foreldrabæklinga á nokkrum tungumálum á vegum Landsbanka, KSÍ og Alþjóðahúss:

Það hefur ekki verið rannsakað mjög nákvæmlega sko. En það er svona tilfinning þeirra úti í félögunum að það er erfiðara að fá þessi börn inn í starfið einhverra hluta vegna. Hugsanlega er eitthvað öðruvísi menning eða við höfum einhvern veginn ekki náð til þeirra, ekki kynnt nógu vel fyrir þeim starfið eða þau svona vita ekki nógu vel hvernig þau eiga að snúa sér til þess að byrja í fótbolta. Þannig að vonandi hjálpar þessi foreldrabæklingur til þess að ná til þeirra.

3.2. Félagslegt umhverfi og félagsleg þátttaka

Í viðtölunum kom fram að mjög mismunandi var hversu vel börnin höfðu aðlagast nýju umhverfi, hvort þau léku sér við íslenska vini eða ekki, eða hvort þau áttu vini yfirleitt. Það virtist ekki alfarið fara eftir lengd búsetu í landinu, heldur líka eftir persónuleika og fjölskylduaðstæðum. Tungumálið virtist skipta mjög miklu máli, hversu vel börnin gátu átt samskipti við önnur börn á íslensku. Ekki var hægt að dæma um hvort móttökuprógrömm í skólum barnanna höfðu haft einhver áhrif.

Það eru mjög fáir pólskir krakkar í skólanum, 2-3 á hennar aldri og ekki saman í bekk. Hún hefur minnst samband við Pólverja, en á vinkonur frá Filippseyjum og líka íslenskar.

(Mamma 8 ára pólskrar stelpu, sem hefur verið 2 ár á Íslandi)

Krakkarnir eiga svo marga vini hérna, þau eru í partíum með vinum sínum. Þeim finnst mjög gott að búa hérna. Stundum geri ég að gamni mínu og segi að við ætlum að flytja aftur til Filippseyja, ég sé þreyttur á að vera alltaf að vinna. En þau vilja það ekki.

(Pabbi 12 ára stelpu og 7 ára stráks frá Filippseyjum. Hafa verið mörg ár á Íslandi)

Bestu vinkonur mínar eru frá Filippseyjum, en ég á líka íslenskar vinkonur. Bróðir minn og ég förum ein í strætó á æfingar, í ÍR heimilið og í Langholtsskóla.

(11 ára stelpa frá Filippseyjum. Hefur búið 2 ár á Íslandi)

Hún á íslenskar vinkonur og vini. Henni var vel tekið í skólanum. Hún á aðeins tvo pólska vini, frændur sína sem við bjuggum hjá fyrst.

(Einstæður pólskur pabbi 13 ára stelpu)

Það kom á óvart að börn sem höfðu aðlagast vel og áttu marga íslenska vini voru ekkert frekar virk í íþróttum en önnur, og þekktu ekkert frekar til Frístundakortsins.

Nokkur börn sem höfðu dvalið fremur stuttan tíma á Íslandi virtust vera frekar einmana og einangruð.

Hún hefur lítið viljað fara út nema með okkur foreldrunum. Hún er hrædd við að fara ein, af því að hún talar litla íslensku. Ég er að kenna henni á strætó. Hún á einn vin frá Tælandi, en hann býr á Selfossi.

(Íslenskur stjúpi 12 ára stelpu frá Tælandi. Hún hefur verið á Íslandi í 1 ½ ár)

Það var erfitt að koma til Íslands og læra málið. Besti vinur minn er frá Litháen, hann er í sama bekk. Annar vinur er frá Nepal. Við erum að teikna þegar við erum saman. Ég læri lítið en teikna mikið.

(13 ára strákur frá Tælandi, hefur verið 1 ár á Íslandi)

Í tveimur tilfellum höfðu pólsk börn orðið fyrir vandamálum í skólanum, sem tengdust uppruna þeirra. C hafði lent í vandamálum í skólanum. “Það eru Pólverjar sem egna Íslendingum gegn öðrum Pólverjum. Og C kunni ekki að bregðast við því”, sagði mamma hennar.

C á mest pólska og filippseyska vini, sem hún hittir eftir skólann. Þau umgangast sjaldan íslenska krakka.

(Einstæð móðir frá Póllandi, stelpa (C) er 14 ára, á 17 ára bróður)

Í viðtali við aðra pólska fjölskyldu sögðu foreldrarnir að strákarnir synir þeirra (13 og 14 ára) hefðu orðið fyrir rasisma í skólanum, frá Íslendingum, aðallega einum. Þau sögðu kennarana kvarta líka yfir Pólverjunum, að þeir töluðu pólsku og væru að hlæja svo aðrir skildu ekki hvað þeir segðu. Pabbinn taldi þetta vera vandamál fjölbjóðaumhverfis, sem ætti t.d. alveg eins við með Tælendinga. Hann sagði enga tilraun gerða til að samþætta strákana í bekkinn eða skólann, fyrir utan að kynna þá með nöfnum og fannst fæstir kennaranna gera sér far um að aðstoða drengina við aðlögun.

Strákur frá Tælandi, 13 ára gamall, sem hefur verið eitt ár á Íslandi og talar ekki mjög mikla íslensku, sagði aðspurður um hvort hann hefði orðið fyrir stríðni eða

áreitni: “Ekki fyrst. En svo var einhver að lemja mig og ég lamdi hann til baka.” Íslenskur stjúpi hans bætti við:

Hann svaraði bara duglega fyrir sig svo málið var svæft og hann hefur fengið frið síðan. Hann lét ekkert vaða yfir sig. Hann svaraði fyrir sig strax og þá var það mál afgreitt og hann hefur fengið frið síðan. Hann hefur allavega ekki kvartað neitt síðan. Það er nú oft svo að það er niðst á þeim sem ekki svara fyrir sig.

3.2.1. Tungumálaerfiðleikar – upplýsingaflæði

Í rannsókninni komu ítrekað fram þau gömlu sannindi að tungumálið er lykill að aðgengi að samfélaginu. “Það er hálfgerð fötlun að kunna ekki málið. Þú getur ekki tjáð þig á góðan máta” sagði pólsk einstæð mamma sem hefur búið eitt ár á Íslandi með börnum sínum.

3.2.1.1. Foreldrarnir

“Það eru engar upplýsingar um íþróttir á tælensku, ekki heldur frá skólanum” sagði tælensk mamma 10 ára gamallar stelpu. Mjög margir foreldrar kvörtuðu undan því að upplýsingar væru aðeins á íslensku eða ensku, en enskukunnátta margra er mjög takmörkuð. Í mörgum tilfellum verða foreldrar að treysta á börnin, aðra ættingja eða nágranna til þess að þýða upplýsingar sem koma frá skólunum og öðrum aðilum. Pólsk mamma tveggja stráka sagði að synirnir þyrftu að túlka fyrir hana í verslunum. Önnur sagði að það væri hægt að biðja kunningja að þýða fyrir sig af og til, en það væri ýmislegt sem hún vildi ekki láta þau þýða.

Það er ekkert svo mikið af pappírurum sem kemur frá skólunum. Og ef eitthvað kemur hjálpar bróðir minn mér.

(Pólskur einstæður pabbi 13 ára stelpu, ½ ár á Íslandi)

Við fengum þykkan bækling í skólanum [þegar stelpan byrjaði] og ég held að þar hafi verið allar upplýsingar um skólann, en bæklingurinn var á íslensku. Við vorum heppin, það er pólsk kona sem kennir telpunni og tveimur öðrum pólsku tvo tíma á viku. Ég veit ekki hvort það er á vegum skólans. Hún hjálpar mér heilmikið. Hún þýddi ekki smáatriðin í bókinni, en ég get alltaf beðið hana um hjálp og hún fer með mér í skólann ef þess þarf, líka á foreldrafundi.

(Pólsk mamma 8 ára stelpu, 2 ár á Íslandi)

Margir filippseyskir foreldrar reiða sig á kennara í nýbúadeild Fellaskóla, sem er af filippseyskum uppruna.

Allar upplýsingar frá skólunum eru alltaf á íslensku. En dóttir mín kann að lesa og skrifa á íslensku og hún skilur pappírana sem verið er að senda mér og getur þýtt þá. Og ég þekki Níní, hún hjálpar mér líka. Ég held að margar fjölskyldur leiti til hennar af því að það eru margir sem skilja ekki neitt í íslensku og þau hringja í hana af því að hún er alltaf í Fellaskóla.

(Filippseyskur pabbi 12 ára stelpu og 7 ára stráks)

Upplýsingar frá skólanum eru ýmist á íslensku eða ensku. Níní hjálpar stundum við að þýða þær. Börnin eru í nýbúadeildinni, þau eru alltaf hjá Níní.

(Filippseyskur pabbi fjögurra barna. Margra ára búseta á Íslandi)

Siðareglur og viðhorf til samskipta kynjanna geta verið hindrun til viðbótar við tungumálavandann. Tælensk mamma tveggja barna sagðist hafa verið von að hringja í kennarann ef hana vantaði einhverjar upplýsingar:

En núna er kennarinn karlmaður, svo ég er ekki með heimasímann hans eða farsímann. [Strákurinn] kom með blað í dag og ég skil ekki, svo mig langar að hringja og fá útskýringar. En eftir að þessi maður byrjaði hringi ég aldrei.

3.2.1.2. Börnin

Það eru ekki aðeins foreldrarnir sem eiga erfitt með samskipti vegna tungumálaerfðleika. Stundum er lausnin að notast við ensku í kennslunni fyrst um sinn, eins og foreldrar 15 ára stráks frá Póllandi sögðu frá. En það er ekki alls staðar lausnin. “Það er enginn sem hjálpar krökkunum með pólsku. Og það er slæmt. Það er stefna skólans að allt skuli vera á íslensku. En hvernig á hún að skilja námsgreinarnar ef hún skilur ekki málið?” spurði móðir tveggja unglinga.

Mér finnst bara nokkuð vel að þessu staðið hérna í skólanum. En það er náttúrulega bara með skilninginn, það eru engir kennarar þarna sem skilja tælensku.

(Íslenskur stjúi tveggja stráka frá Tælandi)

Pólskir bræður sem hafa verið á Íslandi í eitt ár sögðu:

Við getum átt samskipti í skólanum af því að við eigum vini þar. Annar þeirra er búinn að vera hér í 7 ár. Við förum til hans ef við þurfum eitthvað. Hinn er búinn að vera hér í fjögur ár.

3.2.2. Þjónustumiðstöðin

Allmargir af foreldrunum vissu af Þjónustumiðstöð Breiðholts í Mjódd. Nokkrir höfðu farið þangað til þess að fá vottorð í tengslum við dvalarleyfi eða til þess að sækja um húsaleigubætur. Stundum fékk fólk upplýsingar um þjónustumiðstöðina hjá vinum sem höfðu búið lengur á landinu.

Við vitum um þjónustumiðstöðina. Við förum þangað að sækja um húsaleigubætur. Og ég spurðist fyrir um stuðning við einstæða foreldra. Ég vissi um miðstöðina í gegnum fjölskyldu sem er hér á landi og hefur leitað þangað.

(Einstæður pólskur pabbi 13 ára stelpu, ½ ár á Íslandi)

Það er skrifstofa þar sem við sóttum um húsaleigubætur. Þeir geta líka hjálpað efnalitlu fólki við að finna íbúð. Ég er ekki viss um að ég viti lengur hvar skrifstofan er. Ég veit ekki heldur hvað þeir gera annað.

(Pólsk mamma tveggja stráka, 13 og 14 ára. Hafa dvalið 1 ár á Íslandi)

Þeir sem höfðu eigin reynslu af Þjónustumiðstöð Breiðholts voru mjög jákvæðir.

Það var ekki fyrr en eftir að við förum í Mjódd sem við komumst að því að [Fristundakortið] var ókeypis. Konan á skrifstofunni var mjög hjálpsöm og sagði

okkur að koma bara með upplýsingarnar og hún skyldi skrá þetta á tölvuna. Og svo fórum við til ÍR.

(Pabbi tveggja stelpna, 8 og 10 ára)

Ég hef tvisvar farið þangað, niður í Mjódd, og þau eru mjög almennileg við mig. Hjálpuðu mér vel. Opnunartímarnir eru líka í lagi.

(Pabbi 12 ára stelpu og 7 ára stráks frá Filippseyjum)

Það er bara góður sálfræðingur þar og gott teymi og ég held að honum hafi líkað mjög vel þar.

(Mamma 11 ára stráks frá Póllandi. Hafa dvalist 6 ár á Íslandi)

Enginn vissi að hægt var að fá aðstoð á þjónustumiðstöðinni við að sækja um Frístundakortið eða skrá börnin í tómstundastarf, ekki heldur þeir foreldrar sem þekktu til Frístundakortsins. Nokkrir foreldrar þekktu ekki til þjónustumiðstöðvarinnar né hvað hún gæti gert fyrir innflytjendur.

Ég hef aldrei heyrt um þjónustumiðstöðina eða hvað hún gerir. Reyndar fékk ég engar upplýsingar um réttindi, skyldur eða þjónustu þegar við fluttum til landsins.

(Pólskur pabbi 15 ára stráks. Pabbinn hefur verið á Íslandi í 2 ár, mamman og sonurinn í ½ ár)

Sambýlismaðurinn minn sótti um Frístundakort fyrir börnin niðri á Þjónustumiðstöð af því að það hafa verið vandamál með tölvuna okkar. Ég veit ekki annars hvað þjónustumiðstöðin gerir.

(Mamma 10 ára stráks og 11 ára stelpu frá Filippseyjum, búsett 8 ár á Íslandi)

Jafnvel íslenskur stjúi tveggja stráka frá Filippseyjum þekkti ekki til þjónustumiðstöðvarinnar: “Er þjónustumiðstöð þar? Ég vissi nú ekki einu sinni af henni.”

3.2.3. Sameiginlegar tómstundir fjölskyldunnar

Það var áberandi að foreldrarnir í viðtalsrannsókninni unnu mjög langan vinnudag. Mæðurnar voru undantekningarlaust í fullri vinnu, sumar líka í aukavinnu á kvöldin. Heimilisfeðurnir, hvort sem um var að ræða feður eða stjúpa barnanna, unnu yfirleitt 50-60 klukkustundir á viku. Sumir foreldranna stunduðu íslenskunám að auki. Hafa ber í huga að margar mæðranna voru heimavinnandi áður en fjölskyldan flutti til Íslands, svo umskiptin eru mjög mikil. Ljóst er af svo miklu vinnuálagi að ekki er mikið ráðrúm fyrir tómstundir. Þó reyndu margir foreldranna að gera eitthvað með börnum sínum, m.a. að fara saman í sund eða skreppa eitthvað út fyrir hverfið.

Ég vinn mjög mikið, stundum líka á sunnudögum. En fyrir stuttu fórum við í indæla gönguferð í nágrenninu, u.þ.b. 20 mínútur héðan. Það var mjög fallegur staður. Annars eldum við oft saman.

(Pólskur einstæður faðir 13 ára gamallar stelpu. Þau hafa aðeins verið um hálf tveggja ár á Íslandi)

Pabbi horfir á sjónvarpið, mamma er að elda og ég er kannski að horfa á tölvuna og kannski að fara að sofa.

(13 ára gamall strákur frá Tælandi, hefur verið eitt ár á Íslandi. Foreldrarnir hafa nýlega tekið við rekstri fyrirtækis)

Feðgarnir fara í dagsferðir á bílnum. Stundum spila þeir í tölvunni.

(Pólsk mamma 10 ára gamals stráks, sem hefur verið 7 ár á Íslandi)

Mér finnst gaman að fara í bíltúr með börnin mín og skoða okkur um.

(Pabbi tveggja barna, 7 ára stráks og 12 ára stelpu, frá Filippseyjum)

Íslenskur stjúpi 12 ára gamallar stelpu frá Tælandi, sem var nýlega komin til landsins og þekkti fáa, gerði sér far um að hjálpa henni og sinna henni í frístundum: “Ég fór með hana á skauta um daginn, sem henni fannst mjög gaman.”

Í viðtölunum kom fram að víða er hefð fyrir því að frístundum sé eytt heima með fjölskyldunni og almenningur sé ekki í félagsstarfi.

Alls konar íþróttir eru stundaðar á Filippseyjum. Íþróttir, þú veist, og skátarnir, fyrir krakka frá 1. upp í 6. bekk. En um helgar eru börn með foreldrum sínum og fara ekki neitt. Síðan við komum hingað eru krakkarnir heima þegar þau eru ekki í skólanum.

(Filippseyskur pabbi tveggja barna á skólaaldri og tveggja eldri unglinga)

3.2.3.1. Verslunarferðir

Athygli vakti að margir af foreldrunum töldu verslunarferðir í Smáralindina til helstu tómstundaiðju fjölskyldunnar. Einnig hvatti kennari 13 ára stelpu frá Póllandi sem hefur verið hálf ár á Íslandi, hana til að fara meira út, t.d. í Kringluna eða Smáralind.

Það eru litlar tómstundir, bara sunnudagarnir. Fjölskyldan fer að versla, yfirleitt í Smáralind.

(Pólsk fjölskylda, hefur búið eitt ár á Íslandi. Tveir strákar á skólaaldri)

Stundum förum við í Kringluna, Smáralind, eða erum heima að horfa á sjónvarpið eða eitthvað. [...] Stundum hittist allt skyldfólkið og talar heilmikið, bla bla bla.

(Filippseyskur pabbi tveggja barna, 7 og 11 ára)

Um helgar förum við stundum eitthvað með börnunum, í Smáralindina, ég keyri þau þangað. Stundum erum við bara heima. En ég leyfi þeim að vera úti ef það er gott veður.

(Pabbi tveggja barna, 7 ára stráks og 12 ára stelpu, frá Filippseyjum)

Annað sem börnin og foreldrar þeirra sögðust stundum gera sameiginlega var að fara í keilu, spila á spil eða heimsækja vini og ættingja.

3.3. Hvað gera börnin í frístundum sínum?

Greinilega kom fram í viðtölunum að þátttakendur voru fæstir vanir því frá heimalandinu, að börn stunduðu skipulagt tómstunda- eða félagsstarf utan skólans.

Langflest börnin sögðust verja frítímanum heima hjá sér eða vinum sínum þegar þau eru ekki í skóla. Mörg þeirra sögðust leika sér mikið úti.

Ég er að hlaupa og stökkva með vinum mínum. Alltaf úti. Ef ég hef engan til að leika við er ég inni að lesa.

(10 ára gömul stelpa frá Tælandi. Byr með einstæðri mömmu sinni)

Við tölum mikið saman þegar við hittum vinina eftir skóla. Við heimsækjum hvert annað. Og við leikum okkur úti og stundum inni. Stundum erum við í feluleik með krökkunum í blokkinni. Stundum förum við í snjókast. Svo erum við líka að læra kórsöng. Kórinn hefur komið fram við hátíðahöld.

(2 systur, 9 og 11 ára, báðir foreldrar erlendir)

Hann á mest vinkonur sem eru í sama bekk. Þau spila fótbolta saman hjá blokkinni með fleiri krökkum.

(Pólsk mamma 10 ára stráks, sem hefur verið 7 ár á Íslandi)

Að sjálfsgöðu skiptir máli hve lengi börnin hafa verið í landinu, kynnst umhverfinu og lært málið.

Þeir safna saman vinum sínum og eru úti að leika. Þetta eru mest pólskir krakkar, en samt nokkrar íslenskar stelpur. Tungumálið er talsvert vandamál.

(Mamma tveggja bræðra frá Póllandi, 13 og 14 ára. Eitt ár á Íslandi)

Börnin okkar fara stundum til vina sinna stutta stund og svo fara þau heim. Þau eru ekki lengi úti. Þau þekkja ekki marga krakka hérna ennþá.

(Pabbi tveggja barna frá Filippseyjum, 7 og 11 ára. Pabbinn hefur verið 7 ár á Íslandi en börnin eitt ár)

Eldri krakkar, 12-14 ára, sögðust mest vera með vinum sínum og spjalla saman, ýmist heima hjá viðmælendum eða vinunum. Stundum fóru þau saman í bíó. Foreldrunum fannst allt í lagi að þau færu ein í strætó og höfðu á tilfinningunni að það væri öruggt, en vildu að börnin létu vita af sér.

Sum börnin stunduðu íþróttir með íþróttafélagi, önnur höfðu gert það en hætt því. Nánar er fjallað um það annars staðar í þessari skýrslu.

3.3.1. Íþróttir upp á eigin spýtur


Erfitt er að gera sér grein fyrir í hve miklum mæli börn af erlendum uppruna í Breiðholti stunda reglubundið íþróttir og hreyfingu upp á eigin spýtur. Til þess að fá greinargóða mynd af ófélagsbundinni íþróttaiðkun þessara barna þyrfti spurningakönnun sem næði til marktæks fjölda.

3.3.1.1. Sund

Sund er vinsælt hjá allmörgum af börnunum í viðtalsrannsókninni, sem fara gjarnan með vinum sínum. Sund er ódýrt og aðgengilegt hér á landi, ólíkt ýmsum öðrum löndum. T.d. kom fram hjá pólskri fjölskyldu, að ekki hafi verið möguleiki á sundi í heimabyggð þeirra, það hafi aðeins verið ströndin en engin sundlaug. Sömuleiðis töluðu fáeinir af foreldrunum frá Filippseyjum um að þau sjálf hefðu aldrei lært sund.

Stundum kem ég beint heim en í gær fór ég með vinkonu minni í sund. [...] Ég kunni ekkert að synda þegar ég kom til Íslands, en núna er ég alveg búin að læra að synda. Mér finnst gaman í sundi. Stundum fer ég með vinkonum mínum og stundum ein.

(9 ára stelpa frá Filippseyjum, hefur búið tvö og hálf ár á Íslandi. Byr með mómmu sinni og íslenskum stjúpum)



Strákur einn sagði svo:

Við erum heima hér eða hjá honum og erum í tölvunni eða höldum áfram með snjóhús sem við erum að gera. Alls konar. Bæði inni og úti. Svo förum við stundum í sund. Ég fór í sund í gær með vini mínum. Ég fer yfirleitt einn með vini mínum. Mér finnst gaman í sundi.

(11 ára strákur sem á pólska mómmu og íslenskan pabba. Hefur búið sex ár á Íslandi)

Foreldrarnir voru ánægðir með að börnin færu í sund og nokkrar fjölskyldur fóru gjarnan saman í sund um helgar.

Honum finnst gaman þegar þau á frístundaheimilinu fara í sund. Það er gott að þau læra að synda hérna í skólanum, ég kann ekki að synda.

(Mamma 9 ára gamals stráks frá Filippseyjum)

Skólasundið er ekki alltaf vinsælt:

Bræðrunum finnst gaman í sundi, en ekki með skólanum. Fjölskyldan fer oft saman í sund. (Tveir bræður frá Póllandi, hafa búið eitt ár á Íslandi)

Hún fer meira út núna en fyrr, til dæmis í sund. Hún er hrifin af sundlaugum, en auðvitað ekki af skólasundinu. Hún blygðast sín fyrir hinum yfir að afklæðast í sameiginlegu rými. Hún á erfitt með þetta. Íslendingar eru vanir þessu.

(Pólsk mamma 14 ára stelpu, sem hefur búið eitt ár á Íslandi)

3.3.1.2. Fótbolti

Í viðtölum við þjálfara hjá ÍR og Leikni kom fram að börn af erlendum uppruna léku sér mikið í fótbolta án þess að vera með í skipulögðum æfingum.

Leiknismennirnir sögðu að uppi í efra Breiðholti væru fjölskyldurnar mikið að spila fótbolta um helgar, það gæti einmitt verið eitthvað á svipuðum nótum. Og svo þegar er blásið til æfingar þá hverfa þeir. En það var fullur völlurinn af krökkum og foreldrum.

(Frístundaráðgjafi Þjónustumiðstöðvar Breiðholts)

Rannsóknir í Svíþjóð sýndu sömuleiðis að áberandi mikið var um að innflytjendastrákar væru að spila fótbolta upp á eigin spýtur, utan íþróttafélags (Etnisk mánfald, 2003).

Nokkrir af strákunum í viðtalsrannsókninni sögðust oft spila fótbolta í frístundum sínum.

Stundum fer ég heim til Jóa og við leikum okkur úti og förum í fótbolta Jóa og ég. Á Leiknisvellingum. Það eru margir krakkar sem eru á Leiknisvellingum. [...] Við förum stundum í körfu og svona. Það er karfa hérna rétt hjá.

(10 ára gamall strákur frá Filippseyjum)

Ég er stundum í fótbolta með vinum mínum þegar ég er ekki í skóla. Og ég er stundum með vinum mínum í körfubolta. Það er karfa fyrir utan.

(11 ára gamall strákur frá Filippseyjum)

Stelpurnar voru líka í boltaleik.

Þá spjöllum við saman, förum út í búð, kaupum eitthvað, svo erum við bara að leika okkur. Til skiptis heima hjá okkur eða þeim, og svo erum við í boltaleik stundum. Úti á vellingum.

(12 ára gömul stelpa frá Filippseyjum)

Ekki voru þó allir krakkar í rannsókninni jafn hrifnir af fótboltanum. Það fór þó eftir kringumstæðum.

Stundum erum við að leika úti. Í alls konar, en ekki í fótbolta. Vinur minn er alltaf í fótbolta, hann er að keppa. En mér finnst það ekki gaman, maður dettur alltaf. Og meiðir sig.

(7 ára gamall strákur frá Filippseyjum)

Mér finnst ekki gaman í hópíþróttum nema þegar ég er með vinum mínum eða í hóp sem ég þekki. Mér finnst gaman í fótbolta, en það er alltaf hópur á vellingum og svo kemur annar. Þegar allur bekkurinn er í fótbolta verða freku strákarnir ergilegir. Mér finnst bara gaman í fótbolta þegar það eru engir aðrir, þegar við erum ekki að trufla.

(9 ára gömul stelpa, fædd á Íslandi, erlendir foreldrar)

3.3.2. Kirkjustarf og annað trúarlegt starf

Það kom fram í mörgum af viðtölunum að kirkjan og sú starfsemi sem þar fer fram er ríkur þáttur í tómstundastarfi barnanna. Þetta á einkum við um Mariukirkju, kaþólsku kirkjuna í Breiðholti, en allmargar fjölskyldur sögðust líka stunda Landakotskirkju. Prestar Mariukirkju sögðu frá því að auk sunnudagaskóla og undirbúnings fyrir fyrstu altarisgönguna (holy communion) og fermingu væri kirkjan með öflugt fjölskyldustarf, m.a. kirkjubúðir sem væri ætlað að ná til unglinga. Þeir töldu þetta

einkum höfða til fólks frá Filippseyjum. U.þ.b. 100 börn af erlendum uppruna taka virkan þátt í starfsemi á vegum Maríukirkju.

Á sunnudögum fer ég í sunnudagaskólann og á laugardögum fer ég í kirkju klukkan sex. Af því að ég fer að hjálpa prestinum. Alltaf á laugardögum. Það eru eitthvað fjórir krakkar, og við setjum – og ég tek eitthvað vatn og vín, og svo vinkona mín frá Filippseyjum, og tökum svona fjólubláan lit og gefum prestinum, og við setjum vatn í svona hvað heitir það þú, svona bolla. Svo hringjum við bjöllunum líka þegar messan byrjar.

(12 ára gömul stelpa frá Filippseyjum)

Á sunnudögum förum við í Landakotskirkju. Eða misjafnt, stundum í Maríukirkju. Sonur minn litli, hann er alltaf að fara í Maríukirkju á sunnudögum, það er alltaf eitthvert nám þar fyrir krakka. Það eru svo mikil verkefni á námskeiðinu. Það er líka verið að undirbúa krakkana fyrir first communion.

(Mamma 9 ára stráks frá Filippseyjum)

Strákarnir eru í fermingarundirbúningi hjá pólska prestinum. Þau eru líka að undirbúa jólaleikrit einu sinni í viku.

(Mamma tveggja stráka frá Póllandi)

Tveir pólskir strákar sögðust líka vera í myndlistarnámskeiði undir stjórn séra Jakobs, pólska prestsins í Maríukirkju. Annar strákanna hafði haft áhuga á myndlist frá því áður en hann kom til landsins. Það kom fram hjá allnokkrum foreldrum að það væri mjög mikið barnastarf í Maríukirkju yfirleitt.

Allir viðmælendur sem nefndu þátttöku í trúarstarfi voru kaþólskir, með tveimur undantekningum, önnur fjölskyldan tilheyrði sértrúarsöfnuði en hin voru Búddatrúar. Tælendingar eru flestir búddatrúar og strákar fara í gegnum prógramm þar sem þeir eru munkar í tiltekinn tíma.

Hann var munkur í eina viku í sumar [...] Það er mjög fínt. Þá er hann að læra búddatrú. Á námskeiði og líka að vera munkur, geta ekki borðað kvöldmat, fastar reglur. Og raka hárið.

(Mamma 9 ára gamals stráks. Mamman tælensk, pabbinn íslenskur)

Samkvæmt upplýsingum frá Breiðholtskirkju er hlutfall innflytjendabarna í æskulýðsstarfi kirkjunnar mjög lágt. Svipaða sögu er að segja úr Fella- og Hólakirkju, þar voru um 10 innflytjendabörn af 85 börnum sem tóku þátt, og í Seljakirkju voru 11 innflytjendabörn af alls 163 þátttakendum í æskulýðsstarfi kirkjunnar. Þess ber að geta, að stærstu hópar innflytjenda í Breiðholti, Filippseyingar og Pólverjar, eru kaþólskir og því afar ósennilegt að börn þeirra sæki barnastarf á vegum íslensku þjóðkirkjunnar.

3.3.3. Skátastarf

Skátafélagin eru öflugur þátttakandi í frístundastarfi barna og unglinga og eru m.a. aðilar að Frístundakortinu. Skátahreyfingin er alþjóðleg og velþekkt. Ekkert barnanna í viðtalsrannsókninni var í skátafélagi, en pólskir foreldrar 10 ára stráks vildu gjarnan koma honum í skátastarf, því þau höfðu bæði verið skátar heima í Póllandi. Þau vissu hins vegar ekkert hvert þau áttu að snúa sér. Tungumálið var ekkert vandamál í þessu tilfelli, fjölskyldan hefur búið 7 ár á Íslandi og foreldrarnir tala góða íslensku.

Til skamms tíma voru starfandi skátafélög bæði í efra og neðra Breiðholti. Starfsemi þeirra liggur niðri, en áhugasömum er bent á skátafélagið Segul í Seljahverfi. Í samtali við sveitarforingja í Segli kom fram að af um 30 börnum á aldrinum 10-13 ára væri eitt af erlendum uppruna. Han sagði félagið faliðað í efri aldursflokkunum og því ekki hafa bolmagn til að fara í miklar kynningar á starfseminni utan Seljahverfis Félagið hefur ekki gert sérstakar tilraunir til þess að ná til barna af erlendum uppruna. Farið hefur verið í Seljaskóla og Ölduselsskóla á haustin og starfsemin kynnt.

3.3.4. Frístundamiðstöðvarnar

Svo til engir af krökkunum í rannsókninni stunduðu frístundamiðstöðvarnar Miðberg og Hólmasel, ef undantekin eru þau sem tóku þátt í sérstöku hópstarfi fyrir innflytjendabörn, sem var sett af stað í vetur og er sagt frá hér fyrir neðan. Fáeinir aðrir krakkar virtust vita af Miðbergi, en nánast engir af foreldrunum. Fram kom í viðtali við pólska fjölskyldu sem býr í næsta nágrenni við Miðberg, að fjölskyldan hafði ekki hugmynd um alþjóðlega barnahátíð, sem haldin hafði verið þar stuttu áður.

Tengsl frístundamiðstöðvarinnar við foreldra almennt eru ekki mikil og ekki hefur verið farið í sérstakt kynningarátak gagnvart innflytjendafjölskyldum.

Það er ekkert foreldrafélag. Það er bara skólinn. En það hefur verið mjög lítið samband við foreldra og í rauninni höfum við samt reynt. Það er alveg sama hvort það séu krakkar af íslensku bergi brotnir eða erlendu bergi brotnir. Það er mjög erfitt að fá samstarf við foreldra. Þau sýna þessu starfi ekki mikinn áhuga. *(Hópstjóri í Miðbergi)*

Hópstjórinn bætti við að það hafi verið gerður bæklingur á þremur tungumálum fyrir u.þ.b. tveimur árum um hvað Miðberg er og að starfsfólk færi reglulega í skólana til þess að kynna frístundamiðstöðina og starfsemi hennar. Starfsfólk Miðbergs sagði þátttöku innflytjendabarna frekar lága. Hópstjóri svaraði spurningu um þátttöku innflytjendabarna svona:

Hún er frekar lág myndi ég segja. Þau sem koma hingað og eru af erlendum uppruna eru þau sem hafa náð að aðlagast rosalega vel í samfélaginu. Sem tala málið vel, eiga mikið af íslenskum vinum og hafa verið hérna í lengri tíma. [...] Við náum stundum svona einum og einum. En við værum alveg til í að ná í fleiri. Við höfum verið með ýmis verkefni til að ná til fleiri krakka. [...] það hefur verið dálítið strembið af því að það hefur verið okkar tilfinning að bæði krakkarnir átti sig ekki á þessari þjónustu og líka að foreldrarnir geri sér ekki grein fyrir því hvað þetta er. [...]

Það skiptir mjög miklu máli með tungumálið og að þau hafi aðlagast almennt.

Ég veit það allavegana að af þeim sem eru af erlendum uppruna þá koma flest frá Filippseyjum. Það er svona mesti hópurinn. Og svo er dálítið af Pólverjum og Litháum. En það eru þá krakkar sem eru búin að vera hér í mörg ár og vita alla beisik hluti eins og hvað félagsmiðstöð er og svoleiðis. [...] En svo getur líka verið og maður kannski áttar sig ekki alltaf á því, vegna þess að þessir krakkar eru margir farnir að kalla sig íslenskum nöfnum. Ég meina, þannig að maður kannski áttar sig ekkert á því að þau séu frá öðru landi.

Deildarstjóri unglingastarfs sagði í þessu sambandi að e.t.v. væri ekki nægilega skýrt tekið fram að þátttaka í starfsemi miðstöðvarinnar væri ókeypis.

Frístundamiðstöðin Miðberg hefur í vetur staðið að hópastarfi í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts og grunnskólana í hverfinu. Um var að ræða 12 vikna starf, einu sinni til tvisvar í viku. Þetta hópastarf beindist að mismunandi hópum, m.a. börnum af erlendum uppruna, og var fjármagnað af hluta þess fjár sem Reykjavíkurborg varði til Frístundakortsins. Starfsfólk Miðbergs sá um skipulagningu og framkvæmd.

Við kynnum þetta fyrir námsráðgjafanum og skólastjórnendum, og þau tilnefna í hópana og hringja svo heim og kynna hópastarfið. En í mörgum tilfellum til dæmis með nýbúana þá er það bekkjarkennarinn sem kom skilaboðunum áfram. Og það á eftir að koma reynsla á þetta, hvernig þetta heppnast. [...] og ráðið sem við fengum frá kennurunum þeirra var bara að segja foreldrunum að þetta væri skylda, til þess að þau fengju að koma.

(Deildarstjóri unglingastarfs, Miðbergi)

Deildarstjóri barnastarfs í Miðbergi sagði að mikil ásókn væri í þetta hópastarf og það væru biðlistar í hópana fyrir innflytjendabörn. Hann bætti við að reyndar væri ásóknin ekki hjá foreldrunum heldur hjá skólunum.

Fyrir nokkrum árum settu frístundamiðstöðvarnar af stað svipað verkefni til að ná til innflytjendabarna og unglinga, m.a. til þess að kynna þeim hvers konar íþróttir og afþreying væru í boði í hverfinu.

Þetta gekk svona ágætlega en þetta kostaði samt mikla vinnu, kannski líka út af því að foreldrarnir vissu kannski ekkert hvað var að gerast, það gekk mjög illa og var mjög erfitt að ná til foreldra, það þurfti oft einhvern túlk og eitthvað, þau töluðu stundum enga íslensku og enga ensku, og svo hafa þau mörg hver líka einhverjar aðrar skyldur, krakkarnir, þegar þau koma heim úr skólanum. Og við vorum með þetta á kvöldin og okkar reynsla eftir á var að starfið þyrfti eiginlega að vera í beinu framhaldi af skólanum til þess að þau kæmu, þau færu ekkert heim á milli. [...] en þetta sem sagt gekk dálítið brösuglega. Við vorum samt búin að þýða bækling til foreldra yfir á pólsku og önnur helstu þrjú eða fjögur tungumál, svona til þess að kynna bæði það sem við vorum að gera og annað, en þetta svona fjaraði út eiginlega.

(Hópstjóri í Miðbergi)

Fáeinir af krökkunum í viðtalsrannsókninni tóku þátt í þessu nýja hópastarfi. Pólskur pabbi 15 ára stráks sagði að sonur hans væri að fara í Miðberg vegna fundar fyrir erlenda krakka, þegar viðtal stóð yfir. Hópurinn ætlaði að fara á skauta saman.

Ég fer í Miðberg. Við förum í bíó, keilu. Það er pólsk kona og önnur íslensk og þær eru með þessa hópa. Við hittumst einu sinni í viku og gerum eitthvað saman. Það eru þrjú skipti eftir. Það var kona sem hringdi í mömmu. Mamma sagði já og ég líka. Og mér finnst gaman.

(14 ára gömul stelpa frá Póllandi, 1 ár á Íslandi)

Foreldrar þeirra barna sem tóku þátt voru jákvæð í garð hópastarfsins. Mamma stelpunnar sagði þetta vera góða hugmynd fyrir erlenda krakka. Hún sagði dótturina

ekki hafa viljað fara í upphafi, hún hafi bara viljað vera í tölvunni. Aðspurð sagðist hún ekki vita hvers konar starfsemi væri annars í frístundamiðstöðinni. Íslenskur stjúpi 13 ára stráks frá Tælandi sem hefur verið eitt ár á Íslandi sagði að það hefði verið haft samband til þess að fá hann til að mæta upp í Gerðuberg (*sic*), en af sérstökum ástæðum hafi það fallið um sjálft sig og hann (stjúpinn) ekkert sinnt því.

Það átti að vera einu sinni í viku, það áttu að fara saman erlendir krakkar, gera eitthvað saman. Það er náttúrulega eitthvað sem við verðum að passa okkur á að láta þessa hópa ekki einangrast hver í sínu horni. Fólk þekkir ekki alltaf aðstæður hér, til dæmis í Bangkok þá sendirðu ekki krakka einan í strætó niður í bæ. Þau hverfa bara í mannhafið.

Fyrir utan þetta sérstaka hópastarf var nánast engin þátttaka í félagsstarfi frístundamiðstöðvanna.

Ég fer mjög sjaldan þangað. Ég þekki ekki marga krakka sem fara þangað.
(15 ára gömul stelpa frá Tælandi. Hefur verið fimm ár á Íslandi)

Við höfum ekkert farið þangað. En við vitum að skólinn okkar borgar fyrir það. Ég veit að suma daga er hægt að fara þangað ókeypis.
(14 ára gamall strákur frá Póllandi, 1 ár á Íslandi)

Í viðtali við starfsfólk Miðbergs kom fram að starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar færi reglulega í skólana til þess að kynna Miðberg í bekkjunum, en þau töldu að erlendir foreldrar þekktu líklega ekki mjög vel til starfseminnar og að upplýsingar um frístundamiðstöðvar – og að starfsemi þeirra sé ókeypis – þyrftu í raun að vera inni í þeim grunnupplýsingum sem fólk fengi þegar það flytti til landsins.

3.4. Þátttaka barnanna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi

Í viðtölunum kom fram að fremur fá af börnunum stunduðu skipulagða íþrótt- og tómstundastarfsemi. Nokkur höfðu verið í íþróttum í einhvern tíma en voru hætt, önnur höfðu áhuga á að fara í eitthvað, íþróttir, dans eða tónlistarnám, en fjölskyldan hafði ekki komið sér að því að leita starfseminna uppi. Mikið vinnuálag á foreldrum varð oft til þess að ekki var tími til að kanna ítarlega hvers konar tómstundastarf var í boði fyrir börn sem ekki höfðu áhuga á íþróttum.

Aðeins í þremur tilfellum nýttu fjölskyldur sér Frístundakortið fyrir íþróttir barnanna, en í átta fjölskyldum sem vissu af Frístundakortinu voru börnin ekki í neinu íþrótt- og tómstundastarfi.

3.4.1. Áhugamál

Allmörg barnanna höfðu áhuga á að vera í tómstundastarfi, ýmist íþróttum, myndlist eða tónlist, en voru ekki byrjuð, af ýmsum ástæðum.

Mig langar að fara á myndlistarnámskeið. En það er bara langt í burtu. Ég var búinn að sjá að það var langt.
(11 ára strákur, mamman tælensk, pabbinn íslenskur. Foreldrarnir eru skilin)

Ég veit ekki alveg hverju ég hef áhuga á. Ég myndi vilja læra á píanó.
(12 ára stelpa frá Filippseyjum)

Kannski fer ég líka að æfa á píanó eftir áramót þegar ég er búin í dansinum.
Næsta vetur. Ég ætla að halda áfram í dansinum. En mig langar í píanó líka.
(11 ára stelpa frá Filippseyjum)

Önnur börn höfðu engan áhuga á íþróttum, eða á þeim íþróttum sem mest áhersla var á.

Íþróttir?! Nei, ég hef engan áhuga á þeim!
(14 ára stelpa frá Póllandi)

Mér finnst ekki mjög skemmtilegt að fara í íþróttir með bekknum, því að það er oft farið í fótbolta og mér finnst fótbolti eða handbolti ekki skemmtilegur. Mér finnst meira gaman að tennis eða badminton eða svoleiðis. Það er betra. Ég hef prófað það. Í fyrra var ég í íþróttum í sérkennslunni og við fórum oft í badminton eða í skotbolta, en núna á ég að vera inni í bekk, og þá er bara annaðhvort fótbolti eða handbolti, sem mér finnst ekki skemmtilegt, svo ég fer sjaldan í íþróttir. Mér finnst skemmtilegt að dansa hip hop.
(15 ára stelpa frá Tælandi)

Þetta [þ.e. þykkur bæklingur frá ÍTR] var sent á hvert heimili og ég geymi það. Og ég gái hvar þetta er sem er í boði og það er langt í burtu og sonur minn hefur engan áhuga á íþróttum. Honum finnst gaman að teikna svo það er kannski ekkert fyrir hann hérna í grenndinni.
(Tælensk mamma tveggja barna)

Áberandi var að stelpur frá Póllandi höfðu áhuga á dansi, enda höfðu þær gjarnan verið í danskennslu í skólanum heima í Póllandi.

Mig langar að læra dans, en ég veit ekki hvar það er hægt. Ég verð að spyrja einhverja vini mína. Allir í fjölskyldunni voru í dansi í Póllandi. Mig langar líka í blak, en ég veit ekki hvar það er hægt. Pabbi var einu sinni í blaki, hann kenndi líka tai-chi og taikwondo.
(13 ára stelpa frá Póllandi, hefur verið ½ ár á Íslandi)

3.4.2. Mikilvægi félagsskapar

“Maður finnur það að stelpur eru í sportinu miklu meira upp á félagsskapinn” sagði þjálfari hjá ÍR um hvað héldi börnum inni í íþróttafélögunum. Í viðtölunum kom þó fram að félagsskapurinn er mjög mikilvægur jafnt fyrir stráka sem stelpur. Börnin hættu frekar ef besti vinurinn hafði hætt áður, t.d. vegna flutnings í annað hverfi, eins og kemur fram annars staðar í skýrslunni.

Annar þjálfari sagði að börn kæmu gjarnan tvö saman til að æfa. “Tveir saman, þá er miklu líklegra að þeir haldi áfram” sagði þjálfari. Handboltþjálfari hjá ÍR sagði að stundum kæmu jafnvel fimm sex krakkar úr sama bekk að æfa. Hann taldi erfitt að koma á æfingu og þekkja engan, það þyrfti ákveðið sjálfstæði og kjark til þess. Þetta var staðfest í nokkrum viðtölum.

Það kom blað í skólann um körfubolta. Á mörgum tungumálum. Og svo fór ég og spurði vini mína hvort þeir vildu koma með mér á æfingar, Jóa og þá. Þeir eru líka að æfa. Það er betra að vera fleiri saman. Ég hef eiginlega ekki kynnst neinum öðrum í körfunni.

(10 ára gamall strákur frá Filippseyjum)

Vinur minn frá Filippseyjum spurði mig um daginn hvort ég vildi ekki koma með honum að læra nútímadans. Ég sagði að mig langaði eiginlega, en að ég yrði að læra tungumálið fyrst, svo ég gæti skilið það sem mér er sagt.

(14 ára stelpa frá Póllandi, hefur verið eitt ár á Íslandi)

Þetta virðist vera dálítið mikið eins og gerðist núna hjá okkur, að það kom einn strákur, hann er frá Bandaríkjunum held ég, en talar pólsku. Og þegar hann mætti þá komu tveir með honum sko. Sem höfðu aldrei þorað á æfingu sko.

(Þjálfari hjá Leikni)

3.4.3. Viðhorf foreldranna

Margir af foreldrunum virtust hafa áhuga og skilning á því að gott sé fyrir börnin að iðka íþróttir og hreyfingu, þannig að áhugaleysi foreldra er ekki meginástæða þess að börnin séu ekki í íþróttum. “Ég vil að hún sé í íþróttum og svoleiðis, það er mjög hollt fyrir krakka”, sagði tælensk mamma 10 ára stelpu. Hún sagði dóttur sína reyndar hafa verið með Fristundakortið en það væri týnt.

Okkur foreldrunum datt taikwondo í hug af því að hann þurfti að gera eitthvað meira til að hreyfa sig. Okkur fannst það ekki vera nóg í skólanum þú veist, og hann kemur heim og er alltaf við tölvuna eða Playstation. Hann fór sjaldan út. ... Það gekk bara ekki lengur. Og við ákváðum að við ætluðum ekki að þvinga hann.

(Pólsk mamma 11 ára stráks)

“Það myndi áreiðanlega hjálpa A að aðlagast öðrum krökkum og samfélaginu ef hún væri í tómstundastarfi. Það væri eins með sjálfan mig” sagði pólskur einstæður pabbi 13 ára stelpu. Það virðist frekar vera ráðleysi sem er meginhindrunin.

Það eru hesthús hér nálægt. Og ég vildi að þeir færu þangað til að hjálpa til. Af því að ég veit að þeir gætu hjálpað til, við að kemma hestana og læra að ríða. Þetta er líka eins konar íþrótt, hreyfing. Þeir hefðu kannski viljað það líka, en þá er tungumálavandamálið. Ég veit ekki hvernig ég ætti að fara þangað eða spyrja eða neitt.

(Pólsk mamma tveggja stráka, 1 ár á Íslandi)

Mig langar til að hún fari í ballett eða læri á eitthvert hljóðfæri. Pabbi hennar vill greinilega að hún spili fótbolta. Eða sé í sundi. Svo að ég vil eitt og hann vill annað, en við vitum ekki ennþá hvað hún vill.

(Pólsk mamma 8 ára stelpu, 2 ár á Íslandi)

Það kom greinilega fram í viðtölum við foreldra að ekki er alls staðar hefð fyrir að almenningur, börn eða fullorðnir, séu í íþrótt- eða tómstundastarfi.

Ég stunda ekki íþróttir sjálf. Það er ekki siður á Filippseyjum. Fólk sinnir fjölskyldunni, en ekki félagsstarfi. En mér finnst frábært að börnin skuli vera í íþróttum. *(Mamma 10 ára stráks og 11 ára stelpu frá Filippseyjum)*

3.4.4. Ástæður þess að barnið er ekki í íþróttum

Ýmsar ástæður voru fyrir því að börn og unglingar sem talað var við stunduðu ekki skipulagðar íþróttir. Börn sem voru nýlega komin til landsins voru gjarnan feimin og veigruðu sér við að fara og taka þátt í starfsemi íþróttafélags með ókunnugum. Allmörg sögðust ekki hafa neinn áhuga á íþróttum. Sumir foreldranna vildu gjarnan skrá börnin sín í íþrótt- eða tómstundastarf, en virtust ráðvillt og ekki vita hvað væri í boði og hvar, eða hvers konar tómstundastarfi börnin hefðu áhuga á.

Einstæð mamma tveggja stráka frá Filippseyjum sagði þann yngri, sem er 9 ára, hafa viljað fara í karate. “Hann vill læra karate. Ef það eru einhver vandræði er gott að kunna það, sagði hann.” Strákurinn harðneitaði þegar mamman sagði frá þessu í viðtalinu. “Ég var bara að djóka” sagði hann. Mamman hélt áfram:

Hann er ekki í neinum íþróttum núna, en ég var að hugsa að ég ætla að taka kannski tónlist af því að hann hefur svo góða rödd. Hann er ánægður í sundi líka, en hann fer ekki oft í sund um helgar því ég hef ekki alltaf tíma um helgar, stundum er ég að vinna um helgar.

Ekkert barnanna vann utan heimilis og ekkert kom fram í viðtölunum sem gaf til kynna að börnin hefðu of miklum skyldum að gegna á heimilinu til þess að geta stundað íþróttir. Þess ber að geta að í viðtali við kennarana í nýbúadeild Fellaskóla kom fram að erfitt væri að eiga við fjarvistir innflytjendabarna úr skóla og viðhorf erlendra foreldra til slíkra fjarvista. T.d. þyrftu eldri börn stundum að vera heima og passa þegar leikskólinn væri lokaður, eða til að túlka fyrir foreldrana þegar kæmi viðgerðarmaður. Slíkar fjarvistir væru þá ekki tilkynntar í skólann. Erfitt er að áætla í hve miklum mæli slíkt viðhorf hefur áhrif á ástundun íþróttar.

3.4.4.1. Önnur tómstundamenning í heimalandinu

Algenzt er í mörgum löndum, m.a. í Póllandi og á Filippseyjum, að íþróttaiðkun fari fram innan ramma skólans, eftir kennslu. Þetta tryggir samfellu dagsins, sem væri ekki síður mikilvæg hér á Íslandi, þar sem báðir foreldrar eru útivinnandi, nokkuð sem mörg börn eru óvön úr heimalandinu.

Í barnaskóla í Póllandi var ég í danstímum tvisvar í viku. Og í tímum í skúlpúr.
(14 ára stelpa frá Póllandi)

Flestir filippseysku foreldrarnir sögðu sjaldgæft að börn og unglingar stunduðu íþróttir utan skólans í heimalandi þeirra, enda væri mjög dýrt að vera í íþróttaklúbbum. Fjölskyldurnar vörðu frítímanum saman heima, félagsstarf var ekki fyrir almenning.

Á Filippseyjum eru krakkar ekki mikið í íþróttum. Þau sem eru rík og á milli gera það, en fátæklingar geta það ekki af því að það þarf að borga svo mikið. Það er heldur ekki eins mikið af íþróttum eins og hérna. Það er körfubolti, en ekki eins mikill fótbolti og hérna. Og svo karate og tónlist og dans.
(Kona frá Filippseyjum, mamma tveggja stráka)

Körfubolti er vinsæll hjá strákum, og karate, blak er mjög vinsælt líka. Ekki svo mikið fótbolti. En tennis og keila fyrir þá sem hafa efni á því að vera í klúbbi. Það er dýrt. En það er hægt að spila körfu og blak úti, það þarf ekki að vera í klúbbi. Það eru líka íþróttir í skólanum. En ekki fótbolti. Ég sé að fótbolti er rosalega vinsæll hérna.

(Kona frá Filippseyjum, mamma 12 ára stelpu og 7 ára stráks)

Ekki er sjálfgefið að börn hafi alls staðar sama frjálsræði og á Íslandi:

Það er ekki gaman í Tælandi. Ég venst ekki, er bara í sjónum. Þegar ég var þar var ég bara að versla með ættingjunum. [...] Það má ekki vera mikið úti. Af því að það er svo mikið af vondu fólki og svoleiðis.

(10 ára stelpa frá Tælandi)

Það er mjög öruggt hérna fyrir börnin. Það er mjög gott. Ég hef engar áhyggjur af þeim. En við leyfum þeim ekki að vera úti á kvöldin eftir átta. Við förum ekki út á kvöldin.

(Pabbi tveggja barna frá Filippseyjum)

Pólsk kona sem hefur verið búsett á Íslandi í 6 ár sagði sömuleiðis að það væri mjög dýrt að láta börn stunda íþróttir í Póllandi og pólsk hjón sögðu að framboð á íþróttum og tómstundum fyrir börn væri fremur einhæft, nema í stórum borgum.

Það er mikið í boði fyrir krakka í Póllandi, en venjulegar fjölskyldur hafa ekki efni á því að eiga einhver svona áhugamál og vera í félögum og klúbbum. Það er allt privat. Börnin eru í skóla og foreldrnir koma heim úr vinnunni á svipuðum tíma og þau, þannig að þau eru yfirleitt bara heima. En það eru margir sem vilja fara í íþróttir, en það er bara svo dýrt.

(Pólsk mamma 11 ára stráks)

3.4.4.2. Hugmyndir um kostnað

Í fáeinum tilfellum kom í ljós að erlendir foreldrar halda að mikill kostnaður fylgi íþróttaiðkun barnanna. Þetta er skiljanlegt í ljósi þess að upplýsingar um Frístundakortið virðast ekki hafa skilað sér nægilega vel til innflytjendafjölskyldna. Kona frá Filippseyjum sagði frá kunningja sínum og samlanda, sem var illa við að sonur hans væri að sniglast hjá íþróttafélaginu þegar það var með kynningu, vegna þess að íþróttir væru svo dýrar. Hún skýrði þá Frístundakortið fyrir honum. Henni fannst tilgangslaust að hafa þetta afsláttarfyrirkomulag ef fólk vissi ekki af því. Þjálfarar sögðu líka frá tilfellum þar sem börn sögðust þurfa að hætta að æfa vegna þess að það væri of dýrt.

3.4.4.3. Hvers vegna hætta börnin?

Algengasta skýring barna sem höfðu hætt í íþróttum var að þau hreinlega misstu áhugann, eða hefðu ekki tíma, t.d. vegna íslenskunáms. Tíma- og áhugaleysi eru líka algengustu ástæðurnar sem koma fram jafnt í íslenskum sem erlendum könnunum á íþróttum barna og unglinga (Idrott och integration 2002; Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2007). 10 ára gömul stelpa sem talað var við í þessari rannsókn sagðist hafa verið á námskeiði

...hjá ÍR, en mér var bara svo illt í bakinu. Það var vont að vera með af því að við vorum alltaf að sparka fótbolta og mér var svo illt í fætinum.[...] Ég var bara í

myndlist.[...] prófaði skauta, en ég datt bara á bossann og mér fannst það ekkert gaman. [...] Ég kann ekki neitt.

(10 ára stelpa frá Tælandi)

Það var gaman í Leikni. Ég þekkti nokkra stráka þá, vinir mínir voru með. Svo hætti ég af því að mér leiddist að ég þurfti alltaf að fara á fótboltaæfingar þegar ég vildi gera eitthvað skemmtilegt. En við erum stundum í fótbolta að gamni, á vellinum.

(11 ára strákur frá Póllandi, 6 ár á Íslandi)

Í barnaskóla var ég í danstímum tvisvar í viku. Og í tímum í skúlpútur. Mig langar að halda áfram. En ég veit ekki, það er svo lítill tími.

(14 ára gömul stelpa frá Póllandi)

Stálpaður strákur hafði verið í fótbolta og borðtennis í Póllandi áður en hann kom til Íslands. Hann langaði að halda áfram hér á landi, kennari hans sagði honum að hann gæti farið í fótbolta hjá íþróttafélagi. Þótt strákinn langi líka að halda áfram í borðtennis er ekki tími til þess vegna íslenskunáms. Annar byrjaði í fótbolta eftir komuna til Íslands, en flosnaði upp vegna tungumálaerfiðleika.

Þjálfarar staðfestu að krakkar héldust mun fremur í félaginu ef þeir væru þar með vini eða vinum, en misstu gjarnan áhugann ef vinurinn hætti eða flutti í annað hverfi.

Ég var bara í taikwondo í ÍR í tvö ár. Ég hætti af því að mér fannst ekki gaman lengur. Það var bara einn með mér sem ég þekkti, en hann er hættur í skólanum í Breiðholti.

(10 ára gamall strákur frá Póllandi. Hefur verið 7 ár á Íslandi)

Í viðtölum við börn sem voru í íþróttafélagi kom fram að vináttutengsl sem mynduðust í gegnum íþróttirnar einskorðuðust við íþróttumhverfið. Engin af börnunum hittu íþróttavini utan félagsins eða léku við þau í frístundum sínum.

Í viðtölunum kom fram að ýmsar hindranir virtust hafa orðið á vegi fjölskyldnanna, sem urðu til þess að ekkert varð úr þátttöku barnanna í íþróttum.

Það komu einhverjir upplýsingabæklingar í haust, þá bjuggum við hjá bróður mínum. (Pabbinn reyndi að skrá dótturina í blak). Fyrst sögðu þau okkur að fyrst A kynni ekki málið – í fyrstu þegar hana langaði í blak – myndi hún ekki skilja skipanirnar.

(Einstæður pabbi 13 ára stelpu frá Póllandi. Bæði nýlega komin til landsins)

Dóttir hans leiðrétti hann: “Nei, það var af því að ég var ekki komin með kennitölu.” Það varð ekkert úr blakinu. Stelpan hafði stundað blak í Póllandi, það var í skólanum en eftir kennslu. Svo fluttu þau í annan hluta Breiðholts. “Ég veit eiginlega ekki hvaða íþróttir eru í boði hér” bætti hún við.

Pólskir foreldrar tveggja stráka, 13 og 14 ára, sögðu frá því að þann eldri langaði að fara að æfa fótbolta.

Pabbinn: OK. Svona var það. Við fórum og skráðum hann. Við fórum og keyptum sérstaka skó. Og svo var einhver endurskipulagning. Þeir breyttu

dögunum eða tímunum. Og ... það er tungumálavandamál, svo hann vissi ekki hvernig hann ætti að spyrja.

Mamman: Og hann var í hóp þar sem ekki voru neinir aðrir Pólverjar. Kannski er hann feiminn. Hann getur ekki gert sig skiljanlegan eins og í Póllandi, þar sem hann gat farið og spurt einhvern. Lært af vinum. Það er ekki svona hérna. Hann á vin sem æfir líka, en í öðrum flokki. Hann er yngri. Alla vega, hann var með nokkrum sinnum og hætti svo.

Pabbinn: Hann vissi ekki á hvaða tímum, svo hann fór ekki.

Í sumum tilfellum hættu börn í íþróttum af því að þau urðu fyrir aðkasti vegna uppruna síns. Þannig kom fram í viðtali við fótboltaþjálfara í efra Breiðholti að pólsk börn héldust áberandi illa í félaginu vegna þess að þau yrðu fyrir aðkasti, ekki á æfingum heldur almennt í umhverfi sínu.

3.5. Skyldur barnanna á heimilinu

Flest börnin höfðu ákveðnar skyldur heima fyrir og hjálpuðu við heimilisstörfin. Elstu börnin, jafnt strákar sem stelpur, elduðu mat og gættu yngri systkina. Í tveimur tilfellum kom rannsakandi til að taka viðtal um áttaleytið að kvöldi og þá voru stelpur að matbúa fyrir fjölskylduna, mæður þeirra voru í kvöldvinnu.

Hún hjálpar heilmikið heima. Hún passar yngri bróður sinn. Hún er eins og húsmóðir. Hún er búin að þrifa og elda þegar ég kem heim. Hún er fyrirmyndardóttir.

(Mamma 14 ára gamallar stelpu frá Póllandi)

Ég vaska upp og set fót í þvottavélina.

– Og bróðir hennar borgar henni fyrir að vaska upp.

(15 ára gömul stelpa frá Tælandi og mamma hennar)

Nauðsyn á að barn aðstoðaði á heimili gat komið niður á skólagöngu:

Það er sagt að lífið á Íslandi sé einfalt. En svo er ekki... Ég vissi t.d. ekki að við þyrftum að hafa kennitölu til að fá leikskólapláss... Guði sé lof að ég hef C, ég lét hana ekki fara í skóla fyrst heldur neyddi hana til að vera með litla bróðurnum.

(Einstæð mamma 14 ára gamallar stelpu og 17 ára stráks frá Póllandi. 1 ár á Íslandi)

Líkt og þegar hefur komið fram í þessari skýrslu kemur fyrir að foreldrar tilkynni ekki alltaf slíkar fjarvistir til skóla (sjá bls. 60).

3.6. Vinna utan heimilis

Í viðtali við starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs kom fram, að börn og unglingar í Breiðholti ynnu mjög mikið.

Krakkar í Breiðholti vinna mjög mikið almennt. Vinna meira en krakkar í öðrum hverfum. Það gildir bæði um íslenska krakka og þá sem eru af erlendum uppruna. Meirihluti krakkanna í hverfinu eru að vinna í Dómínós, Bónus, Bónusvídeó,

Nettó. Það eru þessir helstu staðir. Það hefur ekki verið skoðað. Þetta er bara svona tilfinning. Við höfum bara verið að ræða við krakkana hérna og krakkana í Seljahverfi, og líka starfsmenn annars staðar í borginni. Og þetta er bara svona okkar tilfinning. Að krakkarnir eru að koma minna hingað vegna þess að þau eru að vinna.

Við höfum kannski mest samanburðinn við Seljahverfið, bæði peningalega séð og þú veist, vinnu. Við getum alveg séð að það er mikill munur þar á milli. Hér getum við varla farið og látið viðburði kosta meira en 300 – 500. Á meðan það kippir sér enginn upp við þúsundkall hinumegin sko. Og við vitum alveg að það er hægt að bera saman hérna og þarna megin með vinnu unglunga, þó að það sé ekki vísindalega sannað eða rannsakað, þá sjáum við það í okkar daglega starfi.

Ekkert barnanna í viðtalsrannsókninni stundaði vinnu, en 13 ára gamall strákur frá Póllandi, sem hefur verið eitt ár á Íslandi, lýsti því yfir að hann langaði að fara að vinna, e.t.v. að bera út blöð með vini sínum. Hann vildi kaupa sér mótörhjól og góða tölvu. Faðir hans tók slíku tali illa og sagði: “Ennþá sé ég fyrir þér og þú þarft ekki að vinna. Þú hefur nógan tíma til að vinna í framtíðinni.”

3.7. Samantekt

Á Íslandi ríkir mikil íþróttamenning og hvatt er til að börn stundi reglubundna hreyfingu, í félagi eða upp á eigin spýtur. Margvíslegar aðgerðir eru á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka til þess að efla íþrótta- og tómstundapátttöku barna og unglunga. Mikið framboð er af íþróttum í Breiðholti, þótt framboðið sé mismunandi eftir hverfishlutum. Áberandi var að foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni *Innan vallar eða utan?* vissu lítið um hvaða frístundastarf var í boði fyrir börnin. Þetta gildi um íþróttafélögin og í enn ríkari mæli um aðra tómstundastarfsemi. Kynningu á starfsemi íþróttafélaganna er oftast beint til barnanna í gegnum skólana, þau fá bréf og bæklinga, kynningarfundir eru haldnir, stundum er kynningartími í íþróttinni í skólanum. Skortur er á samræmingu og samstarfi milli greina innan sama félags, sem takmarkar möguleikana að læra af jákvæðri eða neikvæðri reynslu. Kynningin frá félögunum er oft aðeins á íslensku, sumir þjálfarar hafa þó reynt að hafa þýðingar á önnur tungumál. Fáeinir foreldranna þekktu íþróttafélögin í hverfinu, einkum þeir sem hafa búið þar lengi.

Tilraunastarfsemi í körfubolta fyrir yngri börn í ÍR lofar mjög góðu og virðist höfða mjög vel til innflytjendabarna, einkum í efra Breiðholti. Upplýsingum um átakið var beint til foreldra, samstarf við íþróttakennara var mikið og karfan fékk góða æfingátíma í efra Breiðholti. Áhugavert væri að gera nánari rannsókn á þessu átaki.

Aðeins fá af börnunum sem talað var við stunduðu íþróttir með íþróttafélagi, önnur höfðu gert það áður en hætt því. Íþróttaþátttaka fór ekkert frekar eftir því hve vel börnin höfðu aðlagast eða eftir vinnufjölda þeirra. Nokkrir krakkar höfðu áhuga á að byrja í íþróttum, tónlistar- eða myndlistarnámi, en foreldrarnir ekki komið sér að því að leita starfsemina uppi. Börn sem stunduðu íþróttir með íþróttafélagi töldu flest mikilvægt að æfa með góðum vinum sínum og þjálfarar sögðu sömuleiðis að börn sem kæmu í félagið tvö eða fleiri saman héldust betur við en þau sem komu ein.

Ýmsar ástæður voru til þess að börn voru ekki í íþróttum. Börn sem voru tiltölulega nýlega komin til landsins voru gjarnan feimin og veigruðu sér við að hefja íþróttastarf með ókunnugum. Allmörg sögðust ekki hafa áhuga á íþróttum. Sumir foreldrar vildu gjarnan að börnin færu í íþróttir en vissu ekki hvernig þau ættu að snúa sér. Nokkrir foreldrar og þjálfarar vissu dæmi þess að innflytjendur teldu að það væri dýrt að senda börn í íþróttir. Þetta staðfestir að upplýsingar um Frístundakortið hafa ekki skilað sér nægilega vel.

Nokkur börn höfðu hætt í íþróttum af því að besti vinurinn hætti eða flutti í annað hverfi eða af því að þau misstu áhugann. Foreldrar voru almennt jákvæðir gagnvart því að börnin stunduðu íþróttir og hreyfingu. Þannig virðist áhugaleysi ekki vera meginástæða dræmrar þátttöku barnanna, þrátt fyrir að lítil hefð sé fyrir almenningssíþróttum í heimalandi margra innflytjenda.

Þessi rannsókn leiðir í ljós að Frístundakortið, sem Reykjavíkurborg innleiddi haustið 2007, virðist ekki höfða til innflytjendafjölskyldna í þeim mæli sem búist var við. Margir foreldrar sem talað var við þekktu ekki kortið og þeim sem vissu af kortinu, sem var í 12 tilfellum, var ekki ljóst að styrkjakerfið næði til annarrar tómstundastarfsemi en íþróttar. Aðeins í þremur fjölskyldum af þeim 19 sem talað var við notuðu börnin Frístundakortið til íþróttaiðkunar.

Áberandi margir foreldrar sögðu að það kæmi svo mikið af bæklingum, sem flestir væru á íslensku, að bæklingur um Frístundakortið hefði misfarist. Nokkrir höfðu ekki tekið eftir að upplýsingarnar væru á öðrum tungumálum. Mörgum sem vissu af Frístundakortinu fannst flókið að sækja um það og vissu ekki að hægt var að leita aðstoðar hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þetta átti ekki síður við í þeim tilfellum þar sem annar forráðamanna barnanna var íslenskur. Þeir sem höfðu þurft að leita til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts vegna vottorða o.þ.h. vissu af miðstöðinni. Þó var enginn af foreldrunum sem vissi til þess að þjónustumiðstöðin gæti aðstoðað við aðra hluti, t.d. við að finna heppilega tómstundaiðju fyrir börnin og sækja um Frístundakortið.

E.t.v. ætti kynningin á Frístundakortinu að vera hluti af kynningarþrógrammi á mismunandi tungumálum innan ramma skólans, þar sem foreldrum væri boðið í spjall og m.a. rætt um íslenska íþróttahefð og ríkjandi viðhorf til mikilvægis hollrar hreyfingar fyrir líkama og sál.

Það var mjög mismunandi hvernig börnin sem tóku þátt í viðtalsrannsókninni hafa aðlagast nýju umhverfi. Samþættingin virðist fara eftir mörgu: umhverfi, persónuleika, dvalarlengd, fjölskylduaðstæðum. Börn sem hafa dvalið hér lengi virtust vera sjálfstæð og fóru t.d. ein í strætó. Nokkrir foreldrar töluðu um að hér væri öruggt að búa og voru ekki hræddir við að börnin færu ferða sinna ein, en lögðu áherslu á að vita hvar börnin héldu sig.

Foreldrarnir unnu undantekningarlaust mjög langan vinnudag, allt að 50-60 klst. á viku, einkum heimilisfeðurnir. Margir höfðu orð á því að lífið hér væri bara vinna. Margar konurnar höfðu verið heimavinnandi í heimalandinu eða í hlutastarfi. Þetta olli mjög miklum breytingum á högum fjölskyldnanna og uppvaxtarumhverfi barnanna og gaf foreldrum ekki mikið ráðrúm til þess að taka þátt í eða fylgjast með tómstundastarfi barna sinna. Ekkert af börnunum vann utan heimilis, þótt börn á

grunnskólaaldri í Breiðholti vinni almennt mikið að sögn starfsfólks í frístundamiðstöðinni Miðbergi. Þau töldu vinnu barna í hverfinu koma niður á tómstundastarfi. Flestir foreldranna töluðu um að í heimalandinu væri hefð fyrir því að frístundum væri eytt á heimilinu og almenningur, og þá sér í lagi börn, væri ekki í félagsstarfi.

Flest barnanna eyddu frístundum heima hjá sér eða með vinum sínum við leiki inni eða úti. Vinsælt var að fara í sund með vinum eða foreldrunum. Óvíða er eins góð aðstaða til almenningssunds og hér á landi. Nokkrir foreldranna frá Filippseyjum sögðust aldrei hafa lært að synda í heimalandinu og lögðu þess vegna áherslu á hvað það væri gott fyrir börnin að fá tækifæri til þess. Mörg barnanna leika sér í fótbolta eða öðrum boltaleikjum upp á eigin spýtur. Fótboltinn var gjarnan spilaður á Leiknisvellið þegar hann var ekki í notkun.

Nokkuð bar á að innflytjendabörn umgengjust mest önnur innflytjendabörn, líka þau sem voru af öðru þjóðerni. Í fáeinum tilfellum höfðu börn orðið fyrir aðkasti vegna uppruna síns.

Tungumálaerfiðleika bar mjög oft á góma í viðtölum við foreldra. Margir fengu aðstoð stálpaðra barna sinna, ættingja, nágranna eða vina við að þýða ýmislegt fyrir sig. Margir Filippseyingar treystu t.d. á filippseyskan kennara í nýbúadeild Fellaskóla um upplýsingamiðlun. Börnin eru oftast betur sett en foreldrarnir með tungumálið, þótt algengt sé að þau komi til landsins nokkrum árum á eftir foreldrum sínum. Þó koma upp vandamál í skólanum eða á vettvangi íþrótta hjá börnum sem ekki tala málið vel. Þetta getur t.d. hindrað barn í þátttöku þótt barnið hafi áhuga á íþróttum.

Margir innflytjendur á Íslandi eru kaþólskir, einkum Pólverjar og Filippseyingar. Mörg barnanna stunduðu mikið barnastarf á vegum Mariúkirkju, kaþólsku sóknarkirkjunnar í Breiðholti. M.a. höfðu tveir strákar verið á myndlistarnámskeiði sem prestur við kirkjuna hélt. Samkvæmt upplýsingum frá kirkjum íslensku þjóðkirkjunnar í Breiðholti var þátttaka innflytjendabarna í æskulýðsstarfi kirkjunnar lítil, eða milli 7% og 12% af heildarfjölda.

Skátastarf er ekki mjög öflugt í Breiðholti um þessar mundir. Aðeins eitt skátafélag er starfandi í öllu hverfinu og hefur kynning á starfinu ekki náð út fyrir Seljahverfi. Þátttaka innflytjendabarna er engin utan eins barns.

Frístundamiðstöðvarnar virðast aðeins ná til þeirra innflytjendabarna sem hafa dvalist í mörg ár á Íslandi, tala málið vel og eru félagslega vel stödd. Samstarf við foreldra er lítið, kynningin fer fram í gegnum skólana og er þannig beint til barnanna. Nánast enginn af foreldrunum sem talað var við þekkti til frístundamiðstöðvanna. Hópastarf fyrir nýlega komin innflytjendabörn sem Miðberg stóð að s.l. vetur í samvinnu við skólana og þjónustumiðstöð Breiðholts virðist lofa góðu sem leið til þess að leiða börnin inn í íslenskt samfélag og heilbrigða frístundastarfsemi. Foreldrar þeirra barna sem tóku þátt í hópastarfinu voru mjög jákvæðir gagnvart því.

4. kafli. Niðurstöður – ábendingar og tillögur

Kveikjan að rannsókninni *Innan vallar eða utan?* á sér líkt og fram hefur komið, rætur í áhyggjum af dræmri þátttöku innflytjendabarna í Breiðholti í skipulagðri íþróttastarfsemi. Hlutfall innflytjenda í Breiðholti er tæplega tíu prósent af öllum íbúum hverfisins þ.e. í báðum póstnúmerunum 109 og 111. Í hverfinu býr um fjórðungur allra erlendra ríkisborgara Reykjavíkurborgar og er hlutfall mun hærra í póstnúmeri 111 þar sem samþjöppun innflytjendafjölskyldna er hvað hæst í borginni.

Með jákvætt gildi íþrótta fyrir heilsu og heill barna í huga var forystumönnum Íþróttafélags Reykjavíkur - ÍR, stærsta íþróttafélagsins í hverfinu, í mun að fá innflytjendabörn til liðs við félagið og virkja þau til þátttöku. Fljótlega varð þó ljóst að í raun var ekki nógu mikið vitað um raunverulega þátttöku þessara barna, hvort hún var mikil eða lítil. ÍR leitaði þá til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og ákveðið var í sameiningu að ráðast í að rannsaka orsakir þessa. MIRRA var fengin til að framkvæma rannsóknina. Í grunninn var lagt upp með eina meginspurningu: Hverjar eru ástæður dræmrar íþrótta- og tómstundaþátttöku barna af erlendum uppruna í Breiðholti? Á undirbúningsstigi rannsóknar kviknuðu margar spurningar, meðal annars þær sem lúta að hlutverki íþróttaiðkunar í samþættingarferli innflytjenda. Ennfremur kom fram áhugi á að kanna hversu mikið innflytjendur vissu um ýmsa þjónustu, í borginni, svo sem um Þjónustumiðstöð Breiðholts og hversu útbreidd vitneskjan um Frístundakort ÍTR væri. Jafnframt lék aðstandendum rannsóknarinnar forvitni á að skoða hvað innflytjendur í Breiðholti vissu um framboð á skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi í hverfinu, hvort og þá að hve miklu leyti þeir nýttu sér það.

Rannsóknin byggir að mestu á mannfræðilegum rannsóknaraðferðum, s.k. eigindlegum aðferðum, sem fela m.a. í sér ítarleg viðtöl við þátttakendur. Uppistaða rannsóknarinnar samanstendur af djúpvíðtölum við nítján fjölskyldur í Breiðholti af erlendum uppruna og tuttugu og fimm börn þeirra. Ennfremur voru tekin um fimmtán önnur formleg viðtöl við íþróttabjálfa, stjórnendur barna- og unglingastarfs frístundamiðstöðva og lykilpersónur í skólum og kirkjum í hverfinu. Þessi viðtöl voru öll tekin upp á upptökutæki og nákvæmlega afrituð. Óformleg viðtöl voru jafnframt tekin við fjölmarga aðila, einkum starfsmenn félaga, stofnana og aðra sem á einn eða annan hátt vinna með innflytjendur. Auk þess var unnið úr úr tölulegum gögnum þar sem það átti við.

Þegar þessi rannsókn hófst kom fljótt í ljós að það reyndist ýmsum erfiðleikum bundið að fá nákvæmar opinberar tölur um fjölda innflytjendabarna í Breiðholti samkvæmt skilgreiningu sem rannsóknin styðst við. Rannsóknin náði til barna á aldrinum 9-15 ára en í raun gildir einu á hvaða aldri börnin eru, opinberar tölur eru ekki einhlítar. Hagstofa Íslands hefur í fórum sínum tvenns konar skráningar á þessum hópi. Annars vegar eru skráð börn sem eiga annað eða bæði foreldri af erlendum uppruna og hins vegar er um að ræða skráningu þar sem móðurmál barns er lykilviðmið. Sláandi er hversu mikill munurinn er á fjölda barna í þessum tveimur flokkunum. Þegar fyrra viðmiðið er haft til hliðsjónar taldi hópurinn 290 börn en í síðara tilvikinu, þegar móðurmál barns var notað, voru þau ekki nema 153. Í þessari

rannsókn er fyrra viðmiðið notað, þ.e. börn sem eiga annað eða bæði foreldri af erlendum uppruna.

Leitað var til grunnskóla hverfisins til að afla þátttakenda fyrir rannsóknina og tóku fjórir skólar af fimm þátt. Fljótlega komu í ljós ýmsir annmarkar á öflun tölulegra upplýsinga þar sem skólarnir skrá ekki reglulega móðurmál foreldra eða ríkisfang. Það kom rannsakendum á óvart að grunnskólunum ber engin opinber skylda til að hafa sérstaka skráningu á innflytjendabörnum. Eina skráning skólanna lýtur að þeim börnum sem flokkast sem s.k. *nýbúabörn*, þ.e. börn sem dvalið hafa á Íslandi í fjögur ár eða skemur og eiga því rétt á stuðningskennslu. Fjármagn til hennar er byggt á skráningu skólanna. Sérhver skóli hefur því sjálfðæmi í því hvort haldið er sérstaklega utan um tölur um fjölda allra innflytjendabarna innan hans veggja. Í *Handbók – móttaka innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur* (maí 2008) er einungis fjallað um nýskráningu og móttöku þeirra innflytjendabarna sem eru að koma til landsins. Nauðsynlegt að geta fylgst með öllum hópnum. Í sumum tilvikum geta börn verið fædd hér á landi en átt foreldra sem hafa haft erlent ríkisfang, og því átt annað móðurmál en íslensku. Ennfremur skipta innflytjendabörn líka um skóla og það þarf að vera hægt að fylgjast með framvindu þeirra. Í ljós kom að þeir fjórir skólar sem aðstoðuðu við rannsóknina skrá nemendur af erlendum uppruna á fjóra mismunandi vegu.

Mun erfiðara reyndist að ná í innflytjendafjölskyldur en upphaflega var gert ráð fyrir. Fyrsta áætlun var miðuð við viðtöl við 30 fjölskyldur í þremur þjóðernishópum þar sem hlutfall barna var hæst. Þrátt fyrir gífurlega vinnu við öflun þátttakenda reyndist ekki unnt að fá fleiri en 19 innflytjendafjölskyldur alls til viðtals. Erfitt er að alhæfa um af hverju þessi tregða stafar. Vitað er að vinnuálag er mikið hjá mörgum innflytjendum og kann það að vera ein skýring.

Mismunandi skráningar á innflytjendabörnum hjá Hagstofu Íslands og skortur á utanumhaldi á gögnum um fjölda innflytjendabarna í grunnskólakerfinu voru ekki einasta bagaleg fyrir þessa rannsókn. Þessir annmarkar vekja upp spurningar um möguleika skólayfirvalda og annarra þeirra sem koma að stefnumótun í mennta- og innflytjendamálum til að fylgjast með framvindu innflytjendabarna innan skólakerfisins. Slíkar upplýsingar hljóta að vera lykilatriði fyrir alla stefnumótun í menntamálum innflytjendabarna. Eins og sakir standa er nánast ógerlegt að fá nákvæma yfirsýn yfir fjölda innflytjendabarna í sérhverjum skóla, hvað þá að unnt sé að greina framgang einstakra hópa eftir upprunalandi, móðurmáli eða búsetu í landinu. Hér er nauðsynlegt að gera bragarbót.

Erlendar rannsóknir sýna að óljóst er hvernig heppilegast er að mæla árangur samþættingar fyrir tilstuðlan íþróttar. Er mælikvarðinn fjöldi iðkenda af erlendum uppruna, fjöldi þjálfara og starfsmanna af erlendum uppruna, vellíðan einstaklingsins og samsömun hans við heildina, eða eitthvað annað.

Lítið er vitað um félags- og íþróttapátttöku innflytjendabarna á Íslandi ef frá eru taldir þættir í rannsókn Þórodds Bjarnasonar prófessors við Háskólann á Akureyri, sem er hluti af alþjóðlegri rannsókn á högum grunnskólabarna. Rannsóknin leiddi í ljós að íþróttapátttaka 10. bekkinga á höfuðborgarsvæðinu sem eru af erlendum uppruna, var ívið meiri en þeirra sem áttu íslenska foreldra. En þegar litið er á landið í heild er íþróttapátttaka nemenda með erlenda foreldra lægri en innfæddra.

Samkvæmt tölum úr gagnagrunninum Felix er mun hærra hlutfall barna í Breiðholti á aldrinum 9-15 ára skráð sem iðkendur í íþróttum með íþróttafélagi en svör barna við spurningakönnunum gefa til kynna, sem bendir til að félög og iðkendur leggi ekki sama skilning í hugtakið þátttöku.

Þess ber að geta að heildarþátttaka barna í íþróttafélögum alls skv. Felix er mun lægri í efra Breiðholti en í neðra Breiðholti og Seljahverfi. Sama gildir um þátttöku í hverfisfélögum ÍR, Leikni og Ægi, en athygli vekur að þátttökuhlutfall í öðrum íþróttafélögum er um þriðjung hærri hjá börnum í efra Breiðholti.

Erfitt er að kortleggja íþrótt- eða tómstundarátttöku innflytjendabarna nákvæmlega, þar sem hvorki ríkisfang né móðurmál barnanna eða foreldra þeirra er skráð hjá íþróttafélögum eða í gagnagrunninn Felix, ekki heldur í frístundamiðstöðvum á vegum ÍTR. Skráning eftir ríkisfangi foreldra og móðurmáli barns er grundvallaratriði ef íþróttahreyfingin vill fylgjast með þátttöku innflytjendabarna og ná til foreldra. Samkvæmt handunnum tölum hjá ÍR og Leikni stunduðu 23,4% innflytjendabarna í Breiðholti íþróttir með þessum tveimur félögum. Ógerlegt er að áætla fjölda eða hlutfall innflytjendabarna í öðrum íþróttafélögum.

Körfubolti er mjög vinsæl íþróttagrein meðal innflytjendabarna í Breiðholti. Haustið 2007 hratt körfuboltadeild ÍR af stað sérstöku átaki til þess að ná til 6-9 ára barna. Árangurinn var vonum framar, sérstaklega meðal stelpna af erlendum uppruna í efra Breiðholti. Meðal þeirra þátta sem virtust skipta hvað mestu máli voru vandað kynningarefni á mörgum tungumálum sem barst inn á hvert heimili í Breiðholti, góðir æfingatímar í efra Breiðholti og gott samstarf við íþróttakennarana í skólunum, sem m.a. fól í sér að allan septembermánuð var boðið upp á körfubolta í íþróttatímum grunnskólanna.

Mikið framboð er af íþróttum í Breiðholti, þótt framboðið sé mismunandi eftir hverfishlutum. Áberandi var að foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni *Innan vallar eða utan?* vissu lítið um hvaða frístundastarf var í boði fyrir börnin. Þetta gildi um íþróttafélögin og í enn ríkari mæli um aðra tómstundastarfsemi. Kynningu á starfsemi íþróttafélaganna er oftast beint til barnanna í gegnum skólana, þau fá bréf og bæklinga, kynningarfundir eru haldnir, stundum er kynningartími í íþróttinni í skólanum. Skortur er á samræmingu og samstarfi milli greina innan sama félags, sem takmarkar möguleikana að læra af jákvæðri eða neikvæðri reynslu. Kynningin frá félögum er oft aðeins á íslensku, sumir þjálfarar hafa þó reynt að hafa þýðingar á öðrum tungumálum. Fáeinir foreldranna þekktu íþróttafélögin í hverfinu, einkum þeir sem hafa búið þar lengi.

Aðeins fá af börnunum sem talað var við stunduðu íþróttir með íþróttafélagi, önnur höfðu gert það áður en hætt því. Íþróttarátttaka fór ekkert frekar eftir því hve vel börnin höfðu aðlagast eða eftir vinfjölda þeirra. Börn sem stunduðu íþróttir með íþróttafélagi töldu flest mikilvægt að æfa með góðum vinum sínum og þjálfarar sögðu sömuleiðis að börn sem kæmu í félagið tvö eða fleiri saman héldust betur við en þau sem komu ein.

Ýmsar ástæður voru til þess að börn voru ekki í íþróttum. Börn sem voru tiltölulega nýlega komin til landsins voru gjarnan feimin og veigruðu sér við að hefja

íþróttastarf með ókunnugum. Allmörg sögðust ekki hafa áhuga á íþróttum. Sumir foreldrar vildu gjarnan að börnin færu í íþróttir en vissu ekki hvernig þau ættu að snúa sér. Nokkrir foreldrar og þjálfarar vissu dæmi þess að innflytjendur teldu að það væri dýrt að senda börn í íþróttir. Þetta staðfestir að upplýsingar um Frístundakortið hafa ekki skilað sér nægilega vel.

Nokkur börn höfðu hætt í íþróttum af því að bestí vinurinn hætti eða flutti í annað hverfi eða af því að þau misstu áhugann. Foreldrar voru almennt jákvæðir gagnvart því að börnin stunduðu íþróttir og hreyfingu. Þannig virðist áhugaleysi ekki vera meginástæða dræmrar þátttöku barnanna, þrátt fyrir að lítil hefð sé fyrir almenningssíþróttum í heimalandi margra innflytjenda.

Rannsóknin sýndi að mikilvægt er að ná innflytjendakrökkunum inn í félögin og halda þeim. Ekki er nóg að fá þau inn, heldur þarf að gera ráðstafanir til að halda í þau. Hlú þarf að umhverfinu þannig að börnin sækist eftir því að vera áfram. Lykilatriði er að þeim líði vel, finni sig tilheyr. Ennfremur kom fram að börnin þurfa helst að geta verið saman og sótt íþróttir fleiri en eitt saman. Hætt er við að það reynist þeim of erfitt ef þau eru eitt og eitt. Huga þarf vel að kynningu á íþróttastarfi ÍR í skólum hverfisins með áherslu á að ná sérstaklega til innflytjendabarnanna.

Þessi rannsókn leiðir í ljós að Frístundakortið, sem Reykjavíkurborg innleiddi haustið 2007, virðist ekki höfða til innflytjendafjölskyldna í þeim mæli sem búist var við. Margir foreldrar sem talað var við þekktu ekki kortið og þeim sem vissu af kortinu, sem var í 11 tilfellum, var ekki ljóst að styrkjakerfið næði til annarrar tómstundastarfsemi en íþróttar. Aðeins í þremur fjölskyldum af þeim 19 sem talað var við notuðu börnin Frístundakortið til íþróttaiðkunar.

Áberandi margir foreldrar sögðu að það kæmi svo mikið af bæklingum, sem flestir væru á íslensku, að bæklingur um Frístundakortið hefði misfarist. Nokkrir höfðu ekki tekið eftir að upplýsingarnar væru á öðrum tungumálum. Mörgum sem vissu af Frístundakortinu fannst flókið að sækja um það og vissu ekki að hægt var að leita aðstoðar hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þetta átti ekki síður við í þeim tilfellum þar sem annar forráðamanna barnanna var íslenskur. Þeir sem höfðu þurft að leita til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts vegna vottorða o.þ.h. vissu af miðstöðinni. Þó var enginn af foreldrunum sem vissi til þess að þjónustumiðstöðin gæti aðstoðað við aðra hluti, t.d. við að finna heppilega tómstundaiðju fyrir börnin og sækja um Frístundakortið.

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda ótvírætt á nauðsyn þess að kynning á Frístundakorti ÍTR þurfi að ná til foreldra. Ekki nægir að láta börnin ein vita. Ennfremur er nauðsynlegt að einfalda skráningarferlið. Rannsóknin vekur upp spurningar um hvort ekki væri æskilegt að kynningin á Frístundakortinu væri hluti af kynningarþrógrammi á mismunandi tungumálum innan ramma skólans þar sem foreldrum væri boðið í spjall. Hér mætti jafnframt ræða um íslenska íþróttahefð og ríkjandi viðhorf til mikilvægis hollrar hreyfingar fyrir líkama og sál.

Aðild að Frístundakortinu og upplýsingar um kortið er mjög illa kynnt á vefsíðum langflestra aðildarfélaga. Æskilegt væri að ÍTR gerði tilkall til þess að öll aðildarfélög kynni kortið á heimasíðum sínum. Sökum tungumálaörðugleika er ekki

úr vegi að lógó ÍTR/mynd af Frístundakortinu sé á forsiðu aðildarfélaga ásamt skýringum á nokkrum tungumálum.

Það reyndist mjög mismunandi hvernig börnin sem tóku þátt í viðtalsrannsókninni hafa aðlagast nýju umhverfi. Samþættingin virðist fara eftir mörgu: umhverfi, persónuleika, dvalarlengd, fjölskylduaðstæðum. Börn sem hafa dvalið hér lengi virtust vera sjálfstæð, t.d. fóru eldri börnin ein í strætó. Öðru máli gegnir um yngstu börnin. Fyrir þau væri æskilegt að geta notað „íþróttastrætó“ sem færi á milli hverfa. Margir innflytjendur eru alls ekki vanir því að senda börn ein í strætó, þykir það hreinlega of hættulegt. Hér þyrfti líka að kynna strætóferðir fyrir foreldrum þannig að þau geti verið örugg um börnin meðan þau eru í vinnu. Nokkrir foreldrar töluðu um að hér væri öruggt að búa og voru ekki hræddir við að eldri börnin færu ferða sinna ein, en lögðu áherslu á að vita hvar börnin héldu sig.

Áberandi var að foreldrarnir unnu undantekningarlaust mjög langan vinnudag, allt að 50-60 klst. á viku, einkum heimilisfeðurnir. Margar konurnar höfðu verið heimavinnandi í heimalandinu eða í hlutastarfi. Þetta olli mjög miklum breytingum á högum fjölskyldnanna og uppvaxtarumhverfi barnanna og gaf foreldrum ekki mikið ráðrúm til þess að taka þátt í eða fylgjast með tómstundastarfi barna sinna. Ekkert af börnunum vann utan heimilis, þótt börn á grunnskólaaldri í Breiðholti vinni almennt mikið að sögn starfsfólks í frístundamiðstöðinni Miðbergi. Þau töldu vinnu barna í hverfinu koma niður á tómstundastarfi.

Flestir foreldranna töluðu um að í heimalandinu væri hefð fyrir því að frístundum væri eytt á heimilinu og almenningur, og þá sér í lagi börn, væri ekki í félagsstarfi. Flest barnanna eyddu frístundum heima hjá sér eða með vinum sínum við leiki inni eða úti. Nokkuð bar á að innflytjendabörn umgengjust mest önnur innflytjendabörn, líka börn sem voru af öðru þjóðerni en þau sjálf. Í fáeinum tilfellum höfðu börn orðið fyrir aðkasti vegna uppruna síns.

Tungumálaerfiðleika bar mjög oft á góma í viðtölum við foreldra. Margir fengu aðstoð stálpaðra barna sinna, ættingja, nágranna eða vina við að þýða ýmislegt fyrir sig. Börnin eru oftast betur sett en foreldrarnir með tungumálið, þótt algengt sé að þau komi til landsins nokkrum árum á eftir foreldrum sínum. Þó koma upp vandamál í skólanum eða á vettvangi íþróttar hjá börnum sem ekki tala málið vel. Þetta getur t.d. hindrað barn í þátttöku þótt barnið hafi áhuga á íþróttum.

Margir innflytjendur á Íslandi eru kaþólskir, einkum Pólverjar og Filippseyingar. Mörg barnanna stunduðu mikið barnastarf á vegum Maríukirkju, kaþólsku sóknarkirkjunnar í Breiðholti. Þátttaka innflytjendabarna í æskulýðsstarfi þjóðkirkjunnar í hverfinu var lítil, eða milli 7% og 12% af heildarfjölda.

Frístundamiðstöðvarnar virðast aðeins ná til þeirra innflytjendabarna sem hafa dvalist í mörg ár á Íslandi, tala málið vel og eru félagslega vel stödd. Samstarf við foreldra er lítið, kynningin fer fram í gegnum skólana og er þannig beint til barnanna. Nánast enginn af foreldrunum sem talað var við þekkti til frístundamiðstöðvanna. Hópastarf fyrir nýlega komin innflytjendabörn sem Miðberg stóð að s.l. vetur í samvinnu við skólana og Þjónustumiðstöð Breiðholts virðist lofa góðu sem leið til þess að leiða börnin inn í íslenskt samfélag og heilbrigða frístundastarfsemi. Foreldrar þeirra barna sem tóku þátt í hópastarfinu voru mjög jákvæðir gagnvart starfinu.

Rannsóknin leiddi í ljós að ekki er sjálfgefið að allir innflytjendur hafi sömu afstöðu til íþróttaiðkunar barna og almennt ríkir hér á landi. Huga þarf vel að því að kynning á starfsemi íþróttafélaga nái til foreldra og hvað þátttaka barnanna felur í sér.

Síðast en ekki síst benda niðurstöður rannsóknarinnar ótvírætt til þess að nauðsynlegt sé að efla samvinnu milli skólanna, ÍTR, íþróttafélaganna og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, m.a. hvað varðar samræmingu á upplýsingagjöf og kynningu á starfsemi. Mikilvægt er að þessar stofnanir séu meðvitaðar um starfsemi hver annarrar og vinni saman.

Ritaskrá

Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði: Vinnumálastofnun 19. okt. 2007.

Fundberg, Jesper (2003): *Etnisk mångfald och integration – visar idrotten vägen?* Riksidrottsförbundet, nóvember 2003.

<http://www.rf.se/files/%7BB04F9E91-A6BC-4FC7-A340-229FAD8FC208%7D.pdf>

Greinargerð og tillögur starfshóps um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti. Reykjavík, október 2006. <http://82.112.90.175/nybuar/greinargerð.pdf>

Handbók. Móttaka innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur. Reykjavíkurborg – Menntasvið, maí 2008

Hanna Ragnarsdóttir (2007): Börn og fjölskyldur í fjölmennningarlegu samfélagi og skólum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.): *Fjölmennning á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan

Hera Hallbera Björnsdóttir o.fl. (2003): *Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun íslenskra unglinga*. Rannsóknir meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla vorin 1997, 2000 og 2003. Rannsóknir og greining, unnið fyrir Menntamálaráðuneytið

Idrott och integration – En statistisk undersökning (2002). Riksidrottsförbundet, nóvember 2002. <http://www.rf.se/files/%7B56B08240-1FBA-482E-A191-FED8EA228128%7D.pdf>

Íþróttavæðum Ísland: Aukin þátttaka – breyttur lífsstíll. Skýrsla starfshóps um mótun íþróttastefnu – tillaga að íþróttastefnu Íslands. Menntamálaráðuneytið, janúar 2006

Knattspyrnusamband Íslands: *Goal!* Foreldrabæklingur, júní 2008

Krouwel, André, N. Boonstra, J.W. Duyvendak og L. Veldboer (2006): A Good Sport? Research into the Capacity of Recreational Sport to Integrate Dutch Minorities. *International Review for the Sociology of Sport* 41(2): 165-180

Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2007): *Ungt fólk 2007 – grunnskólanemar. Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk árið 2007*. Rannsóknir og greining

Meginstefna og starfsáherslur ÍTR 2005 – 2010.

<http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/utgefidefni/ITRstefna2005-2010.pdf>

Penninx, Rinus (2006): Integration processes of migrants: research findings and policy lessons. Í Demetrios G. Papademetriou (ritstj.): *Europe and Its Immigrants in the 21st Century – A New Deal Or A Dialogue of the Deaf?* Washington D.C: Migration Policy Institute MPI

Ragna Lára Jakobsdóttir (2007): Rannsóknir á Íslandi: Fjölmenningsarsamfélagið. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.): *Fjölmennning á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan

Reykjavík – fjölmennningarborg barna. Greinargerð vinnuhóps menntaráðs um málefni barna af erlendum uppruna í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Júní 2007.

http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/grunnskolar/stefnurogstefnumorkun/fjoelmennningarborg-2.pdf

Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson (1992): The Integrative and Physiological Effects of Sport Participation: A Study of Adolescents. *The Sociological Quarterly* 33(4): 637-647

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Félagsmálaráðuneytið, janúar 2007

Stodolska, Monika og K. Alexandris (2004): The Role of Recreational Sport in the Adaptation of First Generation Immigrants in the United States. *Journal of Leisure Research* 36(3): 379 – 413

Strandbu, Å. (2006): *Minoritetsungdomers møte med den norske idretten*. Fyrirlestur á lokaráðstefnu rannsóknarverkefnisins Idrett, samfunn og frivillig organisering, 10. maí 2007, Ibsenhuset, Skien

Strandbu, Åse (2004): *Idrettsdeltakelse blant unge jenter med innvandrerbakgrunn*.
<http://www.idrottsforum.org/articles/strandbu/strandbu.html>

Svandís Nína Jónsdóttir, Hera Hallbera Björnsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir (2001): *Börnin í borginni. Líðan og samskipti í skóla, félagsstarf og tómstundir og vímuefnaneysla: Könnun meðal nemenda í 5. – 10. bekk grunnskóla í Reykjavík vorið 2001*. Reykjavík: Rannsóknir og greining ehf.

Vefrit fjármálaráðuneytisins 22. maí 2008: www.fjarmalaraduneyti.is

Walseth, Kristin (2006): Sport and Belonging. *International Review of the Sociology of Sport* 41(3-4): 447-464

Walseth, Kristin (2004): *En problematisering av idretten som arena for integrasjon av etniske minoriteter*.
<http://www.idrottsforum.org/articles/walseth/walseth040127.pdf>

White Paper on Sport. COM(2007)391 final. Brussel: Commission of the European Communities., 11.07.2007. http://ec.europa.eu/sport/whitepaper/wp_on_sport_en.pdf

Þóroddur Bjarnason (2008): *Þáttaka grunnskólanema af íslenskum og erlendum uppruna*. Fyrirlestur á aðalfundi íþróttar-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa 2. maí 2008.

Þóroddur Bjarnason (2007): *Félagsleg þáttaka íslenskra grunnskólabarna af erlendum uppruna*. Fyrirlestur á fræðslufundi Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri 23.1.2007.

Þóroddur Bjarnason, Stefán Hrafn Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmtýsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson (2006): *Heilsa og lífskjör skólanema 2006. Landshlutaskýrsla*. Háskólinn á Akureyri og Lýðheilsustöð.

Þórólfur Þórlindsson og Rúnar Vilhjálmsson (1992): The Integrative and Physiological Effects of Sport Participation: A Study of Adolescents. *The Sociological Quarterly* 33(4): 637-647

Þórólfur Þórlindsson, Gunnar Valgeirsson og Rúnar Vilhjálmsson (1990): Sport Participation and Perceived Health Status: A Study of Adolescents. *Social Science & Medicine* 31(5): 551-556



ISBN 978-9979-9872-0-8



9 789979 987208

